- 3 Pikkaðu á kveikja/slökkva-takkann til að kveikja á Wi-Fi eiginleikanum. Öll tiltæk Wi-Fi® net birtast.
- 4 Pikkaðu á Wi-Fi® net til að tengjast því. Sláðu inn lykilorð fyrir læst net. Stöðustikunni þegar þú hefur tengst.
- Til að leita að nýjum tiltækum netkerfum pikkarðu á og síðan á Uppfæra. Ef þú getur ekki tengst Wi-Fi neti skaltu skoða viðkomandi ábendingar fyrir tækið þitt á www.sonymobile.com/support/.

#### Wi-Fi® neti bætt við handvirkt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Wi-Fi.
- 3 Pikkaðu á > Bæta við neti.
- 4 Færðu inn Heiti netkerfis (SSID) upplýsingarnar.
- 5 Til að velja gerð öryggis pikkarðu á Öryggi.
- 6 Sláðu inn lykilorð ef beðið er um það.
- 7 Til að breyta ítarlegri stillingum á borð við proxy- og IP-stillingar merkirðu við gátreitinn **Ítarlegri valkostir** og gerir þær breytingar sem þarf.
- 8 Pikkaðu á Vista.
- Hafðu samband við Wi-Fi® netkerfisstjórann til að fá SSID netkerfis og lykilorð.

#### Wi-Fi® stillingar

Þegar tengst er við Wi-Fi® netkerfi eða þegar eru Wi-Fi® netkerfi tiltæk í nágrenninu er hægt að sjá stöðu þessara netkerfa. Þú getur einnig látið tækið þitt tilkynna þér þegar það finnur opin Wi-Fi® netkerfi.

Ef þú hefur ekki tengst við Wi-Fi<sup>®</sup> netkerfi notar tækið þitt gagnatengingu til að fá aðgang að internetinu (ef þú hefur sett upp og gert gagnatengingu virka í tækinu þínu). Með því að bæta við biðstöðu á Wi-Fi<sup>®</sup> geturðu tilgreint hvenær á að skipta úr Wi-Fi<sup>®</sup> yfir í gagnatengingu.

#### Til að kveikja á tilkynningum fyrir Wi-Fi® net

- 1 Kveiktu á Wi-Fi®, ef ekki er þegar kveikt á því.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 3 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Wi-Fi**.
- 4 Pikkaðu á  **> Ítarlegt**.
- 5 Dragðu sleðann við hliðina á Kerfistilkynning til hægri.

#### Til að skoða ítarlegar upplýsingar um tengt Wi-Fi® net

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Wi-Fi.
- 3 Pikkaðu á Wi-Fi® netið sem þú ert tengd/ur við sem stendur. Ítarlegar netupplýsingar birtast.

#### Til að bæta við Wi-Fi® svefnreglu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Wi-Fi.
- 3 Pikkaðu á og svo Nánari upplýsingar > Hafa kveikt á Wi-Fi í svefni.
- 4 Veldu valkost.

#### **WPS**

WPS (Wi-Fi® Protected Setup) is a wireless networking standard that helps you establish secure wireless network connections. If you have little background knowledge of wireless security, WPS makes it easy for you to set up Wi-Fi Protected Access (WPA) encryption to secure your network. You can also add new devices to an existing network without entering long passwords.

Use one of these methods to enable WPS:

- Push button method simply push a button on a WPS-supported device, for example, a router.
- PIN method your device creates a random PIN (Personal Identification Number), which you enter on the WPS-supported device.

#### To connect to a Wi-Fi® network using a WPS button

- 1 From your Heimaskjár, tap 🕮.
- 2 Find and tap Stillingar > Wi-Fi.
- 3 Turn on Wi-Fi® if it is not already on.
- 4 Tap > Nánari upplýsingar > WPS takkavöktun, then press the WPS button on the WPS-supported device.

#### To connect to a Wi-Fi® network using a WPS PIN

- 1 From your Heimaskjár, tap 👜.
- 2 Find and tap **Stillingar** > **Wi-Fi**.
- 3 Turn on Wi-Fi® if it is not already on.
- 4 Tap: > Nánari upplýsingar > WPS-opnun með PIN-númeri.
- 5 On the WPS-supported device, enter the PIN that appears on your device.

# Gagnatengingu deilt

Þú getur deilt gagnatengingunni með öðrum tækjum á nokkra vegu:

- USB-tjóðrun gagnatengingunni deilt með einni tölvu um USB-snúru.
- Bluetooth® tjóðrun gagnatengingunni deilt með allt að fimm tækjum um Bluetooth®.
- Færanlegur Wi-Fi® heitur reitur gagnatengingunni deilt samtímis með allt að 8 öðrum tækjum, þ. á m. tækjum sem styðja við WPS-tækni.

#### Gagnatengingu deilt með USB-snúru

- 1 Slökktu á öllum USB-tengingum við tækið.
- 2 Notaðu USB-snúruna sem fylgdi tækinu til að tengja tækið við tölvu.
- 3 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎟.
- 4 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Tjóðrun og færanlegur heitur reitur.
- 6 Til að hætta að deila gagnatengingu dregurðu sleðann við hliðina á USB tjóðrun til vinstri eða tekur USB-snúruna úr sambandi.
- Pú getur ekki deilt gagnatengingu tækisins og SD-korti yfir USB-snúru samtímis.

#### Gagnatengingu tækisins deilt með öðru Bluetooth® tæki

- 1 Gakktu úr skugga um að tækið þitt og Bluetooth® tækið séu pöruð og að opið sé fyrir farsímagagnaumferð í tækinu.
- 2 Ťækið þitt: Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Tjóðrun og færanlegur heitur reitur og dragðu svo sleðann við hliðina á Bluetooth tjóðrun til hægri.
- 4 Bluetooth® tæki: Stilltu tækið þannig að það tengist við net með Bluetooth®. Ef tækið er tölva skal fylgja þar að lútandi leiðbeiningum til að ljúka uppsetningunni. Ef tækið er með Android™ stýrikerfi skaltu pikka á stillingatáknið við hliðina á heiti tækisins sem það er parað við undir Stillingar > Bluetooth > Pöruð tæki og merkja svo við Netaðgangur gátreitinn.
- 5 Tækið þitt: Bíddu eftir að stöðustikunni. Þegar það birtist er uppsetningunni lokið.
- 6 Til að hætta að deila farsímagagnatengingu dregurðu sleðann við hliðina á Bluetooth tjóðrun til vinstri.
- Slökkt er á **Bluetooth tjóðrun** virkninni í hvert sinn sem þú slekkur á tækinu eða slekkur á Bluetooth® virkninni.
- Frekari upplýsingar um pörun og virkjun gagnaflutninga má finna hér: Tækið parað við annað Bluetooth® tæki á síðu 110 og VPN-neti (virtual private network) bætt við á síðu 35.

#### Tækið notað sem færanlegur Wi-Fi® heitur reitur

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Tjóðrun og færanlegur heitur reitur.
- 3 Pikkaðu á Stillingar heits Wi-Fi reits > Stilla heitan Wi-Fi reit.
- 4 Færðu inn Heiti netkerfis (SSID) upplýsingarnar.
- 5 Til að velja gerð öryggis pikkarðu á Öryggi. Sláðu inn lykilorð ef beðið er um það.
- 6 Pikkaðu á Vista.
- 7 Pikkaðu á < og dragðu sleðann við hliðina á Wi-Fi heitur reitur til hægri.
- 8 Sé beðið um það skaltu pikka á Í lagi til staðfestingar. Se birtist á stöðustikunni þegar færanlegi Wi-Fi® heiti reiturinn er virkur.
- 9 Til að hætta að deila gagnatengingu í gegnum Wi-Fi® dregurðu sleðann við hliðina á Wi-Fi heitur reitur til vinstri.

#### Tæki með WPS-stuðning leyft að deila gagnatengingunni þinni

- 1 Gættu þess að tækið sé stillt þannig að það sé færanlegur Wi-Fi® heitur reitur.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Tjóðrun og færanlegur heitur reitur > Stillingar heits Wi-Fi reits.
- 4 Dragðu sleðann við hliðina á Finnanlegt til hægri.
- 5 Í **Stilla heitan Wi-Fi reit** skal ganga úr skugga um að færanlegi heiti reiturinn sé varinn með lykilorði.
- 6 Pikkaðu á WPS takkavöktun og fylgdu leiðbeiningunum. Einnig má pikka á > WPS-opnun með PIN-númeri og slá inn PIN-númerið sem birtist á WPS-tækinu.

#### Til að breyta heiti eða tryggja heita reitinn

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Tjóðrun og færanlegur heitur reitur.
- 3 Pikkaðu á Stillingar heits Wi-Fi reits > Stilla heitan Wi-Fi reit.
- 4 Sláðu inn Heiti netkerfis (SSID) fyrir símkerfið.
- 5 Til að velja gerð öryggis pikkarðu á Öryggi reit.
- 6 Sláðu inn lykilnúmer ef beðið er um það.
- 7 Pikkaðu á Vista.

### Stýra gagnanotkun

Þú getur fylgst með magni gagna sem er flutt í eða úr tækinu þínu yfir farsímagögn eða Wi-Fi® tengingu yfir gefið tímabil. T.d. getur þú skoðað magn gagna sem er notað af sérhverju forriti. Þú getur einnig stillt viðvörun gagnanotkunar og takmörkun til þess að forðast aukagjald fyrir flutning gagna í gegnum farsímagagnatenginguna.

Stilling gagnanotkunarstillinga getur hjálpað þér að hafa meiri stjórn á gagnanotkun en getur ekki komið í veg fyrir aukagjald.

#### Til að kveikja eða slökkva á gagnaumferð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Gagnanotkun.
- 3 Veldu SIM-kortið sem þú notar fyrir gagnaumferð.
- 4 Dragðu sleðann til hliðar Farsímagagnaumferð til að kveikja eða slökkva á gagnaumverð.
- Þegar slökkt er á gagnaumferð getur tækið samt komið á Wi-Fi®, NFC og Bluetooth® tengingum.

#### Viðvörun um gagnanotkun stillt

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á farsímagagnaumferð.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Gagnanotkun.
- 4 Veldu SIM-kort.
- 5 Til að stilla viðvörunarstigið dregurðu viðvörunarlínuna á valið gildi. Þú færð viðvörunartilkynningu þegar magn gagnaumferðar nálgast stigið sem þú hefur stillt.

#### Takmörk sett á notkun farsímagagna

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á farsímagagnaumferð.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Gagnanotkun.
- 4 Veldu SIM-kort.
- 5 Dragðu sleðann upp að Velja mörk farsímagagna til hægri og pikkaðu á Í lagi.
- 6 Dragðu gagnatakmörkunarlínuna á valið gildi til að stilla takmörk farsímagagnanotkunar.
- Pegar farsímagagnanotkun nær stilltu takmarki er sjálfkrafa slökkt á henni.

#### Gagnanotkun sérstakra forrita stýrt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Gagnanotkun.
- 3 Pikkaðu á forritið sem þú vilt stýra og dragðu svo sleðinn upp að Takmarka bakgrunnsuppl. forrits til hægri og pikkaðu á Í lagi.
- 4 Til að fá aðgang að sérstakari stillingum fyrir forritið (ef þær eru til staðar) pikkarðu á Forritsstillingar og gerir viðeigandi breytingar.
- 👻 Ef þú breytir stillingum fyrir gagnanotkun getur það haft áhrif á vinnslu einstakra forrita.

#### Gagnanotkun könnuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Gagnanotkun.
- 3 Pikkaðu á og svo á Sýna Wi-Fi.
- 4 Til að skoða upplýsingar um gagnamagn sem flutt er um WI-Fi<sup>®</sup>, pikkaðu á Wi-Fi flipann.
- 5 Til að skoða upplýsingar um gagnamagn sem flutt er um gagnatengingu farsíma, pikkaðu á **SIM1** flipann eða **SIM2** flipann.

# SIM-kortið valið fyrir gagnaumferð

Annað af tveimur SIM-kortum í tækinu getur stjórna gagnaumferð, en aðeins er hægt að velja eitt SIM-kort til að stjórna gögnum í hvert sinn. Þú getur valið SIM-kortið til að nota fyrir gagnaumferð þegar tækið er stillt upp í byrjun eða þú getur valið það seinna í gegnum stillingarvalmyndina.

Til að breyta SIM-korti sem er notað fyrir gagnaumferð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Tvöfaldar SIM still. > SIM fyrir gagnaumferð.
- 3 Veldu SIM-kortið sem þú vilt nota fyrir gagnaumferð og pikkaðu á Í lagi til að staðfesta.
- 👻 🛛 Til að fá hærri gagnahraða skaltu velja SIM-kortið sem styður hraðasta farsímakerfið, t.d. 3G.

### Farsímakerfi valin

Tækið þitt styður notkun tveggja mismunandi símkerfa á sama tíma. Þú getur valið úr eftirfarandi stillingarsamsetningum símkerfa þegar tvö SIM-kort eru sett í tækið þitt:

- Eitt WCDMA símkerfi og eitt GSM símkerfi
- Tvö GSM símkerfi

Fyrir hvert SIM-kort getur þú stillt tækið sjálfkrafa á milli farsímakerfa sem fer eftir hvaða farsímakerfi er í boði þar sem þú ert. Þú getur líka stillt tækið handvirkt til að fá aðgang að tiltekinni farsímakerfisgerð fyrir hvert SIM-kort, til dæmis , WCDMA eða GSM.

Mismunandi stöðutákn birtast á stöðustikunni eftir því hvers konar kerfi þú tengist. Sjá *Stöðutákn* á bls. 24 til að sjá hvernig mismunandi stöðutákn líta út.

Símkerfisstilling valin

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Farsímakerfi.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Valin tegund netkerfis og veldu síðan netkerfisstillingu.

#### Annað símkerfi valið handvirkt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Farsímakerfi.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á **Símafyrirtæki**.
- 5 Pikkaðu á Leitarstilling og veldu svo Handvirkt.
- 6 Veldu símkerfi.
- Ef símkerfi er valið handvirkt leitar síminn ekki að öðrum símkerfum, jafnvel þó að tækið lendi utan þjónustusvæðis í símkerfinu sem var valið.

#### Kveikt á sjálfvirku vali á símkerfi

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📖
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Farsímakerfi.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Símafyrirtæki.
- 5 Pikkaðu á Leitarstilling og veldu svo Sjálfvirkt.

# VPN-net

Tengstu VPN-neti með símanum og þú færð aðgang að aðföngum innan öruggs staðarnetkerfis fyrir utan hið eiginlega netkerfi. Til dæmis eru VPN-tengingar vanalega notaðar af fyrirtækjum og menntastofnunum fyrir notendur sem þurfa aðgang að interneti og öðrum innri þjónustum þegar þeir eru staddir utan innra netkerfisins, til dæmis á ferðalögum.

Hægt er að setja upp VPN-tengingar á ýmsa vegu, en það fer eftir netkerfi hverju sinni. Sum netkerfi krefjast þess að þú flytjir og setjir upp öryggisauðkenni í símanum þínum. Til að fá frekari upplýsingar um hvernig setja á upp tengingu við VPN-netið þitt skaltu hafa samband við umsjónaraðila netkerfisins í fyrirtækinu eða samtökunum þínum.

#### VPN-neti (virtual private network) bætt við

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > VPN.
- 3 Pikkaðu á **∔**.
- 4 Veldu gerð VPN-nets sem bæta á við.
- 5 Sláðu inn VPN-stillingar þínar.
- 6 Pikkaðu á Vista.

#### Til að tengjast við VPN-net (virtual private network)

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > VPN.
- 3 Pikkaðu á VPN-netið sem þú vilt tengjast við á lista yfir tiltæk net.
- 4 Sláðu inn umbeðnar upplýsingar.
- 5 Pikkaðu á Tengjast.

#### Til að aftengjast VPN-neti (sýndareinkaneti)

- 1 Dragðu stöðustikuna niður á við.
- 2 Til að slökkva á VPN-tengingunni pikkarðu á tilkynninguna um hana.

# Samstilling gagna í tækinu

# Samstilling við netreikninga

Samstilltu tækið við tengiliði, tölvupóst, dagbókarviðburði og aðrar upplýsingar af netreikningum, t.d. tölvupóstreikningum á borð við Gmail<sup>™</sup> og Exchange ActiveSync, Facebook<sup>™</sup>, Flickr<sup>™</sup> og Twitter<sup>™</sup>. Þú getur samstillt gögn slíkra reikninga sjálfkrafa með því að virkja sjálfvirka samstillingu. Eða þú getur samstillt hvern reikning handvirkt.

Netreikningur til samstillingar settur upp

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Pikkaðu á Stillingar > Reikningar > Bæta við reikningi og veldu reikninginn sem þú vilt bæta við.
- Fylgdu leiðbeiningunum til að búa til reikning eða skrá þig inn ef þú ert þegar með reikning.

#### Samstillt handvirkt við netreikning

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 😄 > Stillingar > Reikningar.
- 2 Undir **Reikningar** velurðu tegund reikningsins og pikkar svo á heiti reikningsins sem þú vilt samstilla við. Listi birtist yfir atriði sem hægt er að samstilla við reikninginn.
- 3 Pikkaðu á þau atriði sem þú vilt samstilla.

#### Netreikningur fjarlægður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 😄 > Stillingar > Reikningar.
- 2 Veldu tegund reiknings undir **Reikningar** og pikkaðu svo á heiti reikningsins sem þú vilt fjarlægja.
- 3 Pikkaðu á og svo á Fjarlægja reikning.
- 4 Pikkaðu aftur á Fjarlægja reikning til að staðfesta.

# Samstilling við Microsoft® Exchange ActiveSync®

Ef fyrirtækið þitt notar Microsoft Exchange ActiveSync-reikning getur þú opnað vinnupóstinn þinn, dagbókarstefnumót og tengiliði í tækinu þínu. Eftir uppsetningu getur þú fundið upplýsingar í **Tölvupóstur**, **Dagbók** og **Tengiliðir** forritunum.

#### EAS-reikningur til samstillingar settur upp

- 1 Gættu þess að hafa upplýsingar um lén og þjón (frá kerfisstjóra fyrirtækisins) við höndina.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 3 Pikkaðu á Stillingar > Reikningar > Bæta við reikningi > Exchange ActiveSync.
- 4 Sláðu inn fyrirtækisnetfangið þitt og lykilorð.
- 5 Pikkaðu á Næsta. Tækið byrjar að sækja upplýsingar um pósthólfið. Ef ferlið rofnar skaltu slá upplýsingar um lénið og netþjóninn handvirkt inn og pikka svo á Næsta.
- 6 Pikkaðu á Í lagi til að leyfa netþjóni fyrirtækisins að stjórna tækinu.
- 7 Veldu hvaða gögn þú vilt samstilla við tækið þitt, s.s. tengiliði og dagbókarfærslur.
- 8 Ef þú vilt geturðu virkjað tækisstjóra til að gera fyrirtækisþjóninum kleift að stjórna tilteknum öryggiseiginleikum tækisins. Til dæmis geturðu leyft fyrirtækisþjóninum að stilla lykilorðareglur og stilla dulkóðun geymslu.
- 9 Þegar uppsetningunni er lokið skaltu slá inn heiti á fyrirtækisreikningnum.
- Þegar þú breytir innskráningarlykilorði EAS-reiknings í tölvunni þarftu að skrá þig aftur inn á EAS-reikninginn í tækinu.

#### Stillingum EAS-reiknings breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Pikkaðu á Tölvupóstur og svo á :
- 3 Pikkaðu á Stillingar og veldu EAS-reikning og breyttu svo stillingum hans eftir börfum.
#### Tíðni samstillinga fyrir EAS-reikning stillt

- Á Heimaskjár pikkarðu á ⊕.
   Pikkaðu á Tölvupóstur og síðan á .
- 3 Pikkaðu á **Stillingar** og veldu EAS-reikning.
- 4 Pikkaðu á Athugunartíðni > Athugunartíðni og veldu tíðni.

#### EAS-reikningur fjarlægður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 > Stillingar > Reikningar.
- 2 Pikkaðu á Reikningarundir Exchange ActiveSync og veldu svo þann EAS-reikning sem þú vilt fjarlægja.
   Pikkaðu á sog svo á Fjarlægja reikning.
   Pikkaðu aftur á Fjarlægja reikning til að staðfesta.

# Grunnstillingar

## Aðgengisstillingar

Skoðaðu og breyttu stillingum tækisins úr stillingavalmyndinni. Stillingavalmyndin er aðgengileg frá bæði forritaskjánum og flýtistillingunum.

Stillingavalmynd tækisins opnuð frá forritaskjánum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Pikkaðu á **Stillingar**.

Upplýsingar um tækið skoðaðar

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann.

Flýtistillingaskjárinn opnaður

Dragðu stöðustikuna niður með tveimur fingrum.

Stillingar valdar til birtingar á flýtistillingaskjánum

- 1 Dragðu stöðustikuna niður með tveimur fingrum og pikkaðu svo á 🧟
- 2 Á stikunni efst á skjánum snertir þú og heldur inni tákninu fyrir flýtistillinguna sem þú vilt bæta við, færir það á neðri hluta skjásins og sleppir því þar.

#### Flýtistillingaskjárinn endurskipulagður

- 1 Dragðu stöðustikuna niður með tveimur fingrum og pikkaðu svo á 🔬
- 2 Haltu inni tákni og færðu það síðan í viðeigandi stöðu.

## Hljóð, hringitónn og hljóðstyrkur

Hægt er að stilla hljóðstyrk hringingar fyrir símtöl og tilkynningar sem og fyrir tónlist og myndskeið. Þú getur kveikt á stillingunni Ekki trufla og ákveðið handvirkt hve lengi verður kveikt á henni. Þú getur einnig forstillt hvenær kvikna skal sjálfkrafa á stillingunni Ekki trufla.

#### Til að stilla hljóðstyrk hringingar með hljóðstyrkstakkanum

Ýttu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður.

#### Hljóðstyrkur spilarans stilltur með hljóðstyrkstakkanum

 Ýttu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður þegar verið er að spila tónlist eða horfa á myndskeið, jafnvel þegar skjárinn er læstur.

#### Kveikt á titrara

Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður eða upp þar til "
 um" birtist.

#### Kveikt á stillingunni Ekki trufla

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🚫 birtist.
- 2 Veldu tímabil.

#### Skipt hratt á milli stillinganna Ekki trufla/Titra/hljóð

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður eða upp þar til 🚫, ᡙ eða 🏚 birtist.
- 2 Pikkaðu á O, IIII eða ▲ til að skipta hratt á milli skiptinganna Ekki trufla/Titra/Hljóð.

#### Valkostir stillingarinnar Ekki trufla

Enginn lokatími Hafðu tækið hljóðlaust þar til þú kveikir handvirkt á hljóðinu aftur.

feina klukkustund Hafðu tækið hljóðlaust í eina klukkustund. Þú getur pikkað á mínus og plús táknin til að stilla tímalengdina.

#### Tímabil stillt í stillingunni Ekki trufla

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🛇 birtist.
- Pikkaðu á 🏚.
- 3 Finndu og pikkaðu á Dagar og hakaðu í gátreitina fyrir viðeigandi daga og pikkaðu svo á Lokið.
- 4 Til að stilla upphafstíma pikkarðu á Upphafstími og velur gildi og pikkar svo á Í lagi.
- 5 Til að stilla lokatíma pikkarðu á **Lokatími** og velur gildi og pikkar svo á **Í lagi**. Tækið verður í stillingunni Ekki trufla á völdu tímabili.

#### Undatntekningar á stillingunni Ekki trufla

Hægt er að velja hvaða tegundir tilkynninga mega hljóma þegar kveikt er á stillingunni Ekki trufla og hægt er að sía undantekningar eftir því hvaðan tilkynningarnar koma. Meðal algengustu undantekninganna eru:

- Viðburðir og áminningar
- Símtöl
- Skilaboð
- Vekjarar

#### Undantekningum leyft að hljóma í stillingunni Ekki trufla

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🚫 birtist.
- 2 Dragðu sleðann við hliðina á Leyfa undantekningar til hægri.

#### Tilkynningar stilltar sem undantekningar í stillingunni Ekki trufla

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🛇 birtist.
- Pikkaðu á 🏚.
- 3 Undir Undantekningar frá stillingunni Ekki trufla dregurðu viðkomandi sleða til hægri.

#### Undantekningar tengdar við sérstakar tegundir tengiliða

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🛇 birtist.
- 2 Pikkaðu á 🏚.
- 3 Finndu og pikkaðu á Símtöl/skilaboð frá.
- 4 Veldu valkost.

#### Vekjara leyft að hljóma í stillingunni Ekki trufla

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🚫 birtist.
- 2 Dragðu sleðann við hliðina á Leyfa vekjara til hægri.

#### Undantekningum leyft að hljóma á forstilltu tímabili í stillingunni Ekki trufla

- 1 Ýttu hljóðstyrkstakkanum niður þar til 🛇 birtist.
- 2 Pikkaðu á 🏚.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Undantekningar til hægri.

#### Hljóðstyrkur stilltur

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning.
- 3 Dragðu hljóðstyrkssleðann á æskilegan stað.
- Pú getur einnig ýtt hljóðstyrkstakkanum upp eða niður og svo pikkað á z til að stilla hringitón, spilara eða hljóðstyrk vekjara sérstaklega.

#### Tækið látið titra þegar hringt er

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Titra líka fyrir símtöl til hægri.

#### Hringitónn valinn

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Hringitónn síma.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Veldu valkost úr listanum eða pikkaðu á ₽ og veldu tónlistarskrá í tækinu þínu.
- 5 Til að staðfesta pikkarðu á Lokið.

#### Tilkynningarhljóð valið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Tilkynningarhljóð.
- 3 Veldu valkost úr listanum eða pikkaðu á 🗗 og veldu tónlistarskrá í tækinu þínu.
- 4 Til að staðfesta pikkarðu á Lokið.
- 👻 Sum forrit hafa eigin tilkynningarhljóð sem þú getur valið í stillingum viðkomandi forrits.

#### Til að kveikja á snertitónum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Önnur hljóð.
- 3 Dragðu sleðana upp að Tónar á takkaborði og Snertihljóð til hægri.

## SIM-kortavörn

Þú getur læst og opnað hvert SIM-kort sem þú notar í tækinu þínu með PIN-númeri (Personal Identity Number). Þegar SIM-korti er læst er áskriftin sem tengist kortinu varin gagnvart misnotkun, sem þýðir að þú verður að slá inn PIN-númer í hvert sinn sem kveikt er á tækinu.

Ef þú slærð PIN-númerið þitt rangt inn oftar en hámarksfjöldi leyfðra tilrauna segir til um læsist SIM-kortið. Þá þarftu að slá inn PUK-númerið þitt og síðan nýtt PIN-númer. Þú færð PIN- og PUK-númerin hjá símafyrirtækinu.

#### Lás SIM-korts settur upp

- 1 Af heimaskjánum pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Setja upp SIM-kortslás.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Merktu við gátreitinn Læsa SIM-korti.
- 5 Sláðu inn PIN-númer SIM-kortsins og pikkaðu á Í lagi. Lás SIM-korts er virkur núna og biður þig um að slá inn þessum lás í hvert sinn sem þú endurræsir tækið.

#### Lás SIM-korts fjarlægður

- 1 Af heimaskjánum pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Setja upp SIM-kortslás.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Afmerktu gátreitinn Læsa SIM-korti.
- 5 Sláðu inn PIN-númer SIM-kortsins og pikkaðu á Í lagi.

#### Til að breyta PIN-númeri SIM-kortsins

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🖽 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Setja upp SIM-kortslás.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Breyta PIN-númeri SIM.
- 5 Sláðu inn gamla PIN-númer SIM-kortsins og bankaðu á Í lagi.
- 6 Sláðu inn nýtt PIN-númer SIM-kortsins og bankaðu á Í lagi.
- 7 Sláðu aftur inn nýtt PIN-númer SIM-kortsins og bankaðu á Í lagi.

#### Læst SIM-kort opnað með PUK-númeri

- 1 Sláðu inn PUK-númerið og pikkaðu á √.

- Ef þú slærð inn rangt PUK-númer of oft þarftu að hafa samband við símafyrirtækið til að fá nýtt SIM-kort.

## Mörg SIM-kort notuð

Tækið þitt vinnur með einu eða tveimur SIM-kortum sem eru sett í. Þú færð komandi samskipti við bæði SIM-kortin og getur valið frá hvaða númeri sem þú vilt setja sem fráfarandi samskipti. Áður en þú getur notað bæði SIM-kortin, þarftu að kveikja á þeim og velja SIM-kortið fyrir gagnaumferð.

Hægt er að framsenda símtöl sem koma inn á SIM-kort 1 yfir í SIM-kort 2 þegar næst ekki í SIM-kort 1 og öfugt. Þessi valkostur er kallaður tvöfaldur SIM-náanleiki. Þú verður að kveikja á honum handvirkt. See *Flutningur símtala* á síðu 58.

#### Virkja eða gera óvirka notkun tvöfaldra SIM-korta

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Tvöfaldar SIM still.
- 3 Dragðu sleðana upp að SIM1 og SIM2 til hægri eða vinstri.

#### Breyta heiti á SIM-korti

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Tvöfaldar SIM still.
- 3 Veldu SIM-kort og sláðu nýja heitið inn.
- 4 Pikkaðu á Í lagi.

#### SIM-kort fyrir gagnaumferð valið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Tvöfaldar SIM still. > SIM fyrir gagnaumferð.
- 3 Veldu SIM-kortið sem þú vilt nota fyrir gagnaumferð og pikkaðu á Í lagi.
- 👻 🛛 Til að auka gagnahraða skaltu velja SIM-kortið sem styður hraðasta farsímakerfið, t.d. 3G.

## Skjástillingar

#### Birtustig skjásins stillt

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 🌚 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Skjár > Birtustig.
- 3 Dragõu sleõann til aõ stilla birtustigiõ.
- Með því að minnka birtustigið sparast rafhlaðan.

#### Skjárinn stilltur svo hann titri við snertingu

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Önnur hljóð.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Titra við snertingu til hægri. Nú titrar skjárinn þegar þú pikkar á valtakka og viss forrit.

#### Til að stilla biðtímann áður en slokknar á skjánum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Skjár > Orkusparnaður.
- 3 Veldu valkost.
- 👻 🛛 Til að slökkva á skjánum á skjótan hátt ýtirðu í stutta stund á rofann ().

## Skjáfesting

Þú notar skjáfestingu til að stilla tækið þannig að aðeins skjár tiltekins forrits birtist á skjánum. Ef þú ert til dæmis að spila leik og kemur óvart við heimatakkann kemur skjáfestingin í veg fyrir að glugginn með leikjaforritinu minnki. Einnig er hægt að nota þennan eiginleika ef þú lánar öðrum tækið þitt svo viðkomandi eigi erfiðara með að opna meira en eitt forrit. Til dæmis er hægt að festa myndavélarforritið á skjáinn þegar þú lánar einhverjum tækið til að taka mynd svo viðkomandi geti ekki með góðu móti notað önnur forrit eins og tölvupóstsforritið.

Skjáfesting er ekki öryggiseiginleiki og kemur ekki að fullu í veg fyrir að aðrir notendur opni skjáinn og fái aðgang að tækinu. Til að vernda gögnin þín ættir þú að stilla tækið þannig að það biðji um PIN-númer, lykilorð eða munstur áður en hægt er að opna skjáinn.

#### Kveikt á skjáfestingu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Skjáfesting.
- 3 Dragðu sleðann til hægri.
- 4 Ef þú hefur ekki sett upp mynstur, PIN-númer eða lykilorð fyrir skjálás á tækinu, dragðu þá sleðann við hliðina á Læsa tækinu við losun til hægri og veldu svo valkost. Ef þú hefur þegar virkjað skjálás dragðu þá sleðann til að virkja viðeigandi öryggisvalkost eftir að þú hefur kveikt á skjáfestingu.
- Ekki er nauðsynlegt að hafa mynstur, PIN-númer eða lykilorð til að skjáfesting virki.

#### Skjár festur

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á skjáfestingu í tækinu.
- 2 Opnaðu forrit og skjáinn sem þú vilt festa.
- 3 Pikkaðu á ].
- 4 Til að birta skjáfestingartáknið 💽, strjúktu upp.
- 5 Pikkaðu á 🕕
- 6 Pikkaðu á Náði því í sprettiglugganum sem birtist.

#### Skjár losaður

- 1 Á festa skjánum styðurðu við □ og < samtímis.
- 2 Slepptu báðum hnöppum.
- Ef þú valdir öryggisvalkost þegar þú festir skjáinn verður þú að slá inn mynstrið þitt, PINnúmer eða aðgangsorð til að aflæsa tækinu áður en hægt er að losa skjáinn.

## Daydream

Daydream er gagnvirkur skjávari sem sýnir sjálfkrafa liti, myndir eða skyggnusýningu þegar tækið er í dokku eða hleðslu og skjárinn er í biðstöðu.

#### Daydream-skjávarinn virkjaður

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 📾 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Skjár > Dagdraumur.
- 3 Dragðu sleðann til hægri.

#### Efni valið fyrir Daydream-skjávarann

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 🌐 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Skjár > Dagdraumur.
- 3 Dragðu sleðann til hægri.
- 4 Veldu það sem þú vilt sýna þegar skjávarinn er í gangi.

#### Stillt hvenær Daydream-skjávarinn fer af stað

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 🌐 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Skjár > Dagdraumur.
- 3 Dragðu sleðann til hægri.
- 4 Til að virkja Daydream-skjávarann strax pikkarðu á sog svo á Byrja núna.
- 5 Til að stilla valkosti sjálfvirkrar virkjunar pikkarðu á og svo á Hvenær á að dagdreyma og velur valkost.

## Skjálás

Nokkrar leiðir eru til að læsa skjánum. Læsingarnar eru taldar upp hér fyrir neðan í hækkandi röð eftir öryggi:

- Strjúka engin vörn en þú hefur greiðan aðgang að heimaskjánum
- Mynstur teiknaðu einfalt mynstur með fingrinum til að opna tækið
- PIN-númer sláðu inn PIN-númer sem er a.m.k. fjórar tölur til að opna tækið
- Lykilorð sláðu inn lykilorð sem samanstendur af bókstöfum og tölustöfum til að opna tækið
- Það er afar mikilvægt að þú leggir opnunarmynstrið, PIN-númerið eða lykilorðið á minnið Ef þú gleymir þessum upplýsingum er ekki víst að hægt sé að endurheimta mikilvæg gögn, til dæmis tengiliði og skilaboð.
- Ef þú hefur sett Microsoft® Exchange ActiveSync® (EAS) reikning upp í Xperia<sup>™</sup> tækinu getur verið að EAS öryggisstilling takmarki tegund lásskjás aðeins í PIN-númer eða lykilorð. Þetta kemur fyrir þegar stjórnandi símkerfisins tilgreinir ákveðna lásskjá fyrir alla EAS reikninga vegna öryggisástæðna. Hafðu samband við umsjónaraðila símkerfisins í fyrirtækinu eða samtökunum þínum til að athuga hvað netöryggisstefnur eru gerðar fyrir farsíma.

#### Tegund skjáláss breytt

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 🌚 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Skjálás.
- 3 Fylgdu leiðbeiningunum og veldu aðra tegund af skjálás.

#### Læsingarmynstur skjás búið til

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 🌐 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Skjálás > Mynstur.
- 3 Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu.
- Ef læsingarmynstrinu sem þú teiknar á skjáinn er hafnað fimm sinnum í röð þegar þú reynir að taka tækið úr lás þarftu að bíða í 30 sekúndur og reyna svo aftur.

#### Læsingarmynstri skjás breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar> Öryggi > Skjálás.
- 3 Teiknaðu opnunarmynstur skjásins.
- 4 Pikkaðu á Mynstur og fylgdu leiðbeiningunum.

#### PIN-númer til að læsa skjá búið til

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Skjálás > PIN-númer.
- 3 Sláðu inn PIN-númerið og pikkaðu á Halda áfram.
- 4 Endurtaktu og staðfestu PIN-númerið og pikkaðu svo á Í lagi.
- 5 Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu.

#### Til að búa til lykilorð fyrir skjálás

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Skjálás > Lykilorð.
- 3 Sláðu inn lykilorð og pikkaðu á Halda áfram.
- 4 Endurtaktu og staðfestu lykilorðið og pikkaðu svo á Í lagi.
- 5 Fylgdu leiðbeiningunum í tækinu.

#### Swipe-opnunareiginleikinn virkjaður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Skjálás.
- 3 Teiknaðu opnunarmynstur skjásins eða sláðu inn PIN eða lykilorð, sé einhver þessara læsinga virk.
- 4 Pikkaðu á Strjúka.

## Sjálfkrafa aflæsing tækisins

Snjalllæsing auðveldar aflæsingu tækisins með því að gera þér kleift að stilla það á sjálfkrafa aflæsingu við ákveðnar aðstæður. Þú getur haft tækið þitt ólæst, til dæmis þegar það er tengt við Bluetooth® tæki eða þegar þú ert með það á þér.

Til að láta tækið aflæsa sér sjálfkrafa verður þú fyrst að fara í gegnum eftirfarandi skref í þessari röð:

- Gakktu úr skugga um að þú hafir virka nettengingu, helst Wi-Fi<sup>®</sup> tengingu til að takmarka kostnað vegna gagnaflutnings.
- Vertu viss um að öll forrit þín séu uppfærð með Play Store™ forritinu til að tryggja að Google Play™ þjónustuforritið sé uppfært. Uppfært Google Play™ tryggir að þú getir notað nýjustu eiginleika snjalllæsingar.
- Virkjaðu snjalllæsingu.
- Stilltu hvenær þú vilt að tækið aflæsist sjálfkrafa.
- Snjalllæsing er þróuð af Google™ og nákvæm virkni hennar getur breyst vegna uppfærslna frá Google™.
- Pað er óvíst að snjalllæsing sé í boði á öllum mörkuðum, svæðum eða í öllum löndum.

#### Snjalllæsing virkjuð

- Gakktu úr skugga um að þú hafir stillt mynstur, PIN-númer eða aðgangsorð fyrir skjálás.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Traustfulltrúi.
- 4 Dragðu sleðann við hliðina á Smart Lock (Google) til hægri.
- 5 Pikkaðu á örina til baka við hliðina á **Traustfulltrúi**.
- 6 Finndu og pikkaðu á **Snjallæsing**.
- 7 Sláðu inn mynstur, PIN-númer eða aðgangsorð. Þú verður að setja inn þennan skjálás í hvert skipti sem þú vilt breyta stillingum snjalllæsingar.
- 8 Veldu tegund snjalllæsingar.

#### Að stilla hvenær eigi að hafa tækið sjálfkrafa ólæst.

Þú getur stillt snjalllæsingu þannig að tækið sé ólæst með eftirfarandi stillingum:

- Traust tæki Hafðu tækið ólæst þegar traust Bluetooth® tæki er tengt.
- Traustir staðir Hafðu tækið ólæst þegar þú ert á traustum stað.
- Líkamsskynjun Hafðu tækið ólæst þegar þú ert með tækið á þér.

Þú verður að aflæsa tækinu handvirkt þegar þú notar það ekki í 4 klukkustundir og eftir að þú endurræsir það.

## Tenging við traust Bluetooth® tæki

Þú getur útnefnt tengt Bluetooth® tæki sem "traust" tæki og haldið Xperia™ tækinu ólæstu á meðan það er tengt við það. Þannig að ef þú hefur Bluetooth® tæki sem þú tengist reglulega, til dæmis bílahátalara eða heimabíó, Bluetooth® úr eða hlaupaúr getur þú bætt þeim við sem traustum tækjum og farið framhjá viðbættu öryggi lásskjás til að spara tíma. Þessi eiginleiki á vel við ef þú ert vanalega á tiltölulega öruggum stað þegar þú notar þessi tæki. Í sumum tilvikum gætir þú þurft að aflæsa tækinu handvirkt áður en hægt er að tengja traust tæki við það.

- Ekki er mælt með því að bæta við tækjum sem eru stöðugt tengd við tækið þitt sem traustum tækjum, til dæmis Bluetooth® lyklaborðum eða kubbum.
- Um leið og slökkt er á traustu Bluetooth® tæki eða það fer út úr drægni læsist skjárinn og þú þarft PIN-númer, mynstur eða lykilorð til að opna hann.

#### Traustu Bluetooth® tæki bætt við

- 1 Gakktu úr skugga um að tækið sé parað og tengt við það Bluetooth® tæki sem þú vilt bæta við sem traustu tæki.
- 2 Í valmynd snjalllæsingar, pikkaðu á Traust tæki.
- 3 Pikkaðu á Bæta við traustu tæki > Bluetooth.
- 4 Pikkaðu á nafn tækis til að velja það af listanum yfir tengd tæki. Aðeins pöruð tæki birtast á þessum lista.
- 5 Það fer eftir öryggi tengingarinnar en þú gætir þurft að aflæsa tæki þínu handvirkt áður en trausta tækið getur haldið því ólæstu.

#### Bluetooth® tæki fjarlægt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjallæsing > Traust tæki.
- 3 Pikkaðu á tækið sem þú vilt fjarlægja.
- 4 Pikkaðu á Fjarlægja traust tæki.

#### Gakktu úr skugga um öryggi þegar traust tæki eru notuð

Mismunandi Bluetooth<sup>®</sup> tæki styðja mismunandi Bluetooth<sup>®</sup> staðla og öryggiseiginleika. Það er mögulegt að einhver geti haldið Xperia<sup>™</sup> tæki þínu ólæstu með því að líkja eftir Bluetooth<sup>®</sup> tengingu þinni, jafnvel þó traust tæki þitt sé hvergi nærri lengur. Tækið getur ekki alltaf skorið úr um hvort tengingin sé örugg eða hvort verið sé að reyna að líkja eftir henni.

Þegar tækið getur ekki skorið úr um hvort þú sért að nota örugga tengingu færðu tilkynningu í Xperia™ tækið þitt og getur þurft að aflæsa því handvirkt áður en traust tæki getur haldið því ólæstu.

Drægni tengingar Bluetooth® getur verið breytileg eftir þáttum eins og tegund tækisins, tengda Bluetooth® tækisins og umhverfinu. Bluetooth® tengingar geta dregið allt að 100 metra, allt eftir þessum þáttum. Taki einhver upp Xperia™ tækið þitt á meðan það er nálægt traustu tæki getur viðkomandi komist inn í Xperia™ tækið þitt ef trausta tækið hefur aflæst því.

#### Tenging við trausta staði

Þegar eiginleikinn Traustir staðir er uppsettur afvirkjast lásskjárinn á Xperia™ tækinu þegar þú ert á útnefndri öruggri staðsetningu. Til að þessi eiginleiki virki verður þú að hafa nettengingu (helst um Wi-Fi®) og leyfa tækinu að nota núverandi staðsetningu þína.

Til að setja upp trausta staði skaltu fyrst ganga úr skugga um að kveikt sé á nákvæmri staðsetningarstillingu eða sparnaðarham staðsetningar áður en þú bætir við heima- eða sérvalinni staðsetningu.

Nákvæmt umfang traustrar staðsetningar er áætlað og getur náð út fyrir veggi heimilis þíns eða annars svæðis sem þú hefur bætt við sem traustri staðsetningu. Þessi eiginleiki getur haldið tæki þínu ólæstu innan allt að 80 metra radíuss. Þú þarft einnig að vita að hægt er að líkja eftir eða eiga við staðsetningarmerki. Aðili með aðgang að sérhæfðum búnaði gæti aflæst tækinu.

#### Heimastaðsetningu bætt við

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á staðsetningarham og að þú sért annað hvort að nota Mikil nákvæmni eða Orkusparnaður stillinguna.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 📖
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjallæsing > Traustir staðir > Heim.
- 4 Pikkaðu á Kveikja á þessari staðsetningu.

#### Heimastaðsetningu breytt

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á staðsetningarham og að þú sért annað hvort að nota **Mikil nákvæmni** eða **Orkusparnaður** stillinguna.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjalllæsing > Traustir staðir.
- 4 Veldu heimastaðsetningu.
- 5 Pikkaðu á Breyta.
- 6 Sláðu inn staðsetninguna sem þú vilt nota sem heimastaðsetningu í leitarreininni.
- Éf margar byggingar eru á sama heimilisfangi á heimastaðsetningu þinni getur verið að sá trausti staður sem þú vilt bæta við sé annar en raunverulegt heimilisfang. Til að tryggja meiri nákvæmni staðsetningar getur þú bætt við raunverulegri staðsetningu heimilis þíns innan byggingaþyrpingar sem sérvöldum stað.

#### Heimastaðsetning fjarlægð

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á staðsetningarham og að þú sért að nota annaðhvort Mikil nákvæmni eða Orkusparnaður stillinguna.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjallæsing > Traustir staðir > Heim.
- 4 Pikkaðu á Slökkva á þessari staðsetningu.

#### Notkun sérvalinnar staðsetningar

Þú getur bætt við hvaða staðsetningu sem er sem traustri, sérvalinni staðsetningu þar sem tækið þitt má vera ólæst.

#### Sérvöldum stað bætt við

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á staðsetningarham og að þú sért annað hvort að nota Mikil nákvæmni eða Orkusparnaður stillinguna.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjalllæsing > Traustir staðir.
- 4 Pikkaðu á Bæta við traustum stað.
- 5 Til að nota núverandi staðsetningu þína sem traustan og sérvaldan stað, pikkaðu á Velja þessa staðsetningu.
- 6 Ef þú vilt hins vegar setja inn aðra staðsetningu skaltu pikka á stækkunarglerstáknið og slá inn heimilisfangið. Tækið leitar að þeirri staðsetningu sem slegin hefur verið inn. Pikkaðu á ráðlagt heimilisfang til að notast við það.
- 7 Til að finstilla staðsetninguna skaltu pikka á örina til baka við hliðina á heimilisfanginu, draga svo staðsetningarpinnann að æskilegri staðsetningu og pikka á Velja þessa staðsetningu.

#### Sérvöldum stað breytt

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á staðsetningarham og að þú sért annaðhvort að nota Mikil nákvæmni eða Orkusparnaður stillinguna.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjalllæsing > Traustir staðir.
- 4 Veldu staðinn sem þú vilt breyta.
- 5 Pikkaðu á Breyta heimilisfangi.
- 6 Til að slá inn aðra staðsetningu, pikkaðu á stækkunarglerstáknið og sláðu inn heimilisfangið. Tækið leitar að staðsetningunni sem slegin var inn. Til að nota ráðlagt heimilisfang skaltu pikka á það.
- 7 Til að fínstilla staðsetninguna skaltu pikka á örina til baka við hliðina á heimilisfanginu, draga síðan staðsetningarpinnann að þeirri staðsetningu sem óskað er og pikkaðu svo á Velja þessa staðsetningu.

#### Sérvalinn staður fjarlægður

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á staðsetningarham og að þú sért annað hvort að nota Mikil nákvæmni eða Orkusparnaður stillinguna.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjalllæsing > Traustir staðir.
- 4 Veldu staðinn sem þú vilt fjarlægja.
- 5 Pikkaðu á Eyða.

#### Haltu tækinu ólæstu þegar þú ert með það á þér

Með því að nota líkamsskynjunina getur þú haft tækið ólæst þegar þú hefur það á þér, til dæmis þegar þú ert með það í höndunum, vasanum eða í töskunni. Hröðunarmælirinn í tækinu heldur því ólæstu þegar það skynjar að þú ert með það á þér. Tækið læsist þegar hröðunarmælirinn skynjar að þú hafir lagt tækið frá þér.

Líkamsskynjunin getur ekki gert greinarmun á því hver er með tækið á sér. Ef þú afhendir einhverjum tækið á meðan það er ólæst og er að nota líkamsskynjunina má vera að tækið sé ólæst fyrir hinum notandanum. Hafðu í huga að líkamsskynjunin er ekki eins öflugt öryggistæki og mynstur, PIN-númer eða lykilorð.

#### Líkamsskynjun virkjuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjallæsing > Líkamsskynjun.
- 3 Dragðu sleðann upp að Slökkt til hægri og pikkaðu á Í lagi.

#### Notkun líkamsskynjunar

Þegar þú notar líkamsskynjun verður þú að vita um eftirfarandi eiginleika:

- Þegar tækið skynjar að þú sért með það á þér er það ólæst eftir að þú aflæsir því.
- Hvenær sem þú leggur tækið frá þér og það skynjar að þú ert ekki lengur með það á þér læsist tækið sjálfkrafa.
- Eftir að þú leggur tækið frá þér, ef þú setur það til dæmis á borð getur liðið allt að mínútu þar til tækið læsist.
- Eftir að þú ferð inn í bíl, strætisvagn eða önnur farartæki á landi, geta liðið á milli 5-10 mínútur þar til tækið læsist.
- Athugaðu að þegar þú ferð í flugvél eða skip (eða önnur farartæki sem ekki ferðast á landi) má vera að tækið læsist ekki sjálfkrafa þannig að gættu þess að læsa því handvirkt sé þess þörf.
- Þegar þú tekur tækið upp á nýjan leik eða ferð út úr farartækinu, aflæstu því einfaldlega aftur og þá helst tækið ólæst á meðan þú hefur það á þér.

#### Slökkt á líkamsskynjun

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Snjallæsing > Líkamsskynjun.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á **Kveikt** til hægri.

## Tungumálastillingar

Þú getur valið sjálfgefið tungumál fyrir tækið og breytt því síðar. Þú getur líka breytt tungumáli fyrir textainnslátt. Sjá *Skjályklaborðið sérsniðið* á síðunni 52.

#### Tungumálinu breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Tungumál og innsláttur > Tungumál.
- 3 Veldu valkost.
- 4 Pikkaðu á Í lagi.
- Ef þú velur rangt tungumál og getur ekki lesið valmyndartextana, finndu og pikkaðu á 🧔. Veldu síðan texta við hliðina á 🎹 og veldu fyrstu færsluna í valmyndinni sem opnast. Þú getur síðan valið tungumálið sem þú vilt.

## Dagsetning og tími

Þú getur breytt dagsetningu og tíma í tækinu.

#### Dagsetning stillt handvirkt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Dagsetning & tími.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Sjálfvirk tímastilling til vinstri.
- 4 Pikkaðu á Dagsetning.
- 5 Flettu upp og niður til að velja dagsetningu.
- 6 Pikkaðu á Í lagi.

#### Tíminn stilltur handvirkt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Dagsetning & tími.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Sjálfvirk tímastilling til vinstri.
- 4 Pikkaðu á Stilla tíma.
- 5 Veldu viðeigandi gildi fyrir klukkustundir og mínútur.
- 6 Pikkaðu á Ílagi.

#### Tímabelti stillt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Dagsetning & tími.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Sjálfvirkt tímabelti til vinstri.
- 4 Pikkaðu á Velja tímabelti.
- 5 Veldu valkost.

## Úttakshljóðið bætt

Þú getur bætt hljóð tækisins með því að virkja handvirkt einstakar hljóðstillingar eins og tónjafnara og umhverfishljóð. Þú getur einnig kveikt á hljóðstyrksjafnara til að minnka hljóðmun milli laga eða myndskeiða.

#### Úttakshljóðið bætt handvirkt

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Hljóðstillingar.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á ClearAudio+ til hægri.

#### Hljóðstillingar stilltar handvirkt

- 1 Af heimaskjánum pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Hljóðstillingar.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á ClearAudio+ til vinstri.
- 4 Pikkaðu á Hljóðbrellur > Tónjöfnun.
- 5 Stilltu hljóðið með því að draga tíðnisviðstakkana upp eða niður.
- Handvirk stilling hljóðúttaksstillinga hefur engin áhrif á raddsamskiptaforrit. Til dæmis breytast hljómgæði raddhringingar ekkert.

#### Hljóðstyrksbreytingar lágmarkaðar með Dynamic-hljómjafnara

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Hljóð og tilkynning > Hljóðstillingar.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Kvikur styrkjafnari til hægri.

# Skrifa texta

## Skjályklaborð

Þú getur slegið inn texta með QWERTY-lyklaborðinu á skjánum með því að pikka á hvern staf fyrir sig eða notað bendiinnslátt til að mynda orð með því að renna fingri frá staf til stafs. Ef þú vilt nota minni útgáfu af skjályklaborðinu og nota bara aðra höndina til að slá inn texta getur þú virkjað einhenta lyklaborðið í staðinn.

Þú getur valið að slá inn texta á allt að þremur tungumálum. Snjallgreining tungumáls greinir tungumálið sem þú notar og spáir fyrir um orðin á því tungumáli um leið og þú slærð inn textann. Sum forrit opna skjályklaborðið sjálfkrafa, t.d. tölvupósts- og textaskilaboðaforrit.



- 1 Eyddu stöfum fyrir framan bendilinn.
- 2 Færðu inn nýja línu eða staðfestu texta.
- 3 Sláðu inn bil.
- 4 Sérsníddu lyklaborðið. Þessi lykill hverfur þegar lyklaborðið er sérsniðið.
- 5 Birta tölur og tákn. Til að fá enn fleiri tákn skaltu pikka á +=\$.
- 6 Skiptu á milli lágstafa ☆, hástafa ★ og hástafaláss ★. Í sumum tungumálum er þessi lykill notaður til að fá aðgang að aukastöfum í tungumálinu.

#### Skjályklaborð opnað til að slá inn texta

Pikkaðu á innsláttarreit fyrir text.

#### Skjályklaborðið notað í langsniði

- Þegar skjályklaborðið sést skaltu snúa tækinu á hlið.
- Pú gætir þurft að breyta stillingum einhverra forrita til að virkja langsnið.

#### Textainnsláttur eftir stöfum

- 1 Til að slá inn staf á lyklaborðinu skaltu pikka í stafinn.
- 2 Til að slá inn stafafbrigði skaltu styðja á venjulegan staf á lyklaborðinu til að opna lista yfir tiltæka valkosti og velja síðan af listanum. Til að t.d. slá inn "é", styðurðu á "e" þar til annar valkostur birtist og svo, á meðan þú heldur fingrinum á takkaborðinu, dregurðu að og velur "é".

#### Punktur sleginn inn

Þegar þú hefur slegið inn orð skaltu tvípikka á bilstöngina.

#### Texti sleginn inn með bendiinnsláttarvalkostinum

- 1 Þegar þú slærð texta inn með skjályklaborðinu skaltu renna fingrinum milli bókstafa til að rekja orðið sem þú vilt skrifa.
- 2 Lyftu fingrinum eftir að þú ert búin(n) að slá orðið inn. Stungið er upp á orði byggt á bókstöfum sem þú hefur dregið upp.
- 3 Ef orðið sem þú vilt birtist ekki pikkarðu á x til að sjá aðra valkosti og velja samkvæmt því. Ef valkosturinn óskað er eftir birtist ekki, eyddu þá öllu orðinu og rektu það aftur eða sláðu orðið inn, einn staf í einu.

#### Stillingum bendiinnsláttar breytt

- 1 Þegar skjályklaborðið sést ýtirðu á 12!?.
- Pikkaðu á de og svo á Stillingar lyklaborðs.
- 3 Til að virkja eða afvirkja bendiinnslátt skaltu draga sleðann við hliðina á Fletta til að slá inn í stöðuna kveikt eða slökkt.

#### Notkun einnar handar lyklaborðs

- 1 Opnaðu skjályklaborðið, pikkaðu síðan á 12!?.
- 2 Pikkaðu á 🏚 og svo á Einhent lyklaborð.
- 🁻 🛛 Til að fara aftur yfir í notkun á heilu skjályklaborði pikkarðu á 🔼

## Skjátakkaborð

Skjátakkaborðið er svipað og venjulegt 12 takka símatakkaborð. Það býður upp á flýtiritun og beinritun. Hægt er að velja textainnsláttarstillingar skjátakkaborðs í lyklaborðsstillingum. Skjátakkaborðið er eingöngu í boði í skammsniði.



- 1 Veldu textainnslátt. Þú getur pikkað einu sinni á hvern staf og notað orðatillögur eða pikkað á takkann þar til rétti stafurinn er valinn.
- 2 Eyddu stöfum fyrir framan bendilinn.
- 3 Færðu inn nýja línu eða staðfestu texta.
- 4 Sláðu inn bil.
- 5 Birta tákn og broskarla.
- 6 Birta númer.
- 7 Skiptu á milli há- og lágstafa og kveiktu á hástafslásnum.

#### Skjátakkaborðið opnað í fyrsta sinn

- 1 Pikkaðu texta inn í færslureitinn, pikkaðu síðan á 12!?.
- 2 Pikkaðu á da og síðan á Stillingar lyklaborðs.
- 3 Pikkaðu á Lóðrétt takkaborð og veldu síðan Takkaborð síma valkostinn.

#### Texti sleginn inn með skjátakkaborði

- Þegar ▲ sést á skjátakkaborðinu pikkarðu einu sinni á hvern staf, jafnvel þótt stafurinn sem þú ætlar að nota sé ekki fyrsti stafurinn á takkanum. Pikkaðu á orðið sem birtist eða á ✓ til að skoða fleiri orðatillögur og veldu orð af listanum.
- Þegar 
   sést á skjátakkaborðinu pikkarðu á skjátakkann til að fá upp stafinn sem þú vilt nota. Haltu áfram að pikka þennan hnapp þar til rétti stafurinn er valinn. Gerðu það sama fyrir næsta staf sem á að slá inn og svo koll af kolli.

#### Tölur slegnar inn með skjátakkaborði

 Þegar skjátakkaborðið birtist skaltu pikka á 123. Skjátakkaborð með númerum birtist.

#### Tákn og broskarlar sett inn með skjátakkaborði

- Pikkaðu á & ☺ þegar skjátakkaborðið er opið. Tafla með táknum og broskörlum opnast.
- 2 Flettu upp eða niður til að skoða fleiri valkosti. Pikkaðu til að velja tákn eða broskarl.

## Texti sleginn inn með raddinnslætti

Þegar þú slærð inn texta geturðu notað raddinnsláttareiginleikann í stað þess að skrifa orðin inn. Segðu einfaldlega þau orð upphátt sem þú vilt slá inn. Raddinnsláttur er tilraunaverkefni frá Google™ sem er í boði fyrir fjölda tungumála og svæða.

#### Kveikt á raddinnslætti

- 1 Þegar skjályklaborðið sést ýtirðu á 12!?.
- 2 Pikkaðu á tog svo á Stillingar lyklaborðs.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Google™ raddinntakstakki til hægri.

#### Texti sleginn inn með raddinnslætti

- 1 Opnaðu skjályklaborðið.
- 2 Pikkaðu á U. Þegar O birtist skaltu segja textann upphátt.
- 3 Þegar því er lokið pikkarðu aftur á (). Textatillaga birtist.
- 4 Breyttu textanum handvirkt ef börf krefur.
- 🁻 🛛 Til þess að láta lyklaborðið birtast og slá inn texta handvirkt pikkarðu á 🕎

## Texta breytt

Þú getur valið, klippt, afritað og límt texta þegar þú skrifar. Þú getur opnað breytingartækin með því að tvísmella á textann sem búið er að slá inn. Breytingartækin verða til staðar í gegnum forritaslá.

#### Forritastika

ŧ		×	Ō	ņ
1	2	3	4	5

1	Loka forritastikunni
2	Velja allan texta
3	Klippa texta
4	Afrita texta

- 5 Líma texta
- 1 🗂 birtist aðeins þegar texti er geymdur á klippiborðinu.

#### Texti valinn

- Sláðu smá texta inn, tvípikkaðu síðan á textann. Orðið sem þú pikkar á merkist með flipum á hvorum enda.
- 2 Dragðu flipana til vinstri eða hægri til að velja meiri texta.

#### Til að breyta texta

- Sláðu smá texta inn, tvípikkaðu síðan á textann sem er sleginn inn til að láta forritastikuna birtast.
- 2 Veldu textann sem þú vilt breyta og notaðu svo tækin í forritastikunni til að gera viðeigandi breytingar.

#### Stækkari notaður

Þegar þú slærð inn texta pikkarðu á og heldur í textareitinn til að skoða stækkaðan texta og til að setja bendilinn þar sem þú vilt innan textareitsins.

## Skjályklaborðið sérsniðið

Þegar sleginn er inn texti með skjályklaborðinu er hægt að opna stillingarvalmynd fyrir lyklaborð og annan textainnslátt þar sem t.d. er hægt að stilla tungumál, flýtiritun og leiðréttingu. Hægt er að fá orðatillögur fyrir hvert tungumál fyrir sig með því að slökkva á snjallgreiningu tungumáls.

Lyklaborðið getur notað texta sem þú hefur skrifað í skilaboðum og öðrum forritum til að læra að þekkja ritstíl þinn. Einnig er leiðarvísir um sérsnið sem sýnir þér helstu stillingar svo þú getir strax hafist handa. Þú getur valið að nota önnur lyklaborð eða skipt á milli lyklaborða. Til dæmis er hægt að velja kínverskt eða japanskt Xperia™ lyklaborð.

#### Skjályklaborðsstillingar opnaðar

- 1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu skaltu pikka á 12!?.
- 2 Pikkaðu á 🏩 og svo Stillingar lyklaborðs og breyttu stillingunum að vild.
- 3 Til að bæta við tungumáli fyrir textainnslátt skaltu pikka á Ritunartungumál og merkja við viðeigandi gátreiti.
- 4 Pikkaðu á Í lagi til að staðfesta.

#### Stillingum orðatillagna breytt

- 1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu skaltu pikka á 121?.
- 2 Pikkaðu á c og svo Stillingar lyklaborðs > Orðatillögur.
- 3 Veldu valkost.

#### Lyklaborð valið

- 1 Þegar þú slærð texta inn með skjályklaborðinu pikkarðu á meðst til hægri á skjánum.
- 2 Veldu valkost.
- Til að virkja fleiri lyklaborðsvalkosti pikkarðu á Velja lyklaborð og dregur svo viðkomandi sleða til hægri.

#### Til að breyta tungumáli fyrir innslátt á skjátakkaborði

- Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu pikkarðu á tungumálstáknið til að skipta á milli valinna innsláttartungumála. Pikkaðu t.d. á εν þar til innsláttartungumálið sem þú vilt birtist.
- Pessi eiginleiki er aðeins í boði ef þú hefur bætt við fleiri en einu ritunartungumáli.

#### Til að nota ritstílinn þinn

- 1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu skaltu pikka á 12!?.
- 2 Pikkaðu á rag og pikkaðu svo á Stillingar lyklaborðs > Nota ritstíl minn og veldu uppruna.

#### Snjallgreiningu tungumála breytt

- Snjallgreining er e.t.v. ekki í boði fyrir öll innsláttartungumál.
- 1 Þegar skjályklaborðið sést ýtirðu á 12!?.
- 2 Pikkaðu á 🏟 og svo á Stillingar lyklaborðs.
- 3 Til að virkja eða afvirkja snjallgreiningu tungumála skaltu draga sleðann við hliðina á Snjalltungumálsskynjun í stöðuna kveikt eða slökkt.

#### Lyklaborðsskipan valin

- Lyklaborðsskipan fyrir skjályklaborðið er e.t.v. ekki fáanleg fyrir öll innsláttartungumál. Hægt er að velja lyklaborðsskipan fyrir hvert innsláttartungumál.
- 1 Þegar þú slærð inn texta með skjályklaborðinu skaltu pikka á 12!?.
- 2 Pikkaðu á 🏟 og svo á Stillingar lyklaborðs.
- 3 Pikkaðu á **Ritunartungumál** og svo á 🔤 við hlið innsláttartungumáls.
- 4 Veldu lyklaborðsskipan.
- 5 Pikkaðu á Í lagi til að staðfesta.

## Símtöl

## Hringt úr símanum

Hægt er að hringja með því að slá inn símanúmer, með því að pikka á símanúmer í tengiliðalista eða með því að pikka á símanúmerið á símtalaskrárskjánum. Þú getur einnig notað snjallhringingu til að finna númer í skyndi úr tengiliðalista og símtalaskrám með því að slá inn hluta úr númeri eða nafni tengiliðs og velja úr þeim tillögum sem birtast. Þú getur notað spjallforritið Hangouts<sup>™</sup> til að hringja myndsímtal í tækinu. Sjá *Spjallforrit og myndskeiðsspjall* á bls. 71.



1	Skoða fleiri valmöguleika
2	Eyða númeri
3	Takkaborð
4	Hringitakki

#### Símaeiginleikar opnaðir

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á 🧨.
- 3 Ef símaeiginleikar birtast ekki, pikkaðu á (#).

#### Hringt í símanúmer

- 1 Opnaðu símaeiginleika.
- Sláðu inn símanúmerið og veldu svo SIM-kort.
- 👻 🛛 Til að eyða númeri sem slegið var inn óvart pikkarðu á 🐼

#### Hringt með því að nota snjallhringingu

- 1 Opnaðu símaeiginleika.
- 2 Sláðu inn bókstafi eða númer sem samsvara þeim tengilið sem þú vilt hringja í. Þegar þú slærð hvern bókstaf eða númer inn birtist listi með möguleikum sem geta passað saman.
- 3 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt hringja í.
- 4 Veldu SIM-kort.

#### Til að hringja millilandasímtal

- 1 Opnaðu símaeiginleika.
- 2 Styddu á 0 þar til "+" merki birtist.
- 3 Sláðu inn landsnúmerið, svæðisnúmerið (án upphafsnúllanna) og símanúmerið, veldu svo SIM-kort.

#### Beinhringinúmer sett á heimaskjáinn

- 1 Ýttu á og haltu inni auðu svæði á Heimaskjár þar til tækið titrar og sérsniðsvalmyndin birtist.
- 2 Á sérsniðsvalmyndinni skaltu pikka á Græjur og forrit > Flýtileiðir.
- 3 Flettu í gegnum forritalistann og veldu Beinval.
- 4 Veldu tengiliðinn og númerið sem þú vilt nota sem beinhringinúmer.

#### Birta eða fela eigið símanúmer

Þú getur valið að birta eða fela eigið númer á tæki viðtakenda þegar þú hringir.

#### Að birta eða fela númerið þitt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Viðbótarstillingar > Númerabirting.

## Tekið á móti símtölum

Ef hringt er í þig á meðan tækið er í svefnham eða skjárinn er læstur opnast símaforritið á öllum skjánum. Ef hringt er í þig á meðan síminn er virkur birtist það sem fljótandi tilkynning, þ.e. í smækkuðum glugga sem flýtur fyrir ofan skjáinn sem er opinn. Þegar þú færð slíka tilkynningu getur þú annaðhvort svarað símtalinu og opnað símaforritsskjáinn eða hafnað símtalinu og verið áfram á sama skjá.

#### Símtali svarað þegar skjárinn er óvirkur

• Dragðu 🕜 til hægri.

#### Símtali svarað þegar skjárinn er virkur

- Á fljótandi tilkynningunni sem birtist efst á skjánum pikkarðu á SVARA.
- Í stað þess að svara símtalinu er hægt að fara í aðalforritaskjá símans með því að pikka á efri hluta fljótandi tilkynningargluggans. Með þessari aðferð bjóðast fleiri símtalsvalkostir. Það er t.d. hægt að hafna símtalinu með skilaboðum eða framsenda það í símsvarann.

#### Símtali hafnað þegar skjárinn er óvirkur

Dragðu 💩 til vinstri.

#### Símtali hafnað þegar skjárinn er virkur

- Á fljótandi tilkynningunni sem birtist efst á skjánum pikkarðu á HUNSA.
- Í stað þess að hafna símtalinu er hægt að fara í aðalforritaskjá símans með því að pikka á efri hluta fljótandi tilkynningargluggans. Með þessari aðferð bjóðast fleiri símtalsvalkostir. Það er t.d. hægt að hafna símtalinu með skilaboðum eða framsenda það í símsvarann.

#### Slökkt á hringitóni fyrir móttekið símtal

Þegar þú færð símtal, ýtirðu á hljóðstyrkstakkann.

#### Símsvarinn notaður

Þú getur notað símsvaraforrit tækisins til að svara í símann þegar þú ert upptekin(n) eða missir af símtali. Þú getur kveikt á sjálfvirkri símsvörun og ákvarðað hversu margar sekúndur eigi að bíða áður en símtali er svarað sjálfkrafa. Þú getur einnig sent símtöl handvirkt í símsvarann þegar þú ert of upptekin(n) til að svara. Þú getur líka nálgast skilaboð sem skilin eru eftir á símsvaranum beint úr tækinu.

Áður en símsvarinn er notaður þarftu að taka upp kveðju.

#### Kveðja tekin upp fyrir símsvara

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á **Xperia™ símsvari** > **Kveðjur**.
- 5 Pikkaðu á **Taka upp nýja kveðju** og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

#### Kveikt á sjálfvirkri símsvörun

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort og pikkaðu á Xperia™ símsvari.
- 4 Dragðu sleðann við hliðina á **Símsvari** til hægri.
- 👻 Ef þú stillir ekki seinkun fyrir sjálfvirka símsvörun verður sjálfgefið gildi notað.

#### Seinkun á sjálfvirkri símsvörun stillt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal
- 3 Veldu SIM-kort og pikkaðu á Xperia™ símsvari.
- 4 Pikkaðu á Svara eftir.
- 5 Breyttu tímanum með því að fletta upp og niður.
- 6 Pikkaðu á **Lokið**.

#### Símtal áframsent í símsvara

- Þegar símtal berst dregur þú Svarmöguleikar upp og velur svo Hafna með símsvara.
- Þegar símtalið berst getur þú líka beðið þar til fyrirfram ákveðni tíminn er liðinn svo símsvarinn taki sjálfkrafa við símtalinu.

#### Hlustað á skilaboð á símsvara

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Xperia™ símsvari > Skilaboð.
- 5 Veldu talhólfsskilaboðin sem þú vilt hlusta á.
- Einnig er hægt að hlusta á skilaboð á símsvaranum beint úr símatalaskránni með því að pikka á .

#### Símtali hafnað með textaskilaboðum

Þú getur hafnað símtali með textaskilaboðum. Þegar þú hafnar símtali með skilaboðum eru þau send sjálfkrafa til hringjandans og vistuð í samtalssögunni við tengiliðinn.

Þú getur valið úr fjölda fyrirfram ákveðinna skilaboða í tækinu eða búið til eigin skilaboð. Þú getur einnig búið til sérsniðin skilaboð með því að breyta þeim sem fyrir eru.

#### Símtali hafnað með skilaboðum

- 1 Þegar símtal berst skaltu draga Svarmöguleikar upp og pikka svo á Hafna með skilaboðum.
- 2 Veldu fyrirfram skilgreind skilaboð eða pikkaðu á 
  ø og skrifaðu ný skilaboð.

#### Öðru símtali hafnað með skilaboðum

- 1 Þegar þú heyrir endurtekinn tón meðan á símtali stendur skaltu draga Hafna með skilaboðum upp.
- 2 Veldu fyrirfram skilgreind skilaboð eða pikkaðu á 🎤 og skrifaðu ný skilaboð.

#### Textaskilaboðum sem notuð eru til að hafna símtali breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal > Almennt > Hafna símtali með skilaboðum.
- 3 Pikkaðu á skilaboðin sem þú vilt breyta og breyttu því sem þarf.
- 4 Pikkaðu á Í lagi.

## Símtöl í gangi



- 1 SIM-kortsvísir sýnir hvaða SIm-kort er notað í símtali í gangi
- 2 Slá inn tölur meðan símtal stendur yfir
- 3 Kveikja á hátalaranum meðan á símtali stendur
- 4 Setja núverandi símtal í bið eða sækja símtal í bið
- 5 Hringja aftur
- 6 Slökkva á hljóðnemanum meðan á símtali stendur
- 7 Leggja á

#### Til að breyta hljóðstyrknum meðan á símtali stendur

Ýttu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður.

#### Skjárinn virkjaður meðan á símtali stendur

Ýttu stutt á ().

## Símtalaskrá notuð

Símtalaskránni geturðu skoðað ósvöruð símtöl 👗, móttekin símtöl 🖌 og hringd símtöl 🞵

#### Símtalaskrá opnuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á 🥟.
- 3 Ef símtalaskráin birtist ekki, pikkaðu á

#### Ósvöruð símtöl skoðuð

- 1 Sintist á stöðustikunni þegar þú hefur misst af símtali. Dragðu stöðustikuna niður.
- 2 Pikkaðu á Ósvarað símtal.

#### Hringt í númer úr símtalaskránni

- Pikkaðu á númerið og veldu svo SIM-kort.
- Til að breyta númerinu áður en þú hringir skaltu ýta á og halda niðri númerinu í símtalaskránni og pikka svo á Breyta númeri fyrir símtal.

#### Númeri úr símtalaskrá bætt við tengiliði

- 1 Haltu inni númeri í símtalaskránni og pikkaðu á **Bæta við Tengiliði**.
- 2 Veldu tengilið til að bæta númerinu við eða pikkaðu á Búa til nýjan tengilið.
- 3 Breyttu tengiliðaupplýsingunum og pikkaðu á VISTA.

#### Valkostir símtalaskrár skoðaðir

- Þegar skráin er opin pikkarðu á .
- 👻 Þú getur einnig farið í almennar hringistillingar með því að fara eftir leiðbeiningunum að ofan.

## Flutningur símtala

Þú getur beint símtölum til annars viðtakanda, s.s. í annað símanúmer, annað tæki eða í talhólf. Einnig er hægt að framsenda símtöl sem koma inn á SIM-kort 1 yfir í SIM-kort 2 þegar næst ekki í SIM-kort 1 og öfugt. Þessi valkostur er kallaður tvöfaldur SIM-náanleiki. Þú verður að kveikja á honum handvirkt.

#### Símtöl áframsend

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 😁.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Framsending símtala og veldu valkost.
- 5 Sláðu inn símanúmerið sem á að áframsenda símtöl á og pikkaðu á Kveikja.

#### Slökkt á símtalsflutningi

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Framsending símtala.
- 5 Veldu valkost og pikkaðu á Slökkva.

#### Aðgangseiginleiki fyrir tvö SIM-kort virkjaður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Tvöfaldar SIM still. > Tvöföldu SIM-aðgengi.
- 3 Undir Tvöföldu SIM-aðgengi dregurðu sleðann til hægri.
- 4 Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum til þess að ljúka aðgerðinni.
- Éf aðgangseiginleiki fyrir tvö SIM-kort virkar ekki eftir að kveikt hefur verið á honum skaltu athuga hvort þú hafir slegið símanúmerin rétt inn fyrir hvort SIM-kort. Í sumum tilvikum eru númerin greind sjálfkrafa við uppsetninguna. Að öðrum kosti er beðið um að þau séu slegin inn handvirkt.

## Takmörkun á símtölum

Hægt er að útiloka alla eða tiltekna flokka út- og innhringinga. Hafirðu fengið PIN2-númer frá þjónustuveitunni geturðu notað lista yfir læst skammval (FDN) til að takmarka hringd símtöl. Ef áskriftin þín nær yfir talhólfsþjónustu, getur þú sent öll símtöl frá ákveðnum tengilið beint í talhólf. Ef þú vilt útiloka tiltekið númer getur þú farið í Google Play™ og sótt forrit sem styðja við þessa virkni.

FDN er ekki stutt af öllum símafyrirtækjum. Hafðu samband við símafyrirtækið þitt til að staðfesta hvort SIM-kortið þitt eða þjónustuveita styðji þessa virkni.

#### Lokað fyrir móttekin eða hringd símtöl

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎰
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Útilokun símtala og veldu síðan valkost.
- 5 Sláðu inn lykilorðið og pikkaðu á Kveikja.
- Pegar þú setur upp lokun fyrir símtöl í fyrsta sinn þarftu að slá inn lykilorð til að virkja valkostinn fyrir lokun fyrir símtöl. Þú verður að nota þetta sama lykilorð seinna ef þú vilt breyta stillingum fyrir lokun fyrir símtöl.

#### Til að gera læst skammval virkt eða óvirkt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Læst skammvalsnúmer.
- 5 Pikkaðu á Virkja læst skammval eða Afvirkja læst skammval.
- 6 Sláðu inn PIN2-númerið þitt og pikkaðu á Í lagi.

#### Listi yfir samþykkta viðtakendur opnaður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Læst skammvalsnúmer > Læst skammvalsnúmer.

#### Til að breyta PIN2-númeri SIM-kortsins

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Læst skammvalsnúmer > Breyta PIN2.
- 5 Sláðu inn gamla PIN2-númer SIM-kortsins og bankaðu á Í lagi.
- 6 Sláðu inn nýtt PIN2-númer SIM-kortsins og bankaðu á Í lagi.
- 7 Staðfestu nýja PIN2-númerið og bankaðu á Í lagi.

#### Móttekin símtöl frá ákveðnum tengilið send beint í talhólf

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á ⊾
- 3 Veldu tengiliðinn sem þú vilt senda öll móttekin símtöl frá sjálfkrafa í talhólf.
- 4 Pikkaðu á ∕ > .
- 5 Merktu við gátreitinn við hliðina á Öll símtöl i talhólf.
- 6 Pikkaðu á VISTA.

## Nokkur símtöl

Ef þú hefur gert mögulegt að setja símtal í bið geturðu annast nokkru símtöl samtímis. Þegar eiginleikinn er virkur færðu tilkynningu með hljóðmerki þegar annað símtal berst.

#### Til að gera biðþjónustu símtala virka eða óvirka

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Viðbótarstillingar.
- 5 Til að gera biðþjónustu símtala virka eða óvirka pikkarðu á **Símtal í bið**.

#### Til að svara öðru símtali og setja yfirstandandi símtal í bið

• Þegar þú heyrir endurtekinn tón meðan á símtali stendur skaltu draga 🕜 til hægri.

#### Öðru símtali hafnað

Þegar þú heyrir endurtekinn tón meðan á símtali stendur skaltu draga og yfir skjáinn.

#### Hringt í annað símanúmer

- 1 Meðan á símtali stendur pikkarðu á 🚓 Símtalaskráin er birt.
- Pikkaðu á () til að sýna takkaborðið.
- 3 Sláðu inn símanúmer viðtakandans og pikkaðu á 🥝. Fyrsta símtalið er þá sett í bið.

Til að svara þriðja símtali og ljúka símtali sem er í gangi

Þegar þriðja símtalið kemur pikkarðu á Ljúka símtali í gangi og svara.

Til að hafna þriðja símtali

Þegar þriðja símtalið kemur pikkarðu á **Hafna innhringingu**.

#### Skipt á milli margra símtala

 Pikkaðu á Skipta yfir í þetta símtal til að skipta yfir í annað símtal og setja fyrra símtal í bið.

## Símafundir

Með símafundi eða fundarsamtali er hægt að ræða samtímis við fleiri en einn.

Þú getur bætt símafundi við, haft samband við símafyrirtækið til að fá upplýsingar um þátttakendur.

#### Símafundur

- 1 Meðan á símtali stendur pikkarðu á 🕰 Símtalaskráin birtist.
- 2 Til að sýna takkaborðið pikkarðu á 🌐
- 3 Sláðu inn símanúmer annars þátttakandans og pikkaðu á G. Fyrsti þátttakandi er þá settur í bið tímabundið.
- . Til að bæta öðrum þátttakandanum við símtalið og hefja símafundinn pikkarðu á 🏌
- 5 Endurtaktu viðeigandi skref hér fyrir ofan til að bæta fleiri þátttakendum við.

#### Einkasamtal við einn þátttakanda í símafundi

- 1 Meðan á símtali stendur pikkarðu á Stjórna fundi.
- 2 Pikkaðu á símanúmer þátttakandans sem þú vilt hafa einkasamtal við.
- 3 Til að ljúka einkasamtali og snúa aftur í símafundinn pikkarðu á X.

#### Þátttakanda sleppt úr símafundi

- 1 Meðan á símtali stendur pikkarðu á Stjórna fundi.
- 2 Pikkaðu á 🛧 við hlið þátttakandans sem þú vilt sleppa.

#### Til að ljúka símafundi

Meðan símtalið er í gangi bankarðu á

## Talhólf

Ef áskriftin þín nær yfir talhólfsþjónustu, getur hringjandi skilið eftir talskilaboð handa þér þegar þú getur ekki svarað símtölum. Númer talhólfsþjónustunnar er vanalega vistuð á SIM-kortið. Ef ekki getur þú fengið númerið frá þjónustuveitunni og slegið það handvirkt inn.

#### Talhólfsnúmerið slegið inn

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Pikkaðu á Talhólf > Talhólfs stillingar > Talhólfsnúmer.
- 5 Sláðu inn talhólfsnúmerið þitt.
- 6 Pikkaðu á Í lagi.

#### Hringt í talhólfið

- 1 Opnaðu símaeiginleika.
- 2 Ýttu á og haltu 1 niðri og veldu svo SIM-kort.
- Í fyrsta skipti sem þú hringir í talhólfsnúmerið biður talhólskerfi símafyrirtækisins þig vanalega um að setja upp talhólfið þitt. Þú gætir til dæmis verið beðin(n) um að lesa inn kveðju og setja upp lykilorð.

## Neyðarsímtöl

Tækið styður alþjóðleg neyðarnúmer líkt og 112 eða 911. Yfirleitt er hægt að nota þessi númer til að hringja neyðarsímtöl í hvaða landi sem er, og óháð því hvort SIM-kort er í tækinu, ef tækið er innan þjónustusvæðis símkerfis.

#### Hringt í neyðarnúmer

- 1 Opnaðu símaeiginleika.
- 2 Sláðu inn neyðarnúmerið og veldu svo SIM-kort.
- Þú getur hringt neyðarsímtal jafnvel þótt ekkert SIM-kort sé sett í eða þótt lokað sé allar á úthringingar.

#### Til að hringja neyðarsímtal þegar SIM-kortið er læst

- 1 Pikkaðu á Neyðarsímtal.
- 2 Sláðu inn neyðarsímanúmer og pikkaðu á 🥝.

#### Til að hringja neyðarsímtal þegar skjárinn er læstur

- 1 Dragðu símatáknið 🖍 til hægri á læstum skjánum.
- 2 Ef virki tegund skjálás er Strjúka, pikkarðu á inn neyðarsímanúmerið og veldu SIM-kort.
- 3 Ef skjárinn er læstur með mynstri, PIN-númeri eða lykilorðið, pikkarðu á Neyðarsímtal, slærð síðan innneyðarsímanúmerið og pikkar á .

# Tengiliðir

## Tengiliðir fluttir

Það eru nokkrar leiðir til að flytja tengiliðina yfir í nýja tækið þitt. Þú getur samstill tengiliði á netreikningi eða flutt tengiliði beint inn úr öðru tæki.

## Tengiliðir fluttir með því að nota tölvu

Xperia<sup>™</sup> Transfer er forrit sem hjálpar þér að safna tengiliðum úr gamla tækinu þínu og flytur þá yfir í nýja tækið þitt. Xperia<sup>™</sup> Transfer, sem hægt er að fá aðgang að í Xperia<sup>™</sup> Companion tölvuforritinu styður farsíma sem keyra á iOS/iCloud og Android<sup>™</sup>. Ef þú ert að skipta úr iOS tæki, samstæður eiginleiki apps bendir á jafngild Android af iOS öppunum þínum.

Til að nota Xperia<sup>™</sup> Transfer þarftu:

- Tölvu tengda við Internetið.
- Nýja Android™ tækið þitt.
- USB-snúru fyrir nýja Android™ tækið.
- Gamla tækið þitt.
- USB-snúru fyrir gamla tækið þitt.
- Það getur verið að þú þurfir ekki gamla tækið þitt. Þú getur tengt beint við iCloud eða notað staðbundið öryggisafrit fyrir iOS tæki. Sony tæki sem þú áttir áður getur þú getur notað staðbundið afrit.

#### Flytja tengiliði yfir í nýja tækið þitt

- <sup>1</sup> Leita að og sækja Xperia<sup>™</sup> Companion (á tölvunni eða Mac<sup>®</sup> tölvunni) frá http:// support.sonymobile.com/global-en/tools/xperia-companion ef forritið er ekki þegar sett upp.
- 2 Eftir að búið er að setja upp forritið opnarðu peria™ Companion forrit smelltu síðan á *Xperia™ Transfer* og fylgir leiðbeiningunum um flutning á tengiliðunum þínum.

## Tengiliðir fluttir með reikningi á netinu

Ef þú samstillir tengiliðina í gamla tækinu eða tölvunni með reikningi á netinu, til dæmis Google Sync<sup>™</sup>, Facebook<sup>™</sup> eða Microsoft<sup>®</sup> Exchange ActiveSync<sup>®</sup>, getur þú flutt tengiliðina í nýja tækið með viðkomandi reikningi.

#### Tengiliðir fluttir yfir í nýja símann þinn með samstillingarreikningi

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾.
- 2 Pikkaðu á og svo Stillingar > Reikningar og samstilling.
- 3 Veldu reikninginn sem þú vilt samstilla tengiliðina þína við og pikkaðu svo á Samstilla núna.
- Þú þarft að vera skráð(ur) inn á viðeigandi samstillingarreikning áður en þú getur samstillt tengiliðina þína við hann.

## Aðrar leiðir til að flytja tengiliði

Það eru nokkrar aðrar leiðir til að flytja tengiliði úr gamla tækinu þínu yfir í það nýja. Þú getur til dæmis afritað tengiliði á minniskort, notað Bluetooth<sup>®</sup> tækni eða vistað tengiliði á SIM-kort. Hægt er að fá nákvæmari upplýsingar um hvernig flytja skal tengiliði úr gamla tækinu þínu í viðeigandi notandahandbók.

#### Tengiliðir fluttir inn frá minniskorti

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og síðan á ⊾
- 2 Ýttu á og pikkaðu svo á Flytja inn tengiliði > SD-kort.
- 3 Veldu skrárnar sem þú vilt flytja inn og pikkaðu á Í lagi.

#### Tengiliðir fluttir inn með Bluetooth® tækni

- Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth<sup>®</sup> eiginleikanum og að tækið þitt sé sýnilegt.
- 2 Þegar þér er tilkynnt um að skrá berist í tækið dregurðu stöðustikuna niður og pikkar á tilkynninguna til að samþykkja skráarflutninginn.
- 3 Pikkaðu á **Samþykkja** til að hefja skráarflutninginn.
- 4 Dragðu stöðustikuna niður. Þegar flutningnum er lokið pikkarðu á tilkynninguna.
- 5 Pikkaðu á mótteknu skrána.

#### Tengiliðir fluttir inn af SIM-korti

- Þú getur tapað upplýsingum eða fengið margar tengiliðafærslur ef þú flytur tengiliði með SIMkorti.
- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎟 og svo á ⊾.
- 2 Pikkaðu á og svo á Flytja inn tengiliði.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Til að flytja inn einstaka tengiliði, finndu og pikkaðu á tengiliðinn. Til að flytja alla tengiliðina pikkarðu á **Flytja inn alla**.

## Leitað að tengiliðum og þeir skoðaðir



- 1 Leita að tengiliðum
- 2 Skoða fleiri valmöguleika
- 3 Tengiliða-, uppáhalds- og hópaflipar
- 4 Breyta og skoða heilbrigðisupplýsingar og upplýsingar um neyðartengilið
- 5 Skoða upplýsingar um tengilið
- 6 Fara í tengiliði sem byrja á völdum staf
- 7 Bæta við tengilið

#### Leitað að tengilið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🙂 og pikkar svo á 🛂
- 2 Pikkaðu á o og sláðu inn símanúmer, nafn eða aðrar upplýsingar í reitinn Leita í tengiliðum. Listinn yfir niðurstöður síast í hvert sinn sem þú slærð inn staf.

#### Tengiliðir valdir til birtingar í forritinu Tengiliðir

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 😁, pikkaðu síðan á 💵
- 2 Ýttu á og pikkaðu svo á Sía.
- 3 Merktu eða afmerktu viðeigandi valkosti í listanum sem birtist. Ef þú hefur samstillt tengiliði þína við samstillingarreikning, birtist sá reikningur á listanum. Pikkaðu á reikning til að stækka valkostalistann frekar.

## Tengiliðum bætt við og þeim breytt

#### Tengilið bætt við

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á 💵
- 2 Pikkaðu á 😐.
- 3 Ef þú hefur samstillt tengiliðina við einn eða fleiri reikninga og ert að bæta tengilið við í fyrsta sinn verðurðu að velja reikninginn sem þú vilt bæta tengiliðnum við. Annars pikkarðu á **Engin öryggisafrit** ef þú vilt bara nota og vista tengiliðinn í tækinu.
- 4 Sláðu inn eða veldu upplýsingar sem óskað er eftir fyrir tengiliðinn.
- 5 Þegar því er lokið pikkarðu á VISTA.
- Þegar þú hefur valið samstillingarreikning í skrefi 3 verður sá reikningur sjálfgefinn næst þegar þú bætir tengilið við. Þegar þú vistar tengilið á tiltekinn reikning verður sá reikningur sjálfgefinn til að vista á næst þegar þú bætir tengilið við. Ef þú hefur vistað tengilið á tiltekinn reikning og vilt breyta honum þarftu að búa til nýjan tengilið og velja annan reikning til að vista hann á.
- Ef þú setur plúsmerki og landsnúmer á undan símanúmeri tengiliðar þarftu ekki að breyta númerinu þegar þú hringir frá öðrum löndum.

#### Tengilið breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á 💵
- 3 Breyttu viðeigandi upplýsingum.
- 4 Þegar því er lokið pikkarðu á **VISTA**.
- Sumar samstillingarþjónustur leyfa ekki að upplýsingum um tengiliði sé breytt.

#### Mynd tengd við tengilið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt breyta og síðan á N.
- Pikkaðu á a, og veldu aðferð til að bæta myndinni við og breyttu henni eftir þörfum.
- 4 Þegar þú hefur bætt myndinni við pikkarðu á VISTA.
- Einnig er hægt að setja mynd inn á tengilið beint frá Albúm forritinu. Ef þú vilt bæta við mynd sem er vistuð á reikningi á netinu verður þú að sækja myndina fyrst.

#### Hringitónn sérstilltur fyrir tengilið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎟 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt breyta og síðan á 🧨.
- 3 Pikkaðu á > Velja hringitón.
- 4 Veldu valkost úr listanum eða pikkaðu á <sup>I</sup>/<sub>2</sub> til að velja tónlistarskrá í tækinu og pikkaðu svo á Lokið.
- 5 Pikkaðu á VISTA.

#### Tengiliðum eytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Snertu og haltu inni tengiliðnum sem þú vilt eyða.
- 3 Til að eyða öllum tengiliðum skaltu pikka á örina niður til að opna fellivalmyndina og velja svo Merkja allt.
- 4 Pikkaðu á 👕 og svo á Eyða.

#### Samskiptaupplýsingum þínum breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á Ég sjálf/ur og svo á .
- 3 Sláðu inn nýjar upplýsingar eða breyttu því sem þú vilt breyta.
- 4 Þegar því er lokið pikkarðu á VISTA.

#### Nýr tengiliður búinn til úr textaskilaboðum

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 📾 og finna og pikka á 💷.
- Pikkaðu á 💽 > Vista.
- 3 Veldu fyrirliggjandi tengilið og pikkaðu á Búa til nýjan tengilið.
- 4 Breyttu tengiliðaupplýsingunum og pikkaðu á VISTA.

# Heilbrigðisupplýsingum og upplýsingum um neyðartengilið bætt við

Þú getur bætt við og breytt ICE-upplýsingum (neyðarupplýsingum) í tengiliðaforritinu. Þú getur fært inn heilbrigðisupplýsingar á borð við ofnæmi og lyf sem þú notar auk upplýsinga um ættingja og vini sem hægt er að hafa samband við í neyðartilfelli. Að uppsetningu lokinni er hægt að nálgast ICE-upplýsingarnar af öryggislásskjánum. Það þýðir að þótt skjárinn sé læstur, t.d. með PIN-númeri, mynstri eða lykilorði, getur neyðarstarfsfólk nálgast ICE-upplýsingarnar.



- 1 Farið aftur í aðalskjá tengiliða
- 2 Skoðaðu fleiri valmöguleika
- 3 Birta heilbrigðisupplýsingar og persónuupplýsingar sem hluta af ICE-upplýsingum
- 4 Heilbrigðisupplýsingar
- 5 ICE-tengiliðalisti
- 6 Búa til nýja ICE-tengiliði
- 7 Nota núverandi tengiliði sem ICE-tengiliði

#### Heilbrigðisupplýsingar og persónuupplýsingar birtar sem hluti af ICE-upplýsingum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚 og svo á 🔽
- 2 Pikkaðu á ICE In Case of Emergency (í neyðartilvikum).
- 3 Pikkaðu á og merktu svo við gátreitinn Birta persónuupplýsingar.

#### Heilbrigðisupplýsingar færðar inn

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎟 og svo á 💵
- 2 Pikkaðu á ICE In Case of Emergency (í neyðartilvikum).
- 3 Pikkaðu á og svo á Breyta heilsufarsupplýsingum.
- 4 Breyttu viðeigandi upplýsingum.
- 5 Þegar því er lokið pikkarðu á **VISTA**.

#### Nýjum ICE-tengilið bætt við

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á ICE In Case of Emergency (í neyðartilvikum) og svo á 3
- 3 Ef þú hefur samstillt tengiliðina við einn eða fleiri reikninga og ert að bæta tengilið við í fyrsta sinn verðurðu að velja reikninginn sem þú vilt bæta tengiliðnum við. Annars pikkarðu á Engin öryggisafrit ef þú vilt bara nota og vista tengiliðinn í tækinu.
- 4 Sláðu inn eða veldu upplýsingar sem óskað er eftir fyrir tengiliðinn.
- 5 Þegar því er lokið pikkarðu á **VISTA**.
- ICE-tengiliðurinn verður að vera með a.m.k. símanúmer sem neyðarstarfsfólk getur hringt í. Ef tækið er læst með öryggislásskjá sér neyðarstarfsfólkið aðeins símanúmer ICE-tengiliðarins, jafnvel þótt aðrar upplýsingar sé að finna í forritinu Tengiliðir.

#### Fyrirliggjandi tengiliðir notaðir sem ICE-tengiliðir

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á ÍCE In Case of Emergency (í neyðartilvikum) og svo á 🗶.
- 3 Merktu við þá tengiliði sem þú vilt nota sem ICE-tengiliði.
- 4 Þegar því er lokið pikkarðu á Lokið.
- ICE-tengiliðurinn sem þú velur verður að vera með a.m.k. símanúmer sem neyðarstarfsfólk getur hringt í. Ef tækið er læst með öryggislásskjá sér neyðarstarfsfólkið aðeins símanúmer ICE-tengiliðanna, jafnvel þótt aðrar upplýsingar sé að finna í forritinu Tengiliðir.

#### ICE-upplýsingar gerðar sýnilegar á öryggislásskjánum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾 og svo á 耳
- 2 Pikkaðu á ICE In Case of Emergency (í neyðartilvikum).
- 3 Pikkaðu á og svo á Stillingar.
- 4 Merktu við gátreitinn ICE á lásskjá.
- Sjálfgefið er að ICE-upplýsingarnar séu sýnilegar á öryggislásskjánum.

#### Símtöl í ICE-tengiliði gerð möguleg af öryggislásskjánum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎰 og svo á 🔽
- 2 Pikkaðu á ÍCE In Case of Emergency (í neyðartilvikum).
- 3 Pikkaðu á og svo á Stillingar.
- 4 Merktu við gátreitinn Virkja símtal í ICE.
- Ekki er víst að öll símafyrirtæki styðji ICE-símtöl.

## Uppáhald og hópar

Þú getur merkt tengiliði sem uppáhald svo þú hafir skjótan aðgang að þeim í tengiliðaforritinu. Einnig geturðu tengt tengiliði við hópa til að hafa skjótari aðgang að hópi tengiliða í gegnum tengiliðaforritið.

#### Til að merkja tengilið sem uppáhalds eða fjarlægja merkið

- 1 Á Heimaskjár, pikkaðu á 🌐, pikkaðu síðan á ⊾
- 2 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt bæta við eða fjarlægja úr uppáhalds.
- Pikkaðu á <del>\*</del>.

#### Uppáhaldstengiliðir skoðaðir

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og pikkar svo á 💵
- 2 Pikkaðu á **Uppáhald**.

#### Tengilið skipað í hóp

- 1 Í tengiliðaforritinu pikkarðu á tengiliðinn sem þú vilt skipa í hóp.
- 2 Pikkaðu á 🎤, pikkaðu síðan á stikuna beint undir Hópar.
- 3 Merktu við gátreitina fyrir hópana sem þú vilt bæta tengiliðnum við.
- 4 Pikkaðu á **VISTA**.

## Senda upplýsingar um tengiliði

#### Nafnspjaldið þitt sent

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á Ég sjálf/ur.
- 3 Pikkaðu á sog svo á **Deila**.
- 4 Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

#### Tengiliður sendur

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á á tengiliðinn sem þú vilt senda upplýsingar um.
- 3 Pikkaðu á og svo á Deila.
- 4 Veldu tiltæka flutningsaðferð og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

#### Til að senda nokkra tengiliði strax

- 1 Á Heimaskjár, pikkaðu á 🌐, pikkaðu síðan á 💵
- 2 Ýttu á og pikkaðu svo á Merkja v. nokkra.
- 3 Merktu tengiliðina sem þú vilt senda eða veldu allt ef þú vilt senda alla tengiliði.
- 4 Pikkaðu á , veldu síðan flutningsaðferð sem er til staðar og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

## Forðast að afrita inngang í tengiliðaforritin

Ef þú samstillir tengiliði á nýjan reikning eða flytur tengiliðaupplýsingar á annan hátt, getur þú endað með að afrita innganga í tengiliðaforritið. Ef það gerist getur þú skráð þig í þannig afrit til að búa til eina færslu. Og ef þú sameinar innganga í ógáti, getur þú aðskilið þá seinna.

#### Tengiliðir tengdir

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜 og svo á 💵
- 2 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt tengja við aðra tengiliði.
- 3 Ýttu á og pikkaðu svo á Tengja tengilið.
- Pikkaðu á tengiliðinn með upplýsingarnar sem þú vilt sameina við fyrsta tengiliðinn, pikkar síðan á **Í lagi** til að staðfesta. Upplýsingarnar frá fyrsta tengiliði sameinast öðrum tengiliði, og fyrsti tengiliður er ekki lengur á skjánum á tengiliðalistanum.

#### Tengiliðir aðskildir

- 1 Á Heimaskjár, pikkaðu á 🕮, pikkaðu síðan á ⊾
- 2 Pikkaðu á tengdan tengilið sem þú vilt breyta og síðan á 🎤.
- 3 Pikkaðu á Aftengja tengilið > Aftengja.

## Tengiliðir afritaðir

Þú getur notað minniskort, SIM-kort eða USB-geymslu til að búa til öryggisafrit af tengiliðum. Sjá *Tengiliðir fluttir* á síðunni 62 til að fá frekari upplýsingar um hvernig tengiliðir eru endurheimtir í tækið.

#### Allir tengiliðir fluttir út á minniskort

- 1 Á Heimaskjár, pikkaðu á 📾, pikkaðu síðan á ⊾
- 2 Ýttu á og pikkaðu svo á Flytja út tengiliði > SD-kort.
- 3 Pikkaðu á Í lagi.

#### Tengiliðir fluttir yfir á SIM-kort

Þegar þú flytur tengiliði yfir á SIM-kortið getur verið að allar upplýsingarnar flytjist ekki með. Ástæðan fyrir þessu er sú að minni SIM-kortsins er takmarkað.

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾 og svo á ⊾
- 2 Ýttu á og pikkaðu svo á Flytja út tengiliði.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Merktu tengiliðina sem þú vilt flytja eða pikkaðu á Merkja allt ef þú vilt flytja alla tengiliðina.
- 5 Pikkaðu á Flytja út.
- 6 Veldu Bæta við tengiliðum ef þú vilt setja inn tengiliði á núverandi símaskrá yfir á SIM kortið þitt, eða veldu Skipta öllum tengiliðum út ef þú vilt skipta núverandi símaskrá út á SIM-kortinu þínu.

Allir tengiliðir fluttir yfir á USB-geymslu

- Pegar þú flytur út tengiliði með þessum hætti verður fyrst að tengja tækið við USB-geymslu, t.d. USB-lykil eða harðan disk, sem þú tengir með USB-snúru. Sjá *Tengdu tækið við USBbúnað* á síðu 107 til að fá frekari upplýsingar um hvernig á að tengja tækið við USB-geymslu.
- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og svo á ⊾
- 2 Pikkaðu á og svo Flytja út tengiliði > USB-geymsla.
- 3 Pikkaðu á Í lagi.

# Skilaboð og spjall

## Skilaboð lesin og send

Skilaboðaforritið sýnir skilaboðin þín sem samtöl, sem þýðir að öll skeyti til og frá einstaka einstaklingi eru í einum hóp. Til að senda margmiðlunarskeyti, þarft þú réttar MMS stillingar í tækinu þínu. Sjá *Stillingar fyrir MMS og internet* á síðu 29.

Fjöldi stafa sem þú getur sent í einu skilaboði er mismunandi eftir fyrirtæki og tungumáli sem þú notar. Hámarks stærð margmiðlunarskeyta, sem innihalda stærð viðbættra efnisskráa, er einnig fyrirtækjaháð. Hafðu samband við símafyrirtækið þitt til að fá frekari upplýsingar.



- 1 Fara aftur í samtalalistann
- 2 Hringja í sendanda skilaboða
- 3 Skoða fleiri valmöguleika
- 4 Send og móttekin skilaboð
- 5 Senda útfyllt skilaboð með SIM-korti 2
- 6 Senda útfyllt skilaboð með SIM-korti 1
- 7 Innsláttarreitur fyrir texta
- 8 Bæta við viðhengjum

#### Skilaboð búin til og send

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐 og pikkar svo á 💷.
- 2 Pikkaðu á 🧨.
- 3 Sláðu inn nafn eða símanúmer viðtakanda eða aðrar tengiliðaupplýsingar sem þú hefur vistað og veldu svo úr listanum sem birtist. Ef viðtakandinn er ekki á tengiliðalistanum skaltu slá númerið inn.
- 4 Ef þú vilt senda hópskilaboð skaltu endurtaka ferlið að ofan til að bæta við fleiri viðtakendum.
- 5 Pikkaðu á **Skrifa skeyti** og sláðu inn texta skilaboðanna.
- 6 Ef vilt setja inn viðhengi pikkarðu á Ø og velur valkost.
- 7 Pikkaðu á ➤ til að senda skilaboðin.
- Ef þú lokar skilaboðum áður en þau eru send eru þau vistuð sem drög. Samtalið er merkt með orðinu Drög:.

#### Móttekin skilaboð lesið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜, finndu síðan og pikkaðu á 💷.
- 2 Pikkaðu á viðkomandi samtal.
- 3 Ef ekki er enn búið að hlaða niður skeytinu skaltu pikka á og halda skeytinu inni, pikkaðu síðan á Sækja skeyti.
- 👻 Öll móttekin skilaboð eru vistuð sjálfgefið á minni tækisins.

#### Skeyti svarað

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 👜 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á samtal sem inniheldur skilaboðin.
- 3 Sláðu inn svarið og pikkaðu á ►.

#### Skilaboð áframsend

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮, finnur svo og pikkar á 💷.
- 2 Pikkaðu á samtalið sem inniheldur skilaboðin sem þú vilt áframsenda.
- 3 Snertu og haltu inni skilaboðunum sem þú vilt áframsenda og pikkaðu svo á Framsenda skeyti.
- 4 Sláðu inn nafn eða símanúmer viðtakanda eða aðrar tengiliðaupplýsingar sem þú hefur vistað og veldu svo úr listanum sem birtist. Ef viðtakandinn er ekki á tengiliðalistanum skaltu slá númerið inn.
- 5 Breyttu skilaboðunum ef nauðsyn krefur og pikkaðu svo á ►.

#### Til að vista skrá sem inniheldur skilaboð sem þú hefur fengið

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🜐 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á samtalið sem þú vilt opna.
- 3 Ef ekki hefur verið enn búið að hlaða niður skeytinu, pikkaðu og haltu skeytinu inni, pikkaðu síðan á Sækja skeyti.
- 4 Haltu inni skránni sem þú vilt vista, veldu síðan viðkomandi valkost.

## Skipulagning á skilaboðum

#### Skilaboðum eytt

- 1 Farðu á Heimaskjár, pikkaðu á 🌐 og finndu svo og pikkaðu á 💷 .
- 2 Pikkaðu á samtalið sem inniheldur skilaboðin sem þú vilt eyða.
- 3 Snertu og haltu inni skilaboðunum sem þú vilt eyða og pikkaðu svo á Eyða skeyti > Eyða.

#### Samtölum eytt

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🐵 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á og svo á **Eyða samtölum**.
- 3 Merktu við samtölin sem þú vilt eyða og pikkaðu svo á i > Eyða.

#### Skilaboð stjörnumerkt

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 👜 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á samtalið sem þú vilt opna.
- 3 Snertu og haltu inni skilaboðunum sem þú vilt stjörnumerkja og pikkaðu svo á Setja stjörnu.
- 4 Til að fjarlægja stjörnumerkingu styðurðu við viðkomandi skilaboð og pikkar á Eyða stjörnu.

#### Stjörnuskilaboð skoðuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜, finndu síðan og pikkaðu á 💷.
- 2 Pikkaðu á og síðan á Stjörnumerkt skeyti.
- 3 Öll stjörnuskilaboð birtast á lista.

#### Til að leita að skilaboðum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐, finndu síðan og pikkaðu á 💷.
- 2 Pikkaðu á sog síðan á Leita.
- 3 Sláðu inn leitarorð. Leitarútkoma birtist á lista.

## Hringt úr skilaboðum

#### Hringt í sendanda skilaboða

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 📵 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á samtal, pikkaðu á 🖍 og veldu SIM-kort.

#### Númer sendanda vistað fyrir tengilið

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🌐 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á 💽 > Vista.
- 3 Veldu fyrirliggjandi tengilið og pikkaðu á Búa til nýjan tengilið.
- 4 Breyttu tengiliðaupplýsingunum og pikkaðu á Vista.

## Skilaboðastillingar

#### Til að breyta stillingum fyrir skilaboðatilkynningar

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🌐 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á og svo á Stillingar.
- 3 Til að velja tilkynningarhljóð pikkarðu á Tilkynningahljóð og velur valkost eða pikkar á <sup>I</sup> go velur tónlistarskrá í tækinu.
- 4 Til að staðfesta pikkarðu á Lokið.
- 5 Fyrir aðrar tilkynningastillingar merkirðu eða afmerkirðu viðeigandi gátreiti.

#### Slökkt eða kveikt á skilatilkynningum um send skilaboð

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 👜 og finna og pikka á 💷.
- 2 Pikkaðu á og svo á **Stillingar**.
- 3 Merktu við eða afmerktu Skilatilkynning gátreitinn.
- Pegar kveikt hefur verið á skilatilkynningum birtist hakmerki við skilaboðin sem búið er að koma til skila.

## Spjallforrit og myndskeiðsspjall

Þú getur notað Google Hangouts<sup>™</sup> spjallforritið og myndskeiðaspjallið á tækinu þínu til að spjalla við vini sem nota einnig forrit á tölvum, Android<sup>™</sup> tækjum og öðrum tækjum. Þú getur breytt hvaða samtali í myndsímtal sem er með nokkrum vinum og þú getur sent skilaboð til vina þó svo þeir séu ótengdir. Þú getur einnig skoðað og deylt myndum á auðveldan hátt.

Hangouts<sup>™</sup> þarf netaðgang og Google<sup>™</sup> reikning. Opnaðu http://support.google.com/ hangouts og smelltu á "Hangouts á Android" tengilinn til að fá frekari upplýsingar um hvernig eigi að nota þetta forrit.

! Myndsímtalsvalkosturinn virkar aðeins á tækjum með fremri myndavél.

#### Til að nota Hangouts™-forritið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🖽 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Hangouts.

# Tölvupóstur

## Uppsetning tölvupósts

Notaðu tölvupóstsforritið í tækinu til að senda og taka á móti tölvupósti í gegnum tölvupóstsreikningana þína. Þú getur notað einn eða fleiri tölvupóstsreikninga samtímis, þ. á m. Microsoft Exchange ActiveSync reikninga fyrir fyrirtæki.

#### Uppsetning á pósthólfi

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
- 3 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast á skjánum til að ljúka uppsetningunni.
- Fyrir sumar tölvupóstsþjónustur getur verið að þú þurfir að hafa samband við tölvupóstsþjónustuveituna fyrir upplýsingar um nánari stillingar fyrir pósthólfið.

#### Öðru pósthólfi bætt við

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
- 3 Pikkaðu á og síðan á Stillingar > Bæta við reikningi.
- 4 Sláðu inn netfangið og lykilorðið, pikkaðu síðan á Næsta. Ef ekki er hægt að hlaða niður stillingunum fyrir pósthólfið sjálfkrafa lýkurðu við uppsetninguna handvirkt.
- 5 Þegar því er lokið pikkarðu á Næsta.

## Sending og móttaka tölvupóstsskeyta



- 1 Skoðaðu lista yfir alla tölvupóstsreikninga og nýlegar möppur
- 2 Leitaðu að tölvupóstsskeytum
- 3 Opna stillingar og valkosti
- 4 Listi yfir tölvupóst
- 5 Skrifa tölvupóstsskeyti

#### Nýjum tölvupóstskeytum hlaðið niður

- Strjúktu niður eftir skilaboðalistanum þegar tölvupóstsinnhólfið er opið.
- Áður en þú reynir að sækja nýjan tölvupóst skaltu ganga úr skugga um að þú sért með gagnatengingu sem virkar. Frekari upplýsingar um gagnatengingar færðu í Stillingar fyrir MMS og internet á síðunni 29.
### Tölvupóstur lesinn

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
- 3 Ef þú notar fleiri en einn tölvupóstsreikning skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og velja reikninginn sem þú vilt skoða. Ef þú vilt skoða alla tölvupóstsreikninga samtímis skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og pikka svo á Sameinað innhólf.
- 4 Flettu upp eða niður í innhólfinu og pikkaðu á tölvupóst sem þú vilt lesa.

## Skrifa og senda tölvupóst

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 👜 og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
- 2 Ef þú notar fleiri en einn tölvupóstsreikning skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og velja reikninginn sem þú vilt nota til að senda póstinn.
- 3 Pikkaðu á 
  , sláðu inn nafn eða netfang viðtakanda og veldu einn eða fleiri viðtakendur af flettilistanum.
- 4 Sláðu inn umræðuefni tölvupóstsins og skilaboðatexta og pikkaðu á ►.

## Tölvupósti svarað

- 1 Í innhólfi tölvupóstsins finnurðu og pikkar á skilaboðin sem þú vilt svara og pikkar síðan á Svara eða Svara öllum.
- 2 Sláðu svarið inn og pikkaðu svo á >.

## Tölvupóstur áframsendur

- 1 Finndu og pikkaðu á skilaboðin sem þú vilt áframsenda í innhólfinu og pikkaðu síðan á **Framsenda**.
- 2 Sláðu inn nafn eða netfang viðtakanda og veldu einn eða fleiri viðtakendur af flettilistanum.
- 3 Sláðu inn texta skeytisins og pikkaðu á >.

### Viðhengi tölvupóstskeytis skoðuð

- Finndu og pikkaðu á tölvupóstskeyti sem innihalda viðhengi sem þú vilt skoða. Tölvupóstskeyti með viðhengi eru auðkennd með @.
- 2 Eftir að tölvupóstskeytið opnast skaltu pikka á **Hlaða**. Viðhengið byrjar að sækja.
- 3 Eftir að búið er að sækja viðhengið pikkarðu á **Skoða**.

#### Til að vista netfang sendanda í tengiliðum

- 1 Finndu og pikkaðu á skilaboð í innihólfi tölvupóstsins.
- 2 Pikkaðu á nafn sendandans, pikkaðu síðan á Í lagi.
- 3 Veldu fyrirliggjandi tengilið og pikkaðu á Búa til nýjan tengilið.
- 4 Breyttu tengiliðaupplýsingunum, ef vill, pikkaðu síðan á Lokið.

## Skipulagning á tölvupósti

## Tölvupóstur flokkaður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
- 3 Ef þú notar fleiri en einn tölvupóstsreikning skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og velja reikninginn með póstinum sem þú vilt flokka. Ef þú vilt flokka póst í öllum tölvupóstsreikningum samtímis skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og pikka svo á Sameinað innhólf.
- 4 Pikkaðu á og pikkar svo á Flokka.
- 5 Veldu röðunarvalkost.

### Leitað að tölvupósti

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 👜 og finna og pikka á **Tölvupóstur**.
- 2 Ef þú notar fleiri en einn tölvupóstsreikning skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og velja reikninginn þar sem þú vilt leita. Ef þú vilt leita í öllum tölvupóstsreikningum samtímis skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri og pikka svo á Sameinað innhólf.
- 3 Pikkaðu á Q.
- 4 Sláðu leitartextann inn og pikkaðu á Q á lyklaborðinu.
- 5 Leitarniðurstöður birtast í lista sem raðað er eftir dagsetningum. Pikkaðu á tölvupóstsskeyti sem þú vilt opna.

## Allar möppur í tölvupósthólfi skoðaðar

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 😁 og pikkar svo á **Tölvupóstur**.
- 2 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri og veldu reikninginn sem þú vilt athuga.
- 3 Undir reikningnum sem þú vilt athuga velur þú Sýna allar möppur.

#### Tölvupóstskeyti eytt

Í tölvupóstsinnhólfi flettirðu skilaboðinu sem þú vilt eyða til hægri

#### Til að færa tölvupóstskeyti yfir í aðra möppu

- 1 Í tölvupóstsinnhólfi flettirðu skilaboðinu sem þú vilt færa til vinstri.
- 2 Pikkaðu á **Flytja** og veldu síðan möppu.

## Stillingar netfangs

#### Tölvupóstreikningur fjarlægður úr tækinu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á **Tölvupóstur**.
- 3 Ýttu á og síðan á Stillingar.
- 4 Veldu pósthólfið sem þú vilt fjarlægja.
- 5 Pikkaðu á Eyða reikningi > Í lagi.

## Til að breyta tíðni athugunar innhólfsins

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Tölvupóstur.
- 3 Pikkaðu á og síðan á Stillingar.
- 4 Veldu reikninginn þar sem þú vilt breyta athugunartíðni innhólfsins.
- 5 Pikkaðu á Athugunartíðni > Skoða tíðni og veldu valkost.

## Til að stilla sjálfsvörun fyrir forfallatrygging í Exchange Active Sync reikningi

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 📾 og finna og pikka á Tölvupóstur.
- 2 Ýttu á og pikkaðu svo á Stillingar.
- 3 Veldu EAS (Samstilling skiptavirkni) reikninginn sem þú vilt setja sem sjálfvirkt svar .
- 4 Pikkaðu á Sjálfvirkur svarpóstur.
- 5 Dragðu sleðann við hliðina á Sjálfvirkur svarpóstur til hægri til að kveikja á valkostinum.
- 6 Ef þarf, merktu við **Stilla tíma** gátreitinn og stillir tímasvoð fyrir sjálfsvörun.
- 7 Sláðu inn forfallatilkynningarskilaboðin í textareitnum.
- 8 Pikkaðu á Í lagi til að staðfesta.

## Gmail™

Ef þú átt Google™ reikning getur þú notað Gmail™ forritið til að lesa og skrifa tölvupóst.

i	Primary Q	
C	Coursera New Is H allon, we have recommended cours. Recommended Courses For alice View .	
G	Coogle OF Sep 15 Google Account password changed Adde Honey Hi Alace. The password for 17	
C	Coursera Iso 6 R alco, we have recommended cours. coursera logo Recommended Courses.	-3
C	Coursera Aug 9 III alcol, we have recommended cours, coursers logo Learn Something New Ev. 17	
C	Coursera an IN If alco, we have recommended cours, oursera logo Recommended Courses, Or -	
C	Coursera Hi alice, we have recommended courses rounters logo View all courses! Recom	-4

- 1 Skoðaðu lista yfir alla Gmail-reikninga og möppur
- 2 Leitaðu að tölvupóstsskeytum
- 3 Listi yfir tölvupóst
- 4 Skrifa tölvupóstsskeyti

## Meiri upplýsingar um Gmail™

 Þegar Gmail forritið er opið dregurðu vinstri brún skjásins til hægri, og finnur svo og pikkar á Hjálp.

# Tónlist

## Tónlist flutt yfir í tækið

Mismunandi leiðir eru til að flytja tónlist af tölvu yfir í tækið þitt:

- Aðeins fyrir Windows<sup>®</sup>: Tengdu tækið og tölvuna með USB-snúru og dragðu og slepptu tónlistarskrám beint inn í skráasafnið í tölvunni. Sjá Umsjón með skrám með tölvu á bls. 127.
- Ef um tölvu er að ræða geturðu notað forritið Media Go<sup>™</sup> frá Sony og haldið utan um tónlistarskrár, búið til lagalista, gerst áskrifandi að vefvarpi o.fl. Til að fá frekari upplýsingar um Media Go<sup>™</sup> og sækja forritið geturðu farið á http://mediago.sony.com/enu/features.
- Þú getur notað Xperia<sup>™</sup> Companion hugbúnað til að flytja fjölmiðlaskrár á milli tölvunnar og tækisins. Til að fá meira að vita getur þú sótt Xperia<sup>™</sup> Companion á www.sonymobile.com/global-en/tools/xperia-companion.
- Ekki er víst að tónlist styðji öll tónlistarskráarsnið. Þú getur lesið þér betur til um studd skráarsnið og notkun margmiðlunarskráa (hljóð, myndir og myndskeið) með því að sækja skjal um tækið þitt í *www.sonymobile.com/support*.

## Hlustað á tónlist

Notaðu tónlistarforritið til að hlusta á tónlist og hljóðbækur.



- 1 Farðu í tónlistarheimaskjáinn
- 2 Leitað í öllum lögum sem vistuð eru í tækinu
- 3 Skoðaðu lagalista í spilun
- 4 Plötuumslag (ef í boði)
- 5 Stöðuvísir dragðu vísinn eða pikkaðu meðfram línunni til að spóla áfram eða aftur á bak
- 6 Tími sem er liðinn af lagi í spilun
- 7 Heildarlengd lags í spilun
- 8 Endurtaka öll lög á lagalista í spilun
- 9 Pikkaðu til að spila næsta lag á lagalistanum Snertu og haltu til að spóla áfram í lagi í spilun
- 10 Spila lag eða gera hlé á því
- 11 Pikkaðu til að spila lagið á undan í lagalistanum Snertu og haltu til að spóla lagi í spilun til baka
- 12 Stokka lög á lagalista í spilun

## Heimaskjár Music



- 1 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri til að opna heimavalmynd Music
- 2 Flettu upp eða niður til að skoða efni
- 3 Lag spilað í forritinu Music
- 4 Farið aftur í spilaraskjámynd Music

### Til að spila lag í forritinu Music

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🌐 og finna og pikka á ወ.
- 2 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri.
- 3 Veldu tónlistarflokk.
- 4 Pikkaðu á lag til að spila það.
- Ef til vill getur þú ekki spilað höfundarréttarvarið efni. Gakktu úr skugga um að þú hafir nauðsynleg réttindi á efninu sem þú ætlar að deila.

#### Upplýsingar tengdar lagi fundnar á netinu

- Á meðan lag er í spilun í forritinu Music, pikkaðu á plötumynd og pikkaðu svo á Meira um þetta.
- Upplýsingar á netinu sem tengjast laginu geta falið í sér myndskeið á YouTube™, lagatexta og upplýsingar um listamann á Wikipedia.

### Tónlistarupplýsingum breytt

- 1 Úr forritinu Music, pikkaðu á plötumynd og pikkaðu svo á Breyta tónlistaruppl.
- 2 Breyttu upplýsingum að vild.
- 3 Þegar því er lokið pikkarðu á Vista.

#### Til að stilla hljóðstyrk

Ýttu á hljóðstyrkstakkann.

#### Forritið Music minnkað

Þegar lag er spilað skaltu ýta á 
 <u>t</u>il að fara á Heimaskjár. Music heldur áfram að spila í bakgrunninum.

#### Forritið Music opnað þegar það spilar í bakgrunninum

- 1 Meðan lag er að spila í bakgrunninum pikkarðu á □ til að opna nýlega notaðan forritaglugga.
- 2 Pikkaðu á forritið Music.

## **Heimavalmynd Music**

Á heimavalmynd Music færðu yfirlit yfir öll lögin í tækinu. Héðan geturðu haft umsjón með plötunum þínum og spilunarlistum og skipulagt tónlistina þína eftir stemningu og hraða með SensMe™ rásum.



- 1 Farðu aftur í heimavalmynd Music
- 2 Skoðaðu lagalista í spilun
- 3 Skoðaðu alla listamenn
- 4 Skoðaðu allar plötur
- 5 Skoðaðu öll lög
- 6 Flettu í tónlistarsafninu og síaðu eftir flytjanda, plötu eða lagaheiti
- 7 Skoða alla spilunarlista
- 8 Spilaðu tónlist sem hefur verið deilt í öðru tæki
- 9 Skoðaðu allar sóttar skrár eða skrár í áskrift í Podcast
- 10 Opnaðu stillingavalmynd fyrir Music forritið

#### Heimavalmynd Music opnuð

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🜐 og finna og pikka á ወ.
- 2 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri.

## Til að fara aftur á heimaskjá Music

- Þegar heimaskjásvalmynd Music er opin skaltu pikka á Heima.
- Þegar heimaskjásvalmynd Music er opin skaltu pikka á skjáinn hægra megin við valmyndina.

## Tónlistin þín uppfærð með nýjustu upplýsingum

- 1 Af tónlistarvalmynd heimaskjásins pikkarðu á Stillingar.
- 2 Pikkaðu á Sækja upplýsingar um tónlist > Byrja. Tækið leitar á netinu og sækir nýjasta plötuumslagið sem er til staðar og upplýsingar um lagið fyrir tónlistina þína.

## Lagi eytt

- 1 Flettu að laginu sem þú vilt eyða í valmynd heimaskjás Music.
- 2 Haltu inni laginu og pikkaðu síðan á Eyða í listanum sem birtist.
- 3 Pikkaðu aftur á **Eyða** til að staðfesta.

## Spilunarlistar

Á heimaskjá Music getur þú búið til þína eigin spilunarlista með tónlistinni sem er vistuð á tækinu þínu.

## Lagalistar búnir til

- Haltu titli lagsins eða plötunnar sem þú vilt setja á spilunarlista inni á heimaskjá Music til að setja á spilunarlista.
- 2 Í valmyndinni sem opnast pikkarðu á Bæta við spilunarlista > Nýr spilunarlisti.
- 3 Sláðu inn heiti fyrir lagalistann og pikkaðu á Í lagi.
- Þú getur líka pikkað á plötuumslagið og svo Bæta við spilunarlista til að búa til nýjan lagalista.

### Þínir eigin spilunarlistar spilaðir

- 1 Opnaðu heimavalmyndina í Music og pikkaðu á Spilunarlistar.
- 2 Undir **Spilunarlistar** velurðu spilunarlistann sem þú vilt opna.
- 3 Ef þú vilt spila öll lögin pikkarðu á Stokka allt.

#### Lögum bætt við spilunarlista

- 1 Finndu lagið eða plötuna sem þú vilt setja á spilunarlista á heimaskjá Music.
- 2 Haltu titli lags eða plötu inni og pikkaðu svo á Bæta við spilunarlista.
- 3 Pikkaðu nafnið á spilunarlistanum þar sem þú vilt setja plötuna eða lagið. Plötunni eða laginu hefur verið bætt við spilunarlistann.

## Til að taka lag af spilunarlista

- 1 Haltu inni heiti lagsins sem þú vilt eyða í spilunarlistanum.
- 2 Pikkaðu á Eyða af spilunarlista.
- Pú getur ef til vill ekki eytt lagi sem er vistað á minniskortinu eða í innra minni tækisins.

#### Spilunarlista eytt

- 1 Opnaðu heimavalmynd Music og pikkaðu á Spilunarlistar.
- 2 Snertu og haltu inni spilunarlistanum sem þú vilt eyða.
- 3 Pikkaðu á Eyða.
- 4 Pikkaðu aftur á **Eyða** til að staðfesta.
- Þú getur ekki eytt snjalllistum.

## Tónlist deilt

#### Lagi deilt

- 1 Flettu að laginu eða plötunni sem þú vilt deila á heimaskjá Music.
- 2 Haltu lagatitlinum inni og pikkaðu svo á **Deila**.
- 3 Veldu forrit úr listanum og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.
- 🁻 Einnig er hægt að deila plötum og lagalistum með sama hætti.

## Hljóðefling

## Hljóðgæði aukin með tónjafnaranum

- Opnaðu heimaskjá tónlistarvalmyndarinnar og pikkaðu á Stillingar > Hljóðstillingar
   > Hljóðbrellur > Tónjöfnun.
- 2 Dragðu tíðnisviðshnappana upp eða niður til að stilla hljóðið handvirkt. Pikkaðu á
   v og veldu snið til að stilla hljóðið sjálfvirkt.

## Kveikt á eiginleikum surround-hljóðs

- Opnaðu tónlistarvalmynd heimaskjásins og pikkaðu síðan á Stillingar > Hljóðstillingar > Hljóðbrellur > Umhverfishljómur (VPT).
- 2 Flettu til vinstri eða hægri til að velja stillingu pikkaðu síðan á **Í lagi** til að staðfesta.

## Kennsl borin á tónlist með TrackID™

Notaðu TrackID<sup>™</sup> tónlistargreiningartæknina til að bera kennsl á lag sem þú heyrir í umhverfi þínu. Taktu bara upp smáhluta af laginu og þú færð flytjanda, heiti og plötuupplýsingar á nokkrum sekúndum. Þú getur keypt lög sem TrackID<sup>™</sup> ber kennsl á og skoðað TrackID<sup>™</sup> lista til að sjá hverju notendur TrackID<sup>™</sup> um víða veröld eru að leita að. Bestur árangur fæst með því að nota TrackID<sup>™</sup> í hljóðlátu umhverfi.



- 1 Búa til TrackID™ prófíl á netinu
- 2 Skoða nýjustu vinsældalista
- 3 Skoða valkosti TrackID™
- 4 Skoða feril eldri leita
- 5 Berðu kennsl á tónlistina sem þú heyrir
- I TrackID™ forritið og TrackID™ þjónustan eru ekki studd í öllum löndum/svæðum eða af öllum símakerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

#### Kennsl borin á tónlist með TrackID™ tækni

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á TrackID™ og beindu tækinu í átt að tónlistinni.
- 3 Pikkaðu á ø. Ef TrackID™ þekkir lagið birtast niðurstöðurnar á skjánum.

### Upplýsingar um flytjanda lags skoðaðar

- Eftir að TrackID™ forritið ber kennsl á lagið birtist niðurstaðan á heimskjá TrackID™.
- 2 Flettu að niðurstöðunni sem þú vilt skoða og pikkaðu til að opna hana.

#### Lagi eytt úr lagasögu

- 1 Opnaðu **TrackID™** forritið og flettu að laginu sem þú vilt eyða.
- 2 Snertu og haltu skjánum til að láta 💼 birtast.
- 3 Pikkaðu á 💼.

# FM útvarp

## Hlustað á útvarpið

FM-útvarp tækisins virkar eins og hvert annað útvarpstæki. Þú getur til dæmis leitað að og hlustað á FM-útvarpsstöðvar og vistað þær sem uppáhald. Þú þarft að tengja heyrnartól eða handfrjálsan búnað með snúru við tækið til að nota útvarpið. Þetta er vegna þess að heyrnartólin virka einnig sem loftnet. Þegar slíkur búnaður hefur verið tengdur er hægt að láta hljóðið heyrast í hátalara tækisins ef þess er óskað.



- 1 Listi yfir eftirlæti
- 2 Hnappur til að kveikja og slökkva á útvarpi
- 3 Skoða valkosti valmyndar
- 4 Stillt tíðni
- 5 Rás vistuð eða fjarlægð úr eftirlæti
- 6 Tíðnival
- 7 Tíðnisvið dragðu til vinstri eða hægri til að fara á milli rása
- 8 Farðu upp tíðnisviðið upp til að leita að rás
- 9 Vistuð uppáhaldsstöð
- 10 Farðu niður tíðnisviðið niður til að leita að rás

#### Hlustað á FM-útvarp

- 1 Tengdu höfuðtól eða heyrnartól við tækið.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜 .
- 3 Finndu og pikkaðu á FM-útvarp in . Tiltækar rásir birtast þegar þú flettir í gegnum tíðnisviðið.
- Þegar FM-útvarpið er ræst sjást tiltækar stöðvar sjálfkrafa. Bjóði stöð upp á RDS-upplýsingar sjást þær örfáum sekúndum eftir að þú byrjar að hlusta á stöðina.

### Flakkað á milli útvarpsstöðva

Dragðu tíðnisviðið til vinstri eða hægri.

## Til að hefja nýja leit að útvarpsstöðvum

- 1 Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á .
- 2 Pikkaðu á Leita að rásum. Útvarpið leitar að heilu tíðnibili og allar stöðvar sem eru í boði eru sýndar.

## Hljóð útvarps látið spilast um hátalara tækisins

- 1 Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á :
- 2 Pikkaðu á **Spila í hátalara**.
- Til að spila hljóðið aftur í gegnum höfuð- eða heyrnartól með snúru skaltu ýta á og pikka á Spila í heyrnartólum.

#### Til að bera kennsl á lag í FM-útvarpi með TrackID™

- 1 Þegar lag er spilað í FM-útvarpi tækisins pikkarðu á **i** og velur síðan **TrackID™**.
- 2 Stöðuvísir birtist á meðan TrackID™ forritið tekur sýnishorn af laginu. Ef greiningin heppnast birtist niðurstaðan eða listi af mögulegum lögum.
- 3 Ýttu á ⊲ til að fara aftur í FM-útvarpið.
- I TrackID™ forritið og TrackID™ þjónustan eru ekki studd í öllum löndum/svæðum, eða af öllum símakerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum.

## Uppáhaldsútvarpsstöðvar

#### Rás sem vistuð sem uppáhald

- 1 Þegar útvarpið er opið skaltu fara að rás sem þú vilt vista sem uppáhalds.
- 2 Pikkaðu á 🏠
- 3 Sláðu inn heiti og veldu lit fyrir rásina, ýttu síðan á Vista.

## Hlustað á uppáhaldsútvarpsstöðina

- 1 Pikkaðu á 🛬.
- 2 Veldu valkost.

#### Rás fjarlægð úr uppáhaldi

- 1 Þegar útvarpið er opið skaltu fara að rás sem þú vilt fjarlægja.
- 2 Pikkaðu á 🛧, pikkaðu síðan á Eyða.

## Hljóðstillingar

## Skipt á milli einrása og tvírása hljóðstillingu

- 1 Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á .
- 2 Bankaðu á Kveikja á víðóma hljómi
- 3 Til að hlusta á útverp í einrása hljóðstillingu aftur ýtirðu á og pikkar á Þvinga einóma hljóm.

#### Útvarpssvæði valið

- 1 Þegar kveikt er á útvarpinu ýtirðu á .
- 2 Pikkaðu á Stilla útvarpssvæði
- 3 Veldu valkost.

### Visualiser stilltur

- 1 Þegar útvarpið er opið pikkarðu á
- 2 Pikkaðu á **Tónsjón**.
- 3 Veldu valkost.

# Myndavél

## Myndir teknar og myndskeið tekin upp



- 1 Auka eða minnka aðdrátt
- 2 Aðalskjár myndavélar
- 3 Myndavélartakki Kveikja á myndavél/Taka myndir/Taka upp myndskeið
- 4 Skoða myndir og myndskeið
- 5 Taka myndir eða taka upp myndskeið
- 6 Fara aftur um eitt skref eða loka myndavélinni
- 7 Breyta tökustillingum
- 8 Opna myndavélastillingar og flýtileiðir
- 9 Fremri myndavél
- 10 Flassljós

## Mynd tekin með lásskjánum

- 1 Til að kveikja á skjánum ýtirðu stuttlega á rofann 心.
- 2 Til að virkja myndavélina styðurðu við myndavélartáknið 📩 og dregur það til vinstri.
- 3 Þegar myndavélin opnast skaltu pikka á 💿.

## Myndir teknar með myndavélartakkanum

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Ýttu myndavélartakkanum alla leið niður.

## Mynd tekin með því að pikka á myndavélahnappinn

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Beittu myndavélinni að viðfangsefninu.
- 3 Pikkaðu á myndavélahnappinn . Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

## Sjálfsmynd tekin með fremri myndavélinni

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 🤹
- 3 Ýttu á afsmellarann til að taka mynd. Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

## Myndavélarflassið notað

- 1 Pikkaðu á 👍 þegar myndavélin er opin.
- 2 Veldu flassstillingu sem óskað er eftir.
- 3 Taktu myndina.

## Til að nota aðdráttarvalkostinn

- Þegar myndavélin er opin ýtirðu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður.
- Klíptu inn eða út á myndavélaskjánum þegar myndavélin er opin.

## Myndskeið tekið upp með myndavélartakkanum

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 💿 og veldu 🔳.
- 3 Ef myndupptökuvélin er ekki valin skaltu pikka á 
  1.
- 4 Ýttu á myndavélartakkann til að hefja myndupptöku.
- 5 Ýttu aftur á myndavélartakkann til að stöðva upptökuna.

## Myndskeið tekið upp

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Beindu myndavélinni að viðfangsefninu.
- 3 Til að hefja upptöku pikkarðu á.
- 4 Til að gera hlé á upptöku myndskeiðs pikkarðu á (■). Til að halda áfram að taka upp pikkarðu á (●).
- 5 Til að stöðva upptöku pikkarðu á 🔳.

## Mynd tekin um leið og myndskeið er tekið upp

Til að taka mynd um leið og myndskeið er tekið upp er pikkað á 

 Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

## Myndir og myndskeið skoðuð

- Kveiktu á myndavélinni, pikkaðu síðan á smámynd til að opna mynd eða myndskeið.
- 2 Flettu til vinstri eða hægri til að skoða myndir eða myndskeið.

## Mynd eða uppteknu myndskeiði eytt

- 1 Flettu að myndinni eða myndskeiðinu sem þú vilt eyða.
- 2 Pikkaðu á skjáinn svo 👕 birtist.
- 3 Pikkaðu á 📋
- 4 Pikkaðu á Eyða til að staðfesta.

## Andlitsgreining

Þú getur notað andlitsgreiningu til að færa andlit í útjaðrinum í fókus. Myndavélin nemur sjálfkrafa allt að fimm andlit, sem eru látinn í ljós af hvítum ramma. Litaður rammi sýnir andlit sem hefur verið valið fyrir fókus. Fókus er stilltur á það andlit sem er næst myndavélinni. Einnig er hægt að pikka á einn ramma til að velja hvaða andlit ætti að vera í fókus.

## Kveikt á andlitskennslum

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 应 og veldu svo 🔳.
- 3 Pikkaðu á og svo á n.
- 4 Pikkaðu á Fókusstilling > Andlitsgreining.

## Myndataka með andlitsgreiningu

- 1 Þegar kveikt er á myndavélinni og kveikt á Andlitsgreining skaltu beina myndavélinni að myndefninu. Hægt er að greina allt að fimm andlit og rammi birtist um hvert þeirra.
- 2 Ýttu myndavélartakkanum hálfa leið niður. Litaður rammi sýnir hvaða andlit er í fókus.
- 3 Ýttu myndavélartakkanum alla leið niður til að taka myndina.

## Smile Shutter™ notað til að ná brosandi andlitum

Notaðu Smile Shutter™ tækni til að taka ljósmyndir af andliti þegar það brosir. Myndavélin greinir allt að fimm andlit og velur eitt andlit fyrir brosstillingu og sjálfvirkan fókus. Þegar bros greinist á andlitinu tekur myndavélin sjálfkrafa mynd.

### Kveikt á Smile Shutter™

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 🕻 pikkaðu síðan á 💼
- 3 Pikkaðu á Smile Shutter og veldu brosstig.

## Mynd tekin með Smile Shutter™

- 1 Þegar myndavélin er opnuð og kveikt á Smile Shutter™, beinir þú myndavélinni að myndefninu. Myndavélin velur hvaða andlit á að stilla fókus á.
- 2 Andlitið sem er valið birtist inn í litaða rammanum og myndin verður tekin sjálfkrafa.
- 3 Til að taka mynd handvirkt þótt ekkert bros greinist skaltu ýta á
  - myndavélartakkann.

## Upplýsingum um staðsetningu bætt við myndir

Kveiktu á landmerkingu til að bæta grófri staðsetningu (landmerki) við myndir þegar þú tekur þær. Landfræðileg staðsetning er ákvörðuð annað hvort eftir þráðlausu kerfi (farsíma eða Wi-Fi®) eða með GPS-tækni.

Þegar *s* birtist á skjá myndavélarinnar er kveikt á landmerkingu en staðsetning hefur ekki fundist. Þegar **v** birtist er kveikt á landmerkingu og staðsetning er þekkt, þannig að hægt er að landmerkja myndina. Slökkt er á landmerkingu ef hvorugt táknið sést.

## Kveikt á landmerkingu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Pikkaðu á Stillingar > Staðsetning.
- 3 Pikkaðu á kveikt/slökkt-takkann.
- 4 Kveiktu á myndavélinni.
- 5 Pikkaðu á 🕯 og svo á 🏩.
- 6 Dragðu sleðann við hliðina á Hnitamerking til hægri.

## Almennar myndavélarstillingar

## Yfirlit yfir tökustillingar

## Öflugri sjálfvirkni

Hagræddu stillingunum þínum eftir umhverfi.

- Handvirkt Breyttu stillingum myndavélarinnar handvirkt.
- 🐟 AR áhrif

Taktu ljósmyndir eða myndskeið með sýndarumhverfi og táknum.

- Myndhrif Bættu áhrifum við myndir eða myndskeið.
- Timeshift burst Finndu bestu myndina í röð mynda.
- Víðmynd Taktu gleiðhyrndar myndir og víðmyndir.
- Andlitslagfæring Taktu myndir með rauntímastílhrifum.

## Ofursjálfvirkni

Ofursjálfvirkni greinir við hvaða aðstæður þú ert að taka mynd og aðlagar stillingar sjálfkrafa í samræmi við það til að tryggja að þú náir sem bestri mynd.

## Handvirk stilling

Notaðu handvirka stillingu þegar þú vilt stilla myndavélina handvirkt.

## AR áhrif

Þú getur sett AR (aukinn raunveruleika) áhrif á myndirnar eða myndskeiðin þín til að gera þær skemmtilegri. Þegar myndavélin er notuð gerir þessi stilling þér kleift að samþætta þrívíddarumhverfi í myndirnar eða myndskeiðin þín. Veldu aðeins umhverfið sem þú vilt stilla stöðu þess í myndglugganum.

## Myndbrella

Þú getur notað mismunandi áhrif á myndirnar þínar. Þú getur t.d. bætt Fortíðaráhrifum við til að láta myndir virðast eldri eða Skissuáhrifum til að fá skemmtilegri mynd.

## Sweep Panorama

Þú getur tekið breið- og víðmyndir úr láréttri og lóðréttri stefnu í auðveldri halda inni og sveiflu hreyfingu.

## Víðmynd tekin

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 应 og veldu svo 🚐.
- 3 Til að velja tökuátt pikkarðu á 🛒.
- 4 Ýttu á myndavélartakkann og færðu myndavélina hægt og stöðugt í stefnu hreyfingar sem er sýnd á skjánum.

## Timeshift burst

Myndavélin tekur 31 myndar myndaröð á tveimur sekúndum – einni sekúndu fyrir og eftir að ýtt er á myndavélartakkann. Þú getur því fundið hina fullkomnu mynd.

## Timeshift burst notuð

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 💽, veldu síðan 🕚.
- 3 Ýttu myndavélartakkanum alveg niður og slepptu honum síðan til að taka myndir. Myndirnar sem eru teknar birtast á smámyndaskjánum.
- 4 Flettu í gegnum smámyndirnar og veldu myndina sem þú vilt vista, pikkaður síðan á .

## Andlitsmyndir lagaðar

Notaðu andlitsmyndalagfæringuna til að laga andlitsmyndir jafnóðum til að tryggja sem besta útkomu. Þú getur einnig notað **Töfrageisli** stillinguna til að lýsa og slétta húð fyrirsætunnar og bæta við kastljóssáhrifum í augun.

## Hvernig andlitsmyndir eru lagaðar

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 🐱 og svo á 🔕.
- 3 Strjúktu upp eftir skjánum til að sýna stílval og veldu svo andlitsmyndastíl fyrir þínar myndir.
- 4 Pikkaðu á skjáinn eða strjúktu niður eftir honum til að fela stílval.
- 5 Strjúktu til vinstri til að sýna rammaval og veldu svo skrautramma.
- 6 Pikkaðu á myndavélarskjáinn eða strjúktu til hægri til að fela rammaval.

## Hvernig Töfrageislaeiginleikinn er notaður

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 应 og svo á 🧔.
- 3 Til að virkja Töfrageislaeiginleikann pikkarðu á i og dregur svo sleðann við hliðina Töfrageisli til hægri.
- 4 Veldu sérsniðið mynstur til að nota kastljóssáhrif inni í augum.

## Myndavélaforrit sótt

Þú getur sótt ókeypis eða greitt fyrir myndavélaforrit frá Google Play™ eða öðrum stöðum. Áður en þú hleður niður skaltu ganga úr skugga um að þú sért með nettengingu, helst Wi-Fi® til að takmarka gagnaumferðargjald.

#### Til að sækja myndavélaforrit

- 1 Opnaðu myndavélinaforrit.
- 2 Pikkaðu á og síðan á HÆGT AÐ SÆKJA.
- 3 Veldu forritið sem þú vilt sækja og fylgdu leiðbeiningunum til að ljúka uppsetningunni.

## Flýtiræsing

Notaðu flýtiræsingarstillingar til að ræsa myndavélina þegar skjárinn er læstur.

#### Einungis ræsa

Þegar kveikt er á þessari stillingu getur þú ræst myndavélina þegar skjárinn er læstur með því að ýta á myndavélarhnappinn og halda honum inni.

#### Ræsa og smella af

Þegar kveikt er á þessari stillingu getur þú ræst myndavélina og tekið mynd sjálfkrafa þegar skjárinn er læstur með því að ýta á myndavélarhnappinn og halda honum inni.

#### Ræsa og taka upp myndskeið

Þegar kveikt er á þessari stillingu getur þú ræst myndavélina og hafið að taka upp myndskeið þegar skjárinn er læstur með því að ýta á myndavélarhnappinn og halda honum inni.

Slökkt

## Hnitamerking

Merktu myndir með upplýsingum um hvar þær voru teknar.

## Snertimyndataka

Finndu fókussvæði og snertu svo myndavélarskjáinn með fingrinum. Myndin er tekin um leið og þú tekur fingurinn af.

## Hljóð

Veldu að kveikja eða slökkva á lokarahljóði.

## Gagnageymsla

Þú getur valið að vista gögnin þín annað hvort á færanlegt SD-kort eða yfir í innri geymslu tækisins.

## Innri geymsla

Myndir eða myndskeið eru vistuð á minni tækisins.

#### SD-kort

Myndir eða myndskeið eru vistuð á SD-kort.

## Hvítjöfnun

Þessi stilling, sem er aðeins í boði í **Handvirkt** tökustillingu, stillir litajafnvægið í samræmi við birtuskilyrði. Hún gerir þér líka kleift að stilla lýsinguna handvirkt á EV-sviðinu -2.0 EV til +2.0 EV. Til dæmis geturðu aukið birtu myndarinnar eða minnkað heildarlýsinguna með því að pikka á plús- eða mínusstjórntakkana þegar hvítjöfnunarstillingartáknið III birtist.

WB Sjálfvirk

Stillir litajafnvægið sjálfkrafa til að passa við birtuskilyrðin.

## -

Stillir litajafnvægi fyrir hlýja birtu, eins og í lýsingu frá ljósaperum.

兴 Flúrljós

Stillir litajafnvægið að flúrlýsingu.

Dagsbirta Stillir litajafnvægið fyrir sólskin utandyra.

Skýjað Stillir litajafnvægið að skýjuðu veðri.

## Myndavélarstillingar

## Til að stilla myndavélastillingar

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á til að birta allar stillingar.
- 3 Veldu stillinguna sem þú vilt breyta og breyttu að vild.

## Yfirlit yfir stillingar myndavélar

## Upplausn

Veldu upplausn og hlutfall áður en mynd er tekin. Mynd með meiri upplausn þarf meira minni.

#### 8MP

3264×2448(4:3)

8 megapixla mynd í hlutföllunum 4:3. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á venjulegum skjá eða prenta í mikilli upplausn.

## 5MP

3104×1746(16:9)

5 megapixla mynd með hlutföllunum 16:9. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á venjulegum skjá eða prenta í mikilli upplausn.

## 2MP

## 1920×1080(16:9)

2 megapixla mynd í hlutföllunum 16:9. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á víðskjá.

## 2MP

#### 1632×1224(4:3)

2 megapixla mynd í hlutföllunum 4:3. Hentar fyrir myndir sem á að skoða á venjulegum skjá eða prenta í mikilli upplausn.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## Tímastillir

Með tímastillinum er hægt að taka mynd án þess að halda á tækinu. Notaðu þennan eiginleika til að taka sjálfsmyndir eða hópmyndir þar sem allir geta verið á myndinni. Þú getur einnig notað tímastilli ef þú vilt koma í veg fyrir að myndavélin hristist í myndatöku.

#### Kveikt (10 sek.)

Veldu 10 sekúndna bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndin er tekin.

#### Kveikt (2 sek.)

Veldu 2 sekúndna bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndin er tekin.

#### Kveikt (0,5 sek.) Veldu hálfrar sekúndu bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndin er tekin.

Slökkt

Mynd er tekin um leið og þú pikkar á myndavélarskjáinn.

## Smile Shutter™

Notaðu eiginleikann Smile Shutter™ til að ákveða hvernig brosi myndavélin bregst við áður en mynd er tekin.

## Fókusstilling

Fókusvalkosturinn stjórnar hvaða hlut myndarinnar á að vera skarpari. Þegar kveikt er á sjálfvirka fókusnum heldur myndavélin áfram að stilla fókusinn þannig að svæðið í fókusrammanum er alltaf skarpt.

#### Stakur sjálfv. fókus

Myndavélin stillir sjálfkrafa fókusnum á valið myndefni. Kveikt er á sjálfvirka fókusnum. Snertu og haltu inni myndavélaskjánum þangað til fókusramminn breytir um lit sem bendir á að búið sé að stilla fókusnum. Myndin er tekin þegar þú sleppir fingrinum.

#### Andlitsgreining

Myndavélin nemur allt að fimm andlitum, sem bend er á í römmum á skjánum. Myndavélin stillir fókusinn sjálfkrafa á andlitið sem er næst. Þú getur einnig valið hvaða andlit á að stilla fókusnum á með því að pikka á það á skjánum. Þegar þú pikkar á myndavélaskjáinn sýnir litaður rammi hvaða andlit er valið og í fókus. Ekki er hægt að nota andlitsgreiningu fyrir allar tegundir umhverfis. Kveikt er á sjálfvirka fókusnum.

#### Snertifókus

Snertu sérstakt svæði á myndavélaskjánum til að nota fókussvæðið. Slökkt er á sjálfvirkum fókus. Snertu og haltu inni myndavélaskjánum þangað til fókusramminn breytir um lit sem bendir á að búið sé að stilla fókusnum. Myndin er tekin þegar þú sleppir fingrinum.

#### Eltifókus á myndefni

Þegar þú velur hlut með því að snerta hann í leitaranum, eltir myndavélin hann fyrir þig.

Pessi stilling er aðeins til staðar í **Handvirkt** tökustillingu.

## HDR

Notaðu HDR (hátt virkt svið) stillinguna til að taka mynd á móti sterkri baklýsingu eða við aðstæður þar sem birtuskilin eru skörp. HDR bætir upp fyrir tapið á smáatriðum og skilar mynd sem sýnir bæði dökk og ljós svæði.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## ISO

Þú getur dregið úr óskýrleika sem stafar af slæmum lýsingarskilyrðum og hreyfingu á myndefni með því að auka ISO-næmi. Og viljirðu taka bjarta mynd við slæm lýsingarskilyrði geturðu stillt ISO-næmi á hærra gildi.

#### Sjálfvirkt

Stillir ISO-næmi sjálfkrafa.

100

Stillir ISO-næmi í 100.

200 Stillir ISO-næmi í 200.

400 Stillir ISO-næmi í 400.

800 Stillir ISO-næmi í 800.

1600

Stillir ISO-næmi í 1600.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## Mæling

Þessi eiginleiki ákvarðar sjálfkrafa rétta lýsingu með því að mæla magn ljóssins í mynd sem á að taka.

#### Miðjun

Stillir lýsingu á miðju myndarinnar.

Meðaltal

Reiknar út lýsingu samkvæmt magni ljóssins á allri myndinni.

## **Punktur** Stillir lýsingu á mjög litlum hluta myndarinnar sem á að taka.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## Hristivörn

Erfitt getur reynst að halda tækinu kyrru við myndatöku. Hristivörnin dregur úr áhrifum vegna smávægilegra hreyfinga handarinnar.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## Forskoðun

Þú getur valið að forskoða myndir eða myndskeið sem þú hefur nýlokið við að taka.

#### Ótakmarkað

Þegar þú hefur tekið mynd eða myndskeið birtist forskoðunin.

#### 5 sekúndur

Forskoðunin á myndinni eða myndskeiðinu sést í 5 sekúndur að töku lokinni.

#### 3 sekúndur

Forskoðunin á myndinni eða myndskeiðinu sést í 3 sekúndur að töku lokinni.

#### Breyta

Að töku lokinni opnast myndin eða myndskeiðið svo hægt sé að gera breytingar.

#### Slökkt

Myndin eða myndskeiðið vistast að töku lokinni og engin forskoðun birtist.

## Andlitskennsl

Þú getur skráð andlit í myndavélarforritinu svo myndavélin fókusi sjálfkrafa á þau þegar þau birtast í glugganum.

## Flass

Notaðu flassið til að taka myndir þegar lýsing er léleg eða myndefni er baklýst. Eftirfarandi valmöguleikar standa til boða þegar þú pikkar á flasstáknið Af á myndavélarskjánum:

#### ∧4 Sjálfvirkt

Myndavélin velur sjálfkrafa hvort lýsingaraðstæður kalla á notkun flass.

#### **4** Fylliflass

Notaðu þessa stillingu þegar bakgrunnurinn er bjartari en myndefnið. Þessi stilling kemur í veg fyrir óæskilega dökka skugga.

- Laga rauð augu Dregur úr rauðum lit í augum þegar tekin er mynd.
- Slökkt

Slökkt er á flassinu. Stundum geta myndgæði verið betri án flass, jafnvel þótt birtuskilyrði séu léleg. Stöðug hönd er forsenda töku góðra mynda án flass. Notaðu tímastillingu til að forðast að myndir verði óskýrar.

-⊙■ Vasaljós

Þegar þú tekur myndir kviknar á flassljósi.

## Val á umhverfisstillingu

Umhverfisstilling gerir þér kleift að setja upp myndavélina á fljótlegan hátt fyrir algengar aðstæður með því að nota forstilltar umhverfisstillingar. Myndavélin velur stillingar sem passa við valið umhverfi, til að tryggja bestu mögulegu myndina.

#### SCN Slökkt

Slökkt er á umhverfisstillingu og þú getur tekið myndir handvirkt.

#### Mjúk húð Mi M

Taktu andlitsmyndir með ýktum fegðurðaráhrifum.

#### Mjúk smella

Notað fyrir töku mynda með mjúkum bakgrunni.

#### Óskýrleikavörn

Notað til að lágmarka hristing þegar tekið er í rökkri.

#### Landslag

Notað fyrir landslagsmyndir. Myndavélin stillir fókus á fjarlæga hluti.

### Baklýsingar-leiðréttingar-HDR

Notað til að bæta atriði í mjög ólíkum myndatökum. Innbyggða baklýsingarleiðréttingin metur myndina og stillir hana sjálfkrafa til að lýsa myndina rétt.

#### Andlitsmynd að nóttu

Notað þegar andlitsmyndir eru teknar að nóttu til eða í dauflýstu umhverfi. Vegna langs lýsingartíma verður að halda myndavélinni kyrri eða á stöðugu yfirborði.

#### Næturmynd

Notað þegar myndir eru teknar að nóttu til eða í dauflýstu umhverfi. Vegna langs lýsingartíma verður að halda myndavélinni kyrri eða á stöðugu yfirborði.

#### Handstýrð ljósaskipti

Notað til að taka dauflýstar myndir og draga úr suði og þoku.

#### Mikið ljósnæmi

Gæludýr

Notað til að taka myndir án flass í dauflýstu umhverfi. Dregur úr þoku.

#### ¶¶ Matur

Notað til að taka myndir af mat í björtum litum.

#### Notað til að taka myndir af gæludýrum. Dregur úr þoku og rauðum augum.

🟊 Strönd

Notað til að taka myndir af umhverfi við sjó eða vatn.

#### Snjór

Notað í björtu umhverfi til að koma í veg fyrir oflýstar myndir.

#### 🥻 Partí

Notað við töku af myndefni í illa lýstu umhverfi innandyra. Þetta umhverfi nemur bakgrunnsljós eða kertaljós innandyra. Vegna langs lýsingartíma verður að halda myndavélinni kyrri eða á stöðugu yfirborði.

#### 🔌 Íþróttir

Notað við töku af myndefni á mikilli hreyfingu. Stuttur lýsingartími dregur úr óskýrleika vegna hreyfingar.

#### 📄 Skjal

Notað fyrir myndir af texta eða teikningum. Gefur myndinni aukin og skarpari birtuskil.

#### Flugeldar

Notað til að taka myndir af flugeldum í allri sinni dýrð.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## Stillingar myndupptökuvélar

#### Stillingar upptökuvélarinnar stilltar

- 1 Kveiktu á myndavélinni.
- 2 Pikkaðu á 💿 og veldu svo 🔳.
- 3 Ef upptökuvélin er ekki valin skaltu pikka á
- 4 Pikkaðu á til að birta allar stillingar.
- 5 Veldu stillinguna sem þú vilt breyta, breyttu henni síðan.

### Yfirlit yfir stillingar myndupptökuvélar

## Myndskeiðsupplausn

Stilltu upplausn myndskeiða fyrir mismunandi snið.

## Fullt HD 1920×1080(16:9)

Fullt HD (fullt háskerpu) snið með 16:9 myndhlutfalli.

#### Háskerba

1280×720(16:9) HD (háskerpu) snið með 16:9 myndhlutfalli.

#### VGA

640×480(4:3) VGA snið með 4:3 myndhlutfalli.

#### Margmiðlunarskilaboð

Taktu upp myndskeið sem henta til að senda í margmiðlunarskilaboðum. Upptökutími þessa myndsniðs er takmarkaður svo myndskeiðsskrár passi í margmiðlunarskilaboð.

! Þessi stilling er einungis í boði í Handvirkt tökustillingunni.

## Tímastillir

Með tímastillinum er hægt að taka upp myndskeið án þess að halda á tækinu. Notaðu þennan eiginleika til að taka upp myndskeið af hóp þar sem allir geta verið á myndskeiðinu. Þú getur einnig notað tímastilli ef þú vilt koma í veg fyrir að myndavélin hristist við upptöku myndskeiða.

#### Kveikt (10 sek.)

Veldu 10 sekúndna bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndskeið er tekið upp.

#### Kveikt (2 sek.)

Veldu 2 sekúndna bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndskeið er tekið upp.

#### Kveikt (0,5 sek.)

Veldu hálfrar sekúndu bið frá því að pikkað er á myndavélarskjáinn þar til að myndskeið er tekið upp.

#### Slökkt

Myndupptakan hefst um leið og þú pikkar á myndavélarskjáinn.

## Smile Shutter™ (myndskeið)

Notaðu eiginleikann Smile Shutter™ til að ákveða hvernig brosi myndavélin bregst við áður en myndskeið er tekið.

## Fókusstilling

Fókusstillingar stýra því hvaða hluti myndskeiðsins er skarpur. Þegar kveikt er á samfelldum sjálfvirkum fókus stillir myndavélin stöðugt fókus til að svæðið innan hvíta fókusrammans haldi skerpu sinni.

#### Stakur sjálfv. fókus

Myndavélin stillir sjálfkrafa fókus á valið myndefni. Kveikt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

#### Andlitsgreining

Myndavélin nemur sjálfkrafa allt að fimm mannsandlit og birtist rammi utan um þau í myndglugganum. Myndavélin stillir sjálfkrafa fókus á andlitið sem er næst. Einnig er hægt að velja hvaða andlit á að stilla fókus á með því að pikka á það á skjánum. Þegar þú pikkar á myndavélarskjáinn sýnir gulur rammi hvaða andlit er valið og í fókus. Ekki er hægt að nota andlitsgreiningu í öllum umhverfisstillingum. Kveikt á samfelldum sjálfvirkum fókus.

#### Eltifókus á myndefni

Þegar þú velur hlut með því að snerta hann í myndglugganum fylgir myndavélin honum fyrir þig.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## HDR-myndskeið

Notaðu HDR (hátt virkt svið) stillinguna til að taka mynd á móti sterkri baklýsingu eða við aðstæður þar sem birtuskilin eru skörp. HDR bætir upp fyrir tapið á smáatriðum og gefur mynd sem endurspeglar bæði ljós og dökk svæði.

! Þessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## Mæling

Þessi eiginleiki ákvarðar sjálfkrafa rétta lýsingu með því að mæla magn ljóssins í mynd sem á að taka.

### Miðjun

Stillir lýsingu á miðju myndarinnar.

#### Meðaltal

Reiknar út lýsingu samkvæmt magni ljóssins á allri myndinni.

#### Punktur

Stillir lýsingu á mjög litlum hluta myndarinnar sem á að taka.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

## SteadyShot™

Erfitt getur verið að halda tækinu stöðugu þegar myndskeið er tekið upp. Hristivörnin dregur úr áhrifum vegna smávægilegra hreyfinga handarinnar.

## Hljóðnemi

Veldu hvort taka á upp hljóð þegar myndskeið eru tekin upp.

## Forskoðun

Þú getur valið að forskoða myndskeið sem þú hefur nýlokið við að taka.

## Kveikt

Þegar þú hefur tekið myndskeið birtist forskoðunin.

#### Breyta

Að töku lokinni opnast myndskeiðið svo hægt sé að gera breytingar.

#### Slökkt

Myndskeiðið vistast að töku lokinni og engin forskoðun birtist.

## Vasaljós

Notaðu ljósið til að taka upp myndskeið þegar lýsing er léleg eða þegar baklýsing er til staðar. Táknið fyrir upptökuljós = er bara tiltækt á upptökuskjánum. Athugið að stundum geta myndgæðin verið betri án ljóssins, jafnvel þótt lýsingin sé léleg.

-o Kveikt

-2-

## Val á umhverfisstillingu

Umhverfisstilling gerir þér kleift að setja upp myndavélina á fljótlegan hátt fyrir algengar aðstæður með því að nota forstilltar umhverfisstillingar. Myndavélin ákvarðar ýmsar stillingar sem passa við valið umhverfi og tryggja myndgæði hreyfimyndarinnar.

## SCN Slökkt

Slökkt er á umhverfisstillingu og þú getur tekið upp myndskeið handvirkt.

Slökkt

#### Njúk smella

Notað fyrir töku myndskeiðs með mjúkan bakgrunnum.

#### 🔺 Landslag

Notað fyrir landslagsmyndskeið. Myndavélin stillir fókus á fjarlæga hluti.

#### Nótt

Þegar næturstillingin er virk er ljósnæmi aukið. Notað í illa lýstu umhverfi. Myndskeið af hlutum á mikilli hreyfingu gætu orðið óskýr. Haltu hendinni stöðugri eða notaðu stuðning. Slökktu á næturstillingunni þegar birtuskilyrði eru góð til að bæta myndgæðin.

7 Strönd

Notað fyrir myndskeið af umhverfi við sjó eða vatn.

### Snjór

Notað við bjartar aðstæður til að koma í veg fyrir yfirlýstar hreyfimyndir.

## 🔌 Íþróttir

Notað fyrir myndskeið af hlutum á mikilli hreyfingu. Stuttur lýsingartími dregur úr óskýrleika vegna hreyfingar.

## 🥻 Partí

Notað við upptöku myndskeiða innandyra í illa lýstu umhverfi. Þetta umhverfi nemur bakgrunnsljós eða kertaljós innandyra. Myndskeið af hlutum á mikilli hreyfingu gætu orðið óskýr. Haltu hendinni stöðugri eða notaðu stuðning.

Pessi stilling er einungis í boði í tökustillingunni Handvirkt.

# Myndir og myndskeið í Albúmi

## Myndir og myndskeið skoðuð

Notaðu albúmsforritið til skoða myndir og spila myndskeið sem þú tókst með myndavélinni eða til að skoða svipað efni sem þú hefur vistað í tækinu. Allar myndir og myndskeið birtast í töflu og er raðað í tímaröð.



- 1 Pikkaðu á táknið til að opna heimavalmynd albúms
- 2 Skoðaðu skyggnusýningu af öllum myndunum eða þeim sem þú hefur bætt við í uppáhalds
- 3 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri til að opna heimavalmynd albúms
- 4 Dagsetningarsvið hluta í núverandi flokki
- 5 Pikkaðu á mynd eða myndskeið til að opna það á öllum skjánum
- 6 Flettu upp eða niður til að skoða efni

## Ljósmyndir og myndskeið skoðuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Albúm.
- 3 Pikkaðu á mynd eða myndskeið sem þú vilt skoða. Ef beðið er um það pikkarðu á
   (▶) > Myndskeið > AÐEINS EINU SINNI.
- 4 Flettu til vinstri til að skoða næstu mynd eða myndskeið. Flettu til hægri til að skoða myndina eða myndskeiðið á undan.
- Ef þú vilt breyta forritinu sem þú valdir sem sjálfgefið til að opna myndir eða myndskeið pikkarðu á Stillingar > Forrit og strýkur yfir á flipann Öll, velur forritið og pikkar á HREINSA SJÁLFGEFIÐ undir Opna sjálfgefið.
- Éf stefna skjásins breytist ekki sjálfkrafa þegar þú snýrð tækinu á hlið pikkarðu á Snúa innihaldi skjásins undir Stillingar > Skjár > Þegar tækinu er snúið.

## Stærð smámynda breytt

 Þegar smámyndir mynda og myndskeiða eru skoðaðar í albúmi skaltu glenna tvo fingur í sundur til að auka aðdrátt, eða klípa tvo fingur saman til að minnka aðdrátt.

## Aðdráttur notaður á mynd

 Þegar þú ert að skoða mynd glennir þú tvo fingur í sundur til að auka aðdrátt, eða klípur tvo fingur saman til að minnka aðdrátt.

## Myndir sýndar í skyggnusýningu

- Þegar þú skoðar mynd pikkarðu á skjáinn til að birta tækjastikur, pikkaðu síðan á
   Skyggnusýning til að byrja að spila myndir í albúminu.
- 2 Pikkaðu á mynd til að ljúka skyggnusýningunni.

#### Myndskeiðsspilun

- 1 Finndu og pikkaðu á myndskeiðið sem þú vilt spila í albúminu.
- 3 Ef spilunarstjórntakkarnir birtist ekki pikkarðu á skjáinn til að sýna þá. Til að fela stjórntakkana pikkarðu aftur á skjáinn.

#### Hlé á myndskeiði

- 1 Þegar myndskeið er spilað skaltu pikka á skjáinn til að birta stýritakkana.
- 2 Bankaðu á (ii).

## Til að spóla myndskeiði áfram eða til baka

- 1 Þegar myndskeið er spilað skaltu pikka á skjáinn til að birta stýritakkana.
- 2 Dragðu vinnslustikumerkinu til vinstri til að spóla til baka eða til hægri til að spóla áfram.

### Til að stilla hljóðstyrk myndskeiðs

Ýttu á hljóðstyrkstakkann.

## Deiling og umsjón mynda og myndskeiða

Þú getur deilt myndum og myndskeiðum sem þú hefur vistað á tækinu. Þú getur líka stjórnað þeim á mismunandi vegu. Þú getur t.d. unnið með margar myndir í einu, eytt myndum og tengt þær við tengiliði. Ef þú hefur vistað margar myndir í tækinu borgar sig að flytja þær reglulega í tölvu eða á ytra geymslutæki til þess að forðast hjá óvæntu gagnatapi. Með þeim hætti losarðu líka um meira pláss á tækinu. Sjá *Umsjón með skrám með tölvu* á bls. 127.

Hugsanlega geturðu ekki afritað, sent eða flutt höfundarréttarvarið efni. Einnig er e.t.v. ekki hægt að senda sumt ef skráin er of stór.

### Að deila myndum eða myndskeiðum

- 1 Pikkaðu á albúmið sem inniheldur þá mynd eða myndskeið sem þú vilt deila.
- 2 Pikkaðu á skjáinn til að birta stjórnhnappa, pikkaðu síðan á 🔩
- 3 Í valmyndinni sem opnast pikkarðu á forritið sem þú vilt nota til að deila mynd, fylgdu síðan skrefunum til að senda hana.

## Mynd notuð sem mynd tengiliðs

- Þegar þú ert að skoða mynd pikkarðu á skjáinn til að birta tækjastikur og síðan á 
   Nota sem > Tengiliðamynd.
- 2 Veldu tengilið og breyttu svo myndinni.
- 3 Pikkaðu á Lokið.

## Að nota mynd sem veggfóður

- 1 Þegar þú ert að skoða mynd, pikkaðu á skjáinn til að birta tækjastikur, pikkaðu síðan á s > Nota sem > Veggfóður.
- 2 Fylgdu leiðbeiningum á skjánum.

## Mynd snúið

- 1 Þegar þú ert að skoða mynd, pikkaðu á skjáinn til að birta tækjastikur, pikkaðu síðan á .
- 2 Veldu **Snúa**. Myndin er vistuð í nýju stöðunni.

## Mynd eða myndskeiði eytt

- 1 Þegar þú ert að skoða mynd, pikkaðu á skjáinn til að birta tækjastikur, pikkaðu síðan á .
- Pikkaðu á Eyða.

### Unnið með margar myndir eða myndskeið í einu í Albúmi

- 1 Þegar smámyndir af myndum eða myndskeiðum eru skoðaðar í Albúmi skaltu snerta og halda inni hlut þar til hann er auðkenndur.
- 2 Pikkaðu á aðra hluti sem þú vilt vinna með til að velja þá. Viljirðu velja alla hluti skaltu pikka á , og svo á Velja allt.
- 3 Notaðu tækin í tækjastikunni til að vinna með hlutina sem þú hefur valið.

## Myndgreining fyrir andlit í Albúmi

Hægt er að greina hvaða mynd sem er á tækinu þínu sem er með andlitum fólks. Þegar kveikt er á myndgreiningunni helst hún virk þannig að nýjar myndir eru greindar um leið og þeim er bætt við. Þegar greiningin hefur verið keyrð geturðu sett myndir af sömu manneskjunni í sömu möppuna.

## Kveikt á myndgreiningareiginleika

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á **Albúm**.
- 3 Dragðu vinstri brún heimavalmyndar Albúms til hægri og pikkaðu á Andlit. Allar myndir í tækinu þínu eru greindar og flokkaðar í möppunni Óþekkt andlit.

## Andlit nafnmerkt

- 1 Á spjaldinu **Andlit** pikkarðu á möppuna **Ónefnd andlit**, flettir að möppunni **Önnur andlit** og velur það andlit sem þú vilt nafnmerkja.
- 2 Pikkaðu á Bæta nafni við.
- 3 Sláðu inn nafn og pikkaðu svo á Lokið > Bæta við sem nýjum aðila.

#### Nafnmerkingu andlits breytt

- 1 Þegar þú skoðar mynd í fullri skjástærð skaltu pikka á skjáinn til að birta tækjastikur og pikka svo á > Breyta nafnmerkingum.
- 2 Pikkaðu á Í lagi.
- 3 Pikkaðu á nafn andlitsins sem þú vilt breyta.
- 4 Breyttu nafninu og pikkaðu svo á Lokið > Bæta við sem nýjum aðila.

## Myndum breytt í myndbreytingarforritinu

Þú getur breytt myndum og bætt áhrifum við myndir sem þú hefur tekið á myndavélina. Þú getur til dæmis breytt lýsingunni. Upphaflega myndin geymist áfram í tækinu þegar þú hefur vistað breyttu myndina.

## Mynd breytt

#### Mynd skorin

- 2 Ef um það er beðið velurðu Mynd-vinnsla.
- 3 Pikkaðu á 🔄 > Klippa.
- 4 Veldu valkost.
- 5 Til að breyta skurðarramma styðurðu á brún hans. Þegar ferningarnir á brúnunum hverfa skaltu draga inn eða út til að breyta stærð rammans.
- 6 Til að breyta stærð allra hliða skurðarrammans á sama tíma skaltu styðja á eitt horn hans, haltu inni einu af hornunum til að láta ferningana á brúnunum hverfa, dragðu síðan hornið í samræmi við það.
- 7 Til að færa skurðarrammann til á myndinni styðurðu á rammann og dregur hann þangað sem þú vilt hafa hann.
- 8 Pikkaðu á Nota.
- 9 Til að vista afrit af skorinni mynd pikkarðu á Vista.

## Brellum bætt við mynd

- Þegar þú ert að skoða mynd skaltu pikka á skjáinn til að birta tækjastikur og svo á
   ☑.
- 2 Ef um það er beðið velurðu **Mynd-vinnsla**.
- 3 Pikkaðu á 🌧 og veldu síðan valkost.
- 4 Gerðu þær breytingar sem þú vilt á myndinni og pikkaðu svo á Vista.

## Myndskeið unnin í forritinu Movie Creator

Þú getur átt við myndskeið sem þú hefur tekið með myndavélinni. Þú getur til dæmis klippt myndskeið niður í þá lengd sem þú vilt eða breytt spilunarhraða myndskeiðs. Upphaflega myndskeiðið geymist áfram í tækinu þegar þú hefur vistað breytta myndskeiðið.

## Myndskeið klippt til

- 1 Finndu og pikkaðu á myndskeiðið sem þú vilt spila í Albúmi.
- 2 Pikkaðu á skjáinn til að birta tækjastikurnar og pikkaðu svo á 🞬 > Skera.
- 3 Til að færa klippirammann til á tímalínunni styðurðu á jaðar rammans, dregur hann þangað sem þú vilt hafa hann og pikkar á **Nota**.
- 4 Til að vista afrit af klippta myndskeiðinu pikkarðu á Vista.

## Hraði myndskeiðs stilltur

- 1 Finndu og pikkaðu á myndskeiðið sem þú vilt spila í albúminu.
- 2 Pikkaðu á skjáinn til að birta tækjastikurnar og pikkaðu svo á i > Hraði.
- 3 Veldu valkost, haltu jaðri tímalínunnar inni, dragðu hana þangað sem þú vilt hafa hana og pikkaðu á Nota.
- 4 Til að vista afrit af breytta myndskeiðinu pikkarðu á Vista.

## Myndir og myndskeið falin

Þú getur falið allar myndir og myndskeið í heimavalmynd albúms. Þegar myndir og myndskeið hafa verið falin í heimavalmynd albúms er aðeins hægt að sjá þau í földu möppunni.

## Mynd eða myndskeið falið

- 1 Pikkaðu á albúmið sem inniheldur þá mynd eða myndskeið sem þú vilt fela.
- 2 Pikkaðu á skjáinn til að birta stjórnhnappa, pikkaðu síðan á
- 3 Pikkaðu á Fela > Í lagi.

## Faldar myndir og myndskeið skoðuð

- 1 Í Albúmi dregur þú vinstri brún heimavalmyndar Albúms til hægri og pikkar á Falið.
- 2 Pikkaðu á mynd eða myndskeið til að skoða.
- 3 Flettu til vinstri til að skoða næstu mynd eða myndskeið. Flettu til hægri til að skoða myndina eða myndskeiðið á undan.

## Mynd eða myndskeið gert sýnilegt

- 1 Í Albúmi dregur þú vinstri brún heimavalmyndar Albúms til hægri og pikkar á Falið.
- 2 Pikkaðu á mynd eða myndskeið sem þú vil gera sýnilegt.
- 3 Pikkaðu á skjáinn til að birta stjórnhnappa, pikkaðu síðan á 🕻
- 4 Pikkaðu á Ekki fela.

## Heimavalmynd albúms

Í valmyndinni á albúmsheimaskjánum getur þú flett í gegnum öll myndaalbúmin þín, m.a. ljósmyndir og myndskeið sem tekin eru með myndavél tækisins þíns með áhrifsbrellum, auk efnis sem þú deilir á netinu um þjónstuveitur á borð við PlayMemories Online, Picasa<sup>™</sup> og Facebook. Þegar þú hefur skráð þig inn í slíka þjónustu getur þú unnið með efnið og skoðað myndir á netinu. Í forritinu Albúm getur þú líka bætt landmerkjum við myndir, gert einfaldar breytingar og notað þráðlausa Bluetooth® tækni og tölvupóst til að deila efni.



1 Skoða myndir og myndskeið með vefþjónustunni PlayMemories Online

2 Fara aftur í heimaskjá forritsins Albúm til að skoða allt efni

- 3 Skoða uppáhaldsljósmyndirnar og myndskeiðin
- 4 Skoða öll myndskeið sem vistuð eru á tækinu
- 5 Skoða myndirnar þínar á korti eða í hnattstillingu
- 6 Skoða myndir og myndskeið sem þú hefur falið
- 7 Skoða allar myndir og myndskeið sem tekin eru með myndavél tækisins þíns með áhrifsbrellum
- 8 Skoða allar myndir og myndskeið sem eru vistuð í ólíkum möppum
- 9 Skoða allar myndir með andlitum
- 10 Skoða myndir og myndskeið í tækjum á sama neti
- 11 Opna stillingavalmyndina fyrir forritið Albúm
- 12 Flettu upp eða niður til að skoða efni
- 13 Skoða myndir og myndskeið á Facebook™
- PlayMemories Online vefþjónustan er ekki í boði í öllum löndum eða svæðum.

#### Myndir skoðaðar á netinu í Albúmi

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Albúm og dragðu svo vinstri brún heimavalmyndar Albúms til hægri.
- 3 Pikkaðu á viðeigandi netþjónustu og fylgdu síðan leiðbeiningum á skjánum um að hefjast handa. Öll tiltæk netalbúm sem þú sendir á þjónustuna koma upp.
- 4 Pikkaðu á eitthvert albúm til að skoða innihaldið, pikkaðu síðan á mynd í albúminu.
- 5 Flettu til vinstri til að skoða næstu mynd eða myndskeið. Flettu til hægri til að skoða myndina eða myndskeiðið á undan.

## Ljósmyndir skoðaðar á korti

Það að bæta við upplýsingum um staðsetningu er einnig nefnt landmerking. Þú getur t.d. skoðað myndirnar þínar á korti og sýnt vinum og fjölskyldu hvar þú varst þegar þú tókst myndina. Sjá *Upplýsingum um staðsetningu bætt við myndir* á síðunni 85 fyrir frekari upplýsingar.

Ef þú hefur slökkt á staðsetningargreiningu og ræst landmerkingu í myndavélinni geturðu merkt myndirnar þínar beint fyrir skoðun á korti síðar.



- 1 Skoða landmerktar myndir í hnattyfirliti
- 2 Leita að stað á kortinu
- 3 Skoða valkosti valmyndar
- 4 Tvípikkaðu til að auka aðdrátt. Klemmdu til að minnka aðdrátt. Dragðu til að skoða ólíka hluta kortsins
- 5 Flokkur mynda og/eða myndskeiða sem eru landmerkt á sama stað
- 6 Smámyndir af völdum flokki mynda og/eða myndskeiða. Pikkaðu á hlut til að skoða hann á öllum skjánum
- Éf nokkrar myndir voru teknar á sama stað, mun aðeins ein þeirra birtast á kortinu. Samtals fjöldi mynda birtast efst í hægra horninu, til dæmis preserver verkaðu á forsíðumynd og pikkaðu síðan á eina af smámyndunum neðst á skjánum til að skoða þessar myndir.

#### Landmerki bætt við mynd

- 1 Þegar þú ert að skoða mynd skaltu pikka á skjáinn til að birta tækjastikur.
- 2 Pikkaðu á , og svo á Bæta við landmerki til að opna kortaskjáinn.
- 3 Pikkaðu á kortið til að stilla staðsetningu myndarinnar.
- 4 Til að endurstilla staðsetningu myndarinnar pikkarðu á nýja staðsetningu á kortinu.
- 5 Þegar því er lokið pikkarðu á Í lagi.

### Landmerktar myndir skoðaðar á korti

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á **Albúm**.
- 3 Dragðu vinstri brún heimavalmyndar Albúms til hægri og pikkaðu á Staðir.
- 4 Pikkaðu á þá mynd sem þú vilt skoða á korti.

### Landmerktar myndir skoðaðar á hnetti

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Albúm.
- 3 Dragðu vinstri brún heimavalmyndar Albúms til hægri og pikkaðu á Staðir > 🕥.
- 4 Pikkaðu á þá mynd sem þú vilt skoða á hnetti.

#### Landmerki myndar breytt

- 1 Þegar mynd er skoðuð á korti í albúmi skaltu halda inni myndinni þangað til rammi hennar verður blár og pikka svo á rétta staðinn á kortinu.
- 2 Pikkaðu á Í lagi.

## Kortaskjánum breytt

Þegar kortið er skoðað í albúmi pikkarðu á , velur síðan Sígild sýn eða Gervitunglasýn.

# Myndskeið

## Horft á myndskeið í Myndskeiðaforritinu

Notaðu Myndskeiðaforritið til að spila kvikmyndir og annað myndskeiðsefni sem þú hefur hlaðið niður í tækið þitt. Með Myndskeiðaforritinu geturðu einnig sótt veggspjöld, samantektir og upplýsingar um flokk og leikstjóra kvikmynda. Þú getur líka spilað kvikmyndirnar þína á öðrum tækjum sem eru tengd við sama netkerfi.

Ef til vill er ekki hægt að spila öll myndskeið í Myndskeiðaforritinu.



- 1 Skoða valkosti valmyndar
- 2 Sýna myndskeiðið sem síðast var spilað
- 3 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri til að skoða öll sótt og vistuð myndskeið.
- 4 Pikkaðu til að spila vistuð eða sótt myndskeið
- 5 Flettu upp eða niður til að skoða efni
- Sony Entertainment Network með PS Video er ekki fáanlegt á öllum mörkuðum. Viðbótarskilmálar eiga við.

## Myndskeið spilað í Myndskeiðaforritinu

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 😁 og finna og pikka á Myndskeið.
- 2 Finndu og pikkaðu á myndskeiðið sem þú vilt spila. Ef myndskeiðið birtist ekki á skjánum skaltu draga vinstri brún skjásins til hægri til að opna heimavalmynd Myndskeiða og finna og pikka á myndskeiðið sem þú vilt spila.
- 3 Pikkaðu á skjáinn til að sýna eða fela stýringarnar.
- 4 Til að gera hlé á spili pikkarðu á (i). Til að halda spilun tónlistar áfram skaltu pikka á
   (•).
- 5 Dragðu vinnslustikumerkið til vinstri til að spóla til baka. Dragðu vinnslustikumerkið til hægri til að spóla áfram.

## Myndskeið spilað á ytra tæki

- 1 Þegar myndskeiðið er spilað skaltu pikka á skjáinn til að birta alla stýritakkana.
- 2 Pikkaðu á > Throw.
- 3 Veldu ytra tæki til að spila myndskeiðið í. Ef engin ytri tæki eru tiltæk skaltu fylgja leiðbeiningunum á skjánum til að bæta einu við.

## Stillingum Myndskeiða breytt

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🌐 og finna og pikka á Myndskeið.
- 2 Pikkaðu á > Stillingar og breyttu svo stillingunum að vild.

### Hljóðstillingum breytt meðan myndskeið er spilað

- 1 Meðan myndskeið er spilað skaltu pikka á skjáinn til að birta stýritakkana.
- 2 Pikkaðu á > Hljóðstillingar og breyttu svo stillingunum að vild.
- 3 Þegar því er lokið pikkarðu á Í lagi.

### Myndskeiði deilt með öðrum

- 1 Þegar myndskeið er spilað pikkarðu á , pikkaðu síðan á Deila.
- 2 Pikkaðu á forritið sem þú vilt nota til að deila völdu myndskeiði, fylgdu síðan viðeigandi skrefum til að senda það.

## Myndefni flutt í tækið

Áður en þú byrjar að nota forritið Kvikmyndir er gott að flytja kvikmyndir, sjónvarpsþætti og annað myndefni í tækið úr öðrum tækjum, t.d. tölvu. Margar leiðir eru til að flytja efnið:

- Aðeins fyrir Windows<sup>®</sup>: Tengdu tækið og tölvuna með USB-snúru og dragðu og slepptu myndskeiðaskrám beint inn í skráasafnaforritið á tölvunni. Sjá Umsjón með skrám með tölvu á bls. 127.
- Ef þú hefur tölvu eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvu getur þú notað Xperia<sup>™</sup> Companion til skipuleggja efni og flytja myndskeiðskrár yfir í tækið þitt.

## Umsjón með myndefni

## Upplýsingar um kvikmynd fengnar handvirkt

- 1 Gakktu úr skugga um að tækið hafi virka gagnatengingu.
- 2 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🜐 og finna og pikka á Myndskeið.
- 3 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri til að opna heimavalmynd Myndskeiða og flettu í gegnum flokkana að myndskeiðsskránni sem þú vilt fá upplýsingar um.
- 4 Haltu inni myndskeiðssmámyndinni, pikkaðu síðan á Leita að upplýsingum.
- 5 Í leitarreitinum slærðu lykilorð inn fyrir myndskeið, pikkar síðan á staðfestingarlykilinn á lyklaborðinu. Allar niðurstöður birtast á listanum.
- Veldu leitarniðurstöðu og pikkaðu síðan á Lokið. Niðurhal upplýsinga byrjar.
- Þú getur einnig fengið upplýsingar um nýlega myndskeið sem eru bætt við sjálfkrafa í hvert skipti sem Myndskeiðaforritið er opnað ef þú virkjar takkann Fá uppl. um myndsk. í Stillingum.
- 👻 Ef upplýsingarnar sem voru sóttar eru ekki réttar skaltu leita aftur með öðrum lykilorðum.

#### Upplýsingar um myndskeið hreinsaðar

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 📾 og finna og pikka á Myndskeið.
- 2 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri til að opna heimavalmynd Myndskeiða og flettu í gegnum flokkana að hreifmyndaskránni sem þú vilt breyta.
- 3 Haltu inni myndskeiðssmámyndinni, pikkaðu síðan á Hreinsa upplýsingar.

## Myndskeiði eytt

- 2 Dragðu vinstri brún skjásins til hægri til að opna heimavalmynd Myndskeiða og flettu í gegnum flokkana að hreifmyndaskránni sem þú vilt eyða.
- 3 Haltu inni myndskeiðssmámyndum, pikkaðu síðan á **Eyða** úr listanum sem birtist.
- 4 Pikkaðu aftur á Eyða til að staðfesta.

## PS Video þjónusta

Notaðu PS Video þjónustuna til að leigja og kaupa kvikmyndir eða sjónvarpsþætti sem þú getur ekki aðeins skoðað í Android<sup>™</sup> tækinu heldur einnig á tölvunni, PlayStation<sup>®</sup> Portable (PSP<sup>®</sup>), PlayStation<sup>®</sup> 3, PlayStation<sup>®</sup> 4 eða PlayStation<sup>®</sup> Vita. Veldu úr nýjustu myndunum frá Hollywood, hasarmyndum, sígildum myndum og fjölda annarra flokka. Þú þarft að stofna Sony Entertainment Network reikning ef þú vilt kaupa eða leigja kvikmyndir í gegnum PS Video þjónustuna. Ef þú ert með PlayStation® kerfisreikning geturðu notað hann í staðinn.

Sony Entertainment Network með PS Video er ekki fáanlegt á öllum mörkuðum. Viðbótarskilmálar eiga við.

Hafist handa með PS Video

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- Finndu og pikkaðu á a, fylgdu síðan leiðbeiningum á skjánum til að hefjast handa með PS Video.

# Tengingar

## Skjár tækisins speglaður þráðlaust á sjónvarpsskjá

Þú getur notað skjáspeglun til að sýna skjá tækisins á sjónvarpsskjá eða öðrum stórum skjá án þess að tengja með snúru. Wi-Fi Direct™ tæknin kemur á þráðlausri tengingu á milli tækjanna tveggja svo þú getur látið fara vel um þig og skoðað uppáhaldsmyndirnar þínar í sófanum. Þú getur einnig notað þennan eiginleika til að hlusta á tónlist úr tækinu í gegnum hátalara sjónvarpsins.

- Sjónvarpið verður að styðja við Wi-Fi CERTIFIED Miracast™ skjáspeglun svo ofangreind virkni eigi við. Ef sjónvarpið þitt styður ekki skjáspeglun gætirðu þurft að kaupa þráðlaust skjámillistykki sérstaklega.
- Pegar skjáspeglun er notuð getur dregið úr myndæðum ef truflun frá öðrum Wi-Fi® netkerfum er fyrir hendi.

## Skjár tækisins speglaður á sjónvarpsskjá

- 1 Sjónvarpið: Fylgdu leiðbeiningum í notendahandbók sjónvarpsins til að kveikja á skjáspeglunareiginleikanum.
- 2 Tækið: Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Skjáspeglun.
- 4 Pikkaðu á **Byrja**.
- 5 Pikkaðu á Í lagi og veldu tæki.
- Ekki halda fyrir Wi-Fi loftnetssvæðið á tækinu þegar skjáspeglun er notuð.
- Sjónvarpið verður að styðja við Wi-Fi CERTIFIED Miracast™ skjáspeglun svo ofangreind virkni eigi við.

## Skjáspeglun á milli tækja stöðvuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Skjáspeglun.
- 3 Pikkaðu á Aftengja og svo á Í lagi.

## Efni deilt með DLNA Certified™ tækjum

Þú getur skoðað eða spilað efni sem er vistað í tækinu þínu í öðrum tækjum, eins og til dæmis í sjónvarpi eða tölvu. Þessi tæki verða að vera á sama þráðlausa neti og geta verið Sony-sjónvörp eða -hátalarar, eða vörur sem eru DLNA Certified<sup>™</sup> af Digital Living Network Alliance. Þú getur líka skoðað eða spilað efni frá öðrum DLNA Certified<sup>™</sup> tækjum í tækinu þínu.

Eftir að þú setur upp deilingu efnis milli tækja, getur þú til dæmis hlustað á tónlistarskrár sem eru vistaðar í tölvunni heima úr tækinu þínu eða skoðað myndir sem eru teknar með myndavél tækisins á stórum sjónvarpsskjá.

## Spilaðu skrár frá DLNA Certified™ tækjum á tækinu þínu

Þegar þú spilar skrár úr öðru DLNA Certified<sup>™</sup> tæki á tækinu þínu hefur hitt tækið hlutverk sem miðlari. Með öðrum orðum, samnýtir hann efni í gegnum símkerfi. Miðlaratækið verður að hafa kveikt á efnideilingar valkostinum og gefa heimildaraðgang að tækinu þínu. Það verður einnig að vera tengt við sama Wi-Fi® símakerfi og tækið þitt.

## Samnýtt lag spilað á tækinu

- 1 Gakktu úr skugga um að tækin sem þú vilt deila skrám með séu tengd við sama Wi-Fi® netkerfi og tækið.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 
  , finnur síðan og pkkar á 
  ,
- 3 Dragðu vinstri brún heimavalmyndar tónlistar til hægri og pikkaðu á **Heimakerfi**.
- 4 Veldu tæki úr lista af tengdum tækjum.
- 5 Flettu möppur frá tengdum tækjum og veldu lagið sem þú vilt spila. Lagið fer sjálfkrafa af stað þegar búið er að velja það.

### Samnýtt myndskeið spilað á tækinu

- 1 Gakktu úr skugga um að tækin sem þú vilt deila skrám með séu tengd við sama Wi-Fi® netkerfi og tækið.
- 2 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🌐 og finna og pikka á Myndskeið.
- 3 Dragðu vinstri brún heimavalmyndar Myndskeiða til hægri og pikkaðu á Tæki.
- 4 Veldu tæki úr lista af tengdum tækjum.
- 5 Flettu möppum frá tengdum tækjum og veldu myndskeiðið sem þú vilt spila.

## Samnýtt mynd skoðuð á tækinu

- Gakktu úr skugga um að tækin sem þú vilt deila skrám með séu tengd við sama Wi-Fi® símakerfi og tækið.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜, finndu síðan og pikkaðu á Albúm.
- 3 Dragðu vinstri brún albúmsheimaskjásins til hægri og pikkaðu á Tæki.
- 4 Veldu tæki úr lista af tengdum tækjum.
- 5 Flettu möppurnar á tengdu tæki og veldu mynd til að skoða.

## Spilaðu skrár frá tækinu þínu á DLNA Certified™ tækjum

Áður en þú getur skoðað eða spilað efnisskrár frá tækinu þínu á öðrum DLNA Certified™ tækjum verður þú fyrst að setja deilingu skráa upp á tækinu. Tækin sem þú samnýtir efni með eru kölluð biðlaratæki. Til dæmis getur sjónvarp, tölva eða spjaldtölva verið biðlaratæki. Tækið þitt vinnur sem efnisþjónn þegar hann gerir efni tiltæk biðlaratækjunum. Þegar þú setur upp skráadeilingu á tækinu verður þú líka að heimila aðgang að biðlaratækjunum. Eftir að þú hefur gert það birtast þess konar tæki sem skráð tæki. Tæki sem bíða eftir að fá heimild að aðgangi eru skráð sem tæki í bið.

#### Samdeiling skráa sett upp með örum DLNA Certified™ tækjum

- 1 Tengdu tækið við Wi-Fi® net.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á ⊕, finndu síðan og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Efnisþjónn.
- 3 Dragðu rennitakkann við hliðina á **Deila efni** til hægri.
- 4 Notaðu tölvuna þína eða annað DLNA™ biðlaratæki á sama Wi-Fi® kerfi til að tengja við tækið þitt.
- 5 Tilkynning birtist í stöðustiku tækisins. Opnaðu tilkynninguna og stilltu aðgangsheimildir fyrir hvert biðlaratæki sem reynir að tengjast við tækið þitt.
- Skrefin til að opna miðil á tækinu þínu með DLNA™ biðlar sem er mismunandi milli biðlaratækja. Skoðaðu notandahandbók biðlaratækisins til að fá frekari upplýsingar. Ef tækið getur ekki tengst við biðlarann á netinu, athugaðu hvort Wi-Fi® netið virki.
- Þú getur einnig opnað Efnisþjónn valmynd í tónlistarforritinu með því að draga vinstri brún af heimaskjá tónlistar til hægri, pikkið síðan á Stillingar > Efnisþjónn.

#### Skráadeilingu með öðrum DLNA Certified™ tækjum hætt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Efnisþjónn.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á **Deila efni** til vinstri.

### Aðgangsheimildir stilltar fyrir tæki sem er í bið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Efnisþjónn.
- 3 Veldu tæki af **Tæki í bið** listanum.
- 4 Veldu aðgangsheimildarstig.

## Heiti á skráðu tæki breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Efnisþjónn.
- 3 Veldu tæki úr Skráð tæki listanum og veldu svo Breyta nafni.
- 4 Sláðu nýtt inn nýtt heiti á tækinu.

### Til að breyta aðgangsstigi á skráðu tæki

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Efnisþjónn.
- 3 Veldu tæki af **Skráð tæki** listanum.
- 4 Pikkaðu á Breyta aðgangsstigi og veldu valkost.

#### Að nálgast aðstoð vegna efnisdeilingar með öðrum DLNA Certified™ tækjum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Efnisþjónn.
- 3 Pikkaðu á og síðan **Hjálp**.

## Spila skrár á stafrænu miðlarabirti tæki

Með því að nota DLNA™ tækni getur þú ýtt miðlaraefni sem eru vistuð í tækinu yfir í önnur tæki sem eru tengd við sama Wi-Fi® símakerfi. Hitt tækið verður að geta virkað sem stafrænn miðlarabirti (DRM) tæki og getur birt eða spilað efni fengin úr tækinu þínu. Sjónvarp með DLNA eiginleikum eða tölva sem keyrir Windows® 7 eða hærri eru dæmi um DMR tæki.

- Stillingar til að leyfa stafrænn miðlarabirti getur verið mismunandi eftir tæki. Frekari upplýsingar má nálgast í leiðarvísi viðkomandi DMR tæki.
- Það er ekki hægt að spila efni með stafrænum réttindum (DRM) á stafrænum miðlarabirti með DLNA™ tækni.

## Myndir eða myndskeið úr símanum skoðuð á DMR-tæki

- 1 Gakktu úr skugga um að þú hafir sett DMR-tækið rétt upp og að það sé tengt við sama Wi-Fi® símakerfi og tækið þitt.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 3 Finndu og pikkaðu á Albúm.
- 4 Flettu og opnaðu myndir eða myndskeið sem þú vilt skoða.
- 5 Pikkaðu á skjáinn til að fá upp tækjastikuna og pikkaðu svo á â og veldu DMRtæki sem þú vilt deila efninu þínu með. Valið efni byrjar að spilast í tímaröð á tækinu sem þú velur.
- 6 Til að aftengjast DMR tækinu pikkarðu á i og velur Aftengja. Skráin hættir að spilast á DMR-tækinu en heldur áfram að spilast á tækinu þínu.
- Þú getur líka deilt myndskeiði úr myndskeiðaforritinu í tækinu þínu með því að pikka á myndskeiðið og pikka síðan á .

#### Lag úr tækinu spilað á DMR-tæki

- 1 Gakktu úr skugga um að þú hafir sett DMR-tækið rétt upp og að það sé tengt við sama Wi-Fi® símakerfi og tækið þitt.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜, finndu síðan og pikkaðu á 🕖.
- 3 Veldu tónlistarflokk og flettu að laginu sem þú vilt opna og pikkaðu svo á lagið.
- 4 Pikkaðu á ≟ og veldu DMR-tæki til að deila efninu með. Lagið spilast sjálfkrafa á tækinu sem þú velur.
- 5 Til að aftengjast DMR-tækinu skaltu pikka á og velja tækið þitt. Lagið hættir að spilast á DMR-tækinu en heldur áfram að spilast á tækinu þínu.

## Tengdu tækið við USB-búnað

Þú getur notað USB-hýsingartengingu til að tengja tækið við USB-búnað, eins og USBgeymslutæki, leikjastjóra, USB-lyklaborð og USB-mús. Ef USB-búnaðurinn hefur micro USB-tengi er USB-hýsingartenging ekki nauðsynleg.

USB-millistykki eru seld sér. Sony ábyrgist ekki að tækið styðji allan USB-búnað.

USB-aukabúnaður tengdur með USB-hýsingartengi

- Tengdu USB-hýsingartengið við tækið, settu svo tengið í samband við USBaukabúnaðinn.
- Það getur þurft frekari aðgerðir eða hugbúnað til að setja upp leikjastjóra og aukabúnað með USB-hljóði og USB-netkapli Sony ábyrgist ekki að tækið styðji allan USB-aukabúnað.

Aðgangur fenginn að efni á USB-geymslutæki með því að nota USB-millistykki

- Tengdu USB-millistykkið við tækið og tengdu svo millistykkið við USBgeymslutækið.
- 2 Til að fá aðgang að skrám og möppum í USB-geymslutækinu er notað skráastjórnunarforrit, t.d. File Commander.
- Einnig er hægt að opna viðkomandi miðlaforrit í tækinu þínu til að skoða efnið beint. Til dæmis er hægt að albúmsforritið til að skoða myndir sem geymdar eru í USB-geymslutækinu.

## USB-geymslutæki aftengt

- 1 Til að opna tilkynningaskjáinn dregurðu stöðustikuna niður á við og pikkar svo á **USB-geymsla tengd**.
- 2 Pikkaðu á Í lagi.
- 3 Aftengdu USB-millistykkið.

## USB-aukabúnaður tengdur með micro USB-tengi

- Tengdu micro USB-tengið á USB-búnaðinum við tækið.
- Sony ábyrgist ekki að öll USB-jaðartæki með micro USB-tengi séu studd af þínu tæki.

## Tækið tengt við þráðlausa DUALSHOCK™ fjarstýringu

Þú getur spilað leiki sem vistaðir eru í tækinu með þráðlausri DUALSHOCK™ fjarstýringu. Þú getur einnig speglað tækið í sjónvarpi eða annars konar skjá. Frekari upplýsingar um skjáspeglun er að finna í viðeigandi hluta notendahandbókarinnar.

## Tenging við þráðlausa DUALSHOCK™3 fjarstýringu sett upp

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Þráðlaus DUALSHOCK™3 fjarstýring.
- 3 Fylgdu leiðbeiningunum til að para fjarstýringuna við tækið.

## NFC

Notaðu nándartengingu (NFC) til að deila gögnum með öðrum tækjum, eins og myndskeiði, mynd, vefslóð, tónlistaskrá eða tengiliði. Þú getur einnig notað NFC til að skanna merki sem gefa þér fleiri upplýsingar um vöru eða þjónustu jafnt og merkjum sem virkja vissa valkosti í tækinu þínu.

NFC er þráðlaus tækni með hámarks sviði sem er einn sentimetri, þannig að tækin sem deila gögnum verða að vera nálægt hvort öðru. Áður en þú notar NFC þarftu fyrst að kveikja á NFC eiginleikanum og það þarf að vera kveikt á tækinu þínu.

Ekki er víst að hægt sé að nota NFC í öllum löndum og/eða svæðum.

### Kveikt á NFC

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira >.
- 3 Pikkaðu á kveikt/slökkt-takkann við hliðina á NFC.

### Tengilið deilt með öðru tæki í gegnum NFC

- 1 Gættu þess að kveikt sé á NFC í báðum tækjunum og að báðir skjáirnir sé virkir.
- 2 Til að skoða tengiliði ferðu í Heimaskjár pikkar á 🌐 og pikkar svo á 🖪 .
- 3 Pikkaðu á tengiliðinn sem þú vilt deila.
- 4 Snúðu bökum tækisins þíns og viðtökutækisins saman svo að NFCskynjunarsvæði tækjanna snertist. Þegar tækin tengjast birtist smámynd af tengiliðnum.
- 5 Pikkaðu á smámyndina til að ræsa flutninginn.
- 6 Þegar flutningnum er lokið eru tengiliðaupplýsingarnar birtar á skjá viðtökutækisins og vistaðar í því.

#### Tónlistarskrá deilt með öðru tæki með NFC

- 1 Gættu þess að kveikt sé á NFC í bæði tækinu þínu og viðtökutækinu og að kveikt sé á báðum skjáum.
- 2 Til að opna forritið Music pikkarðu á 🕮, finnur svo og pikkar á ወ.
- 3 Veldu tónlistarflokk og flettu að laginu sem þú vilt deila.
- 4 Pikkaðu á lagið til að spila það. Síðan getur þú pikkað á (i) til að gera hlé á laginu. Flutningurinn getur farið fram hvort sem lagið er í spilun eða ekki.
- 5 Snúðu bökum tækisins þíns og viðtökutækisins saman svo að NFC-
- skynjunarsvæði tækjanna snertist. Þegar tækin tengjast birtist smámynd af laginu. 6 Pikkaðu á smámyndina til að ræsa flutninginn.
- 7 Þegar flutningnum er lokið spilast tónlistarskráin strax á viðtökutækinu. Á sama tíma er skráin vistuð í viðtökutækinu.

## Mynd eða myndskeiði deilt með öðru tæki með NFC

- 1 Gættu þess að kveikt sé á NFC í báðum tækjunum og að báðir skjáirnir sé virkir.
- 3 Pikkaðu á þá mynd eða myndskeið sem þú vilt deila.
- 4 Snúðu bökum tækisins þíns og viðtökutækisins saman svo að NFCskynjunarsvæði tækjanna snertist. Þegar tækin tengjast birtist smámynd af laginu.
- 5 Pikkaðu á smámyndina til að ræsa flutninginn.
- 6 Þegar flutningi er lokið er myndin eða myndskeiðið birt á skjá viðtökutækisins. Um leið er atriðið vistað í viðtökutækinu.

#### Veffangi deilt með öðru tæki með NFC

- 1 Gættu þess að kveikt sé á NFC í báðum tækjunum og að báðir skjáirnir sé virkir.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜 .
- 3 Til að opna vefvafrann finnurðu og pikkar á 👩 .
- 4 Sæktu vefsíðuna sem þú vilt deila.
- 5 Snúðu bökum tækisins þíns og viðtökutækisins saman svo að NFC-
- skynjunarsvæði tækjanna snertist. Þegar tækin tengjast birtist smámynd.
- 6 Pikkaðu á smámyndina til að ræsa flutninginn.
- 7 Þegar flutningi er lokið er vefsíðan birt á skjá viðtökutækisins.

## Skanna NFC merki

Tækið þitt getur skannað ýmsar tegundir NFC merkja. Til dæmis getur það skannað föst merki á veggspjöldum, á auglýsingaskiltum eða við hliðina á vörum hjá smásala. Þú getur fengið auka upplýsingar, eins og veffang.

## NFC merki skannað

- 1 Tryggðu að kveikt sé á NFC-valkostinum í tækinu þínu og að skjárinn sé virkur.
- 2 Settu tækið yfir merkið þannig að NFC-nemasvæðið snerti það. Tækið þitt skannar merkið og birtir efnið sem það safnaði. Pikkaðu á efnið á merkinu til að opna það.
## Tengja við NFC-samþýðanlegt tæki

Þú getur tengt tækið þitt við önnur NFC-samþýðanlegt tæki sem Sony framleiðir, eins og hátalara eða heyrnartæki. Vísað er til notandahandbókarinnar frá samhæfða tækinu til að fá frekari upplýsingar þegar þess konar tenging er stofnuð.

Pað getur verið að þú þurfir að hafa Wi-Fi® eða Bluetooth® virkt á báðum tækjunum til að tengingin virki.

# Þráðlaus Bluetooth® tækni

Notaðu Bluetooth<sup>®</sup> virknina til að senda skrár í önnur Bluetooth<sup>®</sup> samhæfð tæki eða til að tengjast við handfrjálsan búnað. Bluetooth<sup>®</sup> tengingar virka betur innan 10 metra þar sem engir hlutir eru á milli. Í sumum tilfellum þarftu að para tækið handvirkt við önnur Bluetooth<sup>®</sup> tæki.

Samvirkni og samhæfni milli Bluetooth® tækja geta verið breytileg.

## Kveikt á Bluetooth® eiginleikanum

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎰
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Bluetooth.
- <sup>3</sup> Pikkaðu á rofann við hliðina á **Bluetooth** til að kveikja á Bluetooth<sup>®</sup> eiginleikanum. Tækið er nú sýnilegt nálægum tækjum og listi yfir tiltæk Bluetooth<sup>®</sup> tæki birtist.

## Tækinu gefið nafn

Þú getur gefið tækinu þínu nafn. Þetta nafn birtist í öðrum tækjum þegar þú hefur kveikt á Bluetooth<sup>®</sup> eiginleikanum og tækið þitt er stillt sem sýnilegt.

## Tækinu gefið heiti

- <sup>1</sup> Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth<sup>®</sup> eiginleikanum.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Bluetooth.
- 4 Pikkaðu á > Endurnefna þetta tæki.
- 5 Sláðu inn heiti fyrir tækið þitt.
- 6 Pikkaðu á Endurnefna.

## Pörun við annað Bluetooth® tæki

Þegar þú parar tækið þitt við annað tæki geturðu til dæmis tengt tækið við Bluetooth<sup>®</sup> höfuðtól eða Bluetooth<sup>®</sup> bílasett og notað þessi tæki til að deila tónlist.

Þegar þú parar tækið þitt við annað Blutooth<sup>®</sup> tæki, þá man tækið þitt þessa pörun. Þegar þú parar tækið þitt við Blutooth<sup>®</sup> tæki þarftu mögulega að slá inn lykilorð. Tækið þitt mun sjálfkrafa prófa almenna lykilorðið 0000. Ef það virkar ekki skaltu notast við leiðbeiningarnar fyrir Bluetooth<sup>®</sup> tækið til að fá lykilorð tækisins. Þú þarft ekki að slá inn lykilorðið aftur næst þegar þú tengir við Bluetooth<sup>®</sup> tæki sem áður hefur verið parað við.

- Sum Bluetooth<sup>®</sup> tæki, til dæmis flest Bluetooth<sup>®</sup> höfuðtól, þarftu bæði að para og tengja við önnur tæki.
- Þú getur parað tækið þitt við nokkur Bluetooth<sup>®</sup> tæki, en þú getur aðeins tengst einu Bluetooth<sup>®</sup> sniði á hverjum tíma.

## Tækið parað við annað Bluetooth® tæki

- Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth<sup>®</sup> virkni tækisins sem þú vilt para við og að það sé sýnilegt öðrum Bluetooth<sup>®</sup> tækjum.
- 2 Af Heimaskjár í tækinu þínu pikkarðu á 🕮.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Bluetooth .
- <sup>4</sup> Dragðu sleðann við hliðina á **Bluetooth** til að kveikja á Bluetooth<sup>®</sup> virkninni. Listi yfir tiltæk Bluetooth<sup>®</sup> tæki birtist.
- <sup>5</sup> Pikkaðu á Bluetooth<sup>®</sup> tækið sem þú vilt para við.
- 6 Sláðu inn lykilorð, ef þarf, eða staðfestu sama lykilorð í báðum tækjum.

## Tækið tengt við annað Bluetooth® tæki

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Bluetooth.
- <sup>3</sup> Pikkaðu á Bluetooth<sup>®</sup> tækið sem þú vilt tengjast.

## Pörun Bluetooth® tækis stöðvuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Bluetooth.
- 3 Undir Pöruð tæki pikkarðu á 🏟 við hliðina á heiti tækisins sem þú vilt hætta að para við.
- 4 Pikkaðu á Gleyma.

## Hlutir sendir og mótteknir með Bluetooth® tækninni

Deila hlutum með öðrum samræmanlegum Bluetooth<sup>®</sup> tækjum eins og símum og tölvum. Hægt er að senda og fá mismunandi hluti með því að nota Bluetooth<sup>®</sup> eiginleikann, t.d.:

- Myndir og myndskeið
- Tónlist og aðrar hljóðskrár
- Tengiliði
- Vefsíður

## Til að senda hlut með Bluetooth®

- Móttökutæki: Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth<sup>®</sup> valkostinum og að tækið sé sýnilegt öðrum Bluetooth<sup>®</sup> tækjum.
- 2 Senda tæki: Opnaðu forritið sem inniheldur hlutinn sem þú vilt senda og flettu að hlutnum.
- 3 Það getur verið að þú þurfir, til dæmis, að snerta og halda hlutnum inni, opna hlutinn og ýta á <. Aðrar leiðir til að senda hlut geta verið til staðar.</p>
- 4 Veldu Bluetooth.
- <sup>5</sup> Kveiktu á Bluetooth<sup>®</sup> ef beðið er um það.
- 6 Pikkaðu á nafn viðtökutækisins.
- 7 Móttökutæki: Samþykktu tenginguna, ef spurt er um það.
- 8 Senda tæki: Staðfestu flutninginn í móttökutækið ef beðið er um það.
- 9 Móttökutæki: Samþykktu komandi hlut.

## Til að taka við atriðum með Bluetooth®

- Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Bluetooth<sup>®</sup> eiginleikanum og að tækið sé sýnilegt öðrum Bluetooth<sup>®</sup> tækjum.
- 2 Senditækið sendir nú gögn í tækið þitt.
- 3 Ef um það er beðið færirðu inn sama lykilorð í báðum tækjum eða staðfestir lykilorðið sem lagt er til.
- 4 Þegar þér er tilkynnt um að skrá berist í tækið dregurðu stöðustikuna niður og pikkar á tilkynninguna til að samþykkja skráarflutninginn.
- 5 Pikkaðu á **Samþykkja** til að hefja skráarflutninginn.
- 6 Til að fylgjast með framvindu flutningsins dregurðu stöðustikuna niður.
- 7 Til að opna atriði sem tekið hefur verið við dregurðu stöðustikuna niður og pikkar á viðeigandi tilkynningu.

## Skrár sem borist hafa með Bluetooth® skoðaðar

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Bluetooth.
- 3 Ýttu á og veldu Sýna mótteknar skrár.

## One-touch uppsetning

Þú getur notað One-touch stillingareiginleikann til að ræsa sjálfkrafa uppsetningu fyrir ýmsa þráðlausa eiginleika á milli tveggja Xperia® tækja. Til dæmis er hægt að nota Onetouch uppsetninguna til að ræsa grunnstillingu fyrir skjáspeglun og Xperia Link™. Þegar þú hefur lokið uppsetningunni þarftu aðeins eina snertingu í hvert sinn til að ræsa þessa eiginleika.

One-touch uppsetningarvalkosturinn er virkjaður með NFC. Frekari upplýsingar um uppsetningu á skjáspeglun, Media Server, NFC og Bluetooth® í tækinu er að finna í viðeigandi köflum í notandahandbókinni.

One-touch uppsetningin ræst í tækinu þínu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > Einnar snertingar uppsetning. Kveikt er sjálfkrafa á NFC valkostinum.
- 3 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á NFC-valkostinum í hinu Xperia™ tækinu.
- 4 Gakktu úr skugga um að skjáirnir á báðum tækjunum séu opnir og virkir.
- 5 Haltu tækjunum saman þannig að NFC nemasvæðið á hvoru tækinu snerti hitt. One-touch uppsetningarvalkosturinn ræsist sjálfkrafa.
- Bæði tæki verða að styðja One-touch uppsetningarvalkostinn.

# Snjallforrit og eiginleikar sem spara tíma

## Aukabúnaði og stillingum stjórnað með Smart Connect™

Notaðu Smart Connect<sup>™</sup> forritið til að stilla hvað gerist í tækinu þínu þegar þú tengir eða aftengir aukabúnað. Þú getur t.d. látið tækið opna FM-útvarpið í hvert sinn sem höfuðtól eru tengd.

Þú getur líka stillt Smart Connect<sup>™</sup> á að lesa upphátt textaskilaboð sem berast. Einnig geturðu notað forritið ræsa tiltekna aðgerð eða hóp aðgerða á ákveðnum tíma dags. Ef þú tengir t.d. höfuðtól á milli kl. 7.00 og 9.00 geturðu ákveðið að:

- FM-útvarpsforritið ræsist.
- Eftirlætis samfélagsforritið þitt opnast, t.d. Facebook.
- Hljóðstyrkur hringingar stillist á titring.

Með Smart Connect<sup>™</sup> getur þú einnig stjórnað aukabúnaði eins og Xperia<sup>™</sup> SmartTags eða Sony SmartWatch úri. Frekari upplýsingar má nálgast í leiðarvísi viðkomandi aukabúnaðar.



- 1 Pikkaðu til að birta tiltækan aukabúnað
- 2 Bættu við aukabúnaði eða viðburði
- 3 Skoða valkosti valmyndar
- 4 Pikkaðu til að birta alla viðburði
- 5 Pikkaðu til að ræsa viðburð
- 6 Pikkaðu til að skoða upplýsingar um viðburð

## Smart Connect™ viðburður stofnaður

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 🌐 og finna og pikka á 🕵.
- 2 Ef þú ert að opna Smart Connect™ í fyrsta skipti skaltu pikka á **Í lagi** til að loka kynningarskjámyndinni.
- 3 Á flipanum Viðburðir pikkarðu á +.
- 4 Ef þú ert að búa til viðburð í fyrsta sinn pikkarðu aftur á Í lagi til að loka kynningarskjámyndinni.
- 5 Bættu við skilyrðum sem þú vilt að ráði ræsingu viðburðarins. Skilyrði gæti verið tenging við aukabúnað, tiltekið tímamillibil eða hvort tveggja.
- 6 Pikkaðu á → til að halda áfram.
- 7 Bættu við upplýsingum um hvað þú vilt að gerist þegar aukabúnaður er tengdur og stilltu aðrar stillingar.
- 8 Pikkaðu á → til að halda áfram.
- 9 Gefðu viðburðinum heiti og pikkaðu svo á Ljúka.
- Til að bæta við Bluetooth<sup>®</sup> aukabúnaði þarftu fyrst að para hann við tækið.

## Smart Connect™ viðburði breytt

- 1 Ræstu Smart Connect<sup>™</sup> forritið.
- 2 Pikkaðu á viðburð á Viðburðir flipanum.
- 3 Dragðu sleðann til hægri til að kveikja á viðburðinum ef búið er að slökkva á honum.
- 4 Pikkaðu á Breyta viðburði og breyttu svo stillingunum að vild.

#### Viðburði eytt

- 1 Ræstu Smart Connect<sup>™</sup> forritið.
- 2 Á flipanum Viðburðir ýtirðu og heldur inni viðburðinum sem þú vilt eyða og pikkar svo á Eyða atviki.
- 3 Pikkaðu á Eyða til að staðfesta.
- Einnig er hægt að opna viðburðinn sem á að eyða og pikka svo á > Eyða atviki > Eyða.

## Smart Connect™ stillt á að lesa upphátt textaskilaboð sem berast

- 1 Ræstu Smart Connect<sup>™</sup> forritið.
- 2 Pikkaðu á og svo á Stillingar.
- 3 Merktu við gátreitinn við hliðina **Talgervill**, og staðfestu svo ræsingu ef þörf krefur.
- Ef kveikt er á þessari virkni verða öll móttekin skilaboð lesin upphátt. Til að tryggja persónuvernd þína gætirðu þurft að slökkva á þessari virkni ef þú ert að nota tæki á almenningsstað eða í vinnunni, svo dæmi sé tekið.

## Umsjón með aukabúnaði

Notaðu forritið Smart Connect<sup>™</sup> til að hafa umsjón með fjölda snjallbúnaðar sem þú getur tengt við tækið, þar á meðal Xperia<sup>™</sup> SmartTags, SmartWatch series úr eða þráðlaus höfuðtól frá Sony. Smart Connect<sup>™</sup> sækir allar nauðsynlegar uppfærslur og finnur forrit frá þriðja aðila þegar þau eru tiltæk.. Hægt er að sjá aukabúnað sem hefur tengst á lista þar sem þú getur fengið frekari upplýsingar um eiginleika hvers aukabúnaðar.

## Pörun og tenging aukahlutar

- 1 Ræstu Smart Connect™ forritið. Ef þú ert að opna Smart Connect™ í fyrsta skipti skaltu pikka á **Í lagi** til að loka kynningarskjámyndinni.
- 2 Pikkaðu á **Aukabúnaður** og svo á +.
- 3 Kveiktu á Bluetooth® ef ekki er þegar kveikt á því og pikkaðu svo á heiti aukahlutarins sem þú vilt para við og tengjast.
- 4 Sláðu inn eða staðfestu lykilorð, ef þess er krafist, í tækinu og aukahlutnum.

## Stillingar stilltar fyrir tengdan aukahlut

- 1 Paraðu og tengdu aukahlutinn við tækið þitt.
- 2 Ræstu Smart Connect<sup>™</sup> forritið.
- 3 Pikkaðu á **Aukabúnaður** og pikkaðu síðan á nafnið á tengda aukahlutinum.
- 4 Breyttu viõeigandi stillingum.

## Tækið notað til heilsuræktar með ANT+™

Hægt er að nota tækið með heilsuræktarvörum sem einnig styðja ANT+™-tækni. Ef þú ferð t.d. út að hlaupa með ANT+™-samhæfum púlsmæli og skrefamæli geturðu sótt öll gögn um hlaupið í tækið. Svo geturðu yfirfarið frammistöðu þína og séð hvernig þú getur bætt þig.

Á Google Play<sup>™</sup> geturðu sótt fjölda forrita sem styðja við ANT+<sup>™</sup>-íþrótta- og heilsuræktartæki. Þú getur fundið upplýsingar um vörur sem eru samhæfar við ANT+<sup>™</sup> á www.thisisant.com/directory.

## Tækið notað sem veski

Notaðu tækið sem veski til að greiða fyrir vörur án þess að ná í raunverulega veskið þitt. Allar greiðsluþjónusturnar þínar eru settar saman þannig að hægt er að skoða og vinna með þær. Athugaðu að þegar þú greiðir verður þú fyrst að kveikja á NFC-valkostinum áður en tækið snertir kortalesarann. Frekari upplýsingar um NFC er að finna á *NFC* á blaðsíðu 107.

NFC-tengdar greiðslur eru aðeins studdar þegar NFC-leyft SIM-kort er sett í SIM-kortarauf 1 (lægri SIM-kortarauf). Einnig er ekki víst að greiðsluþjónusta fyrir fartæki sé í boði á þínu svæði.

## Til að vinna með greiðsluþjónustur

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Pikka og borga. Listi af greiðsluþjónustum birtist.
- 3 Vinna með greiðsluþjónustur að vild, t.d. breyta sjálfgefinni greiðsluþjónustu.

# Ferðalög og kort

# Notkun staðsetningarþjónustu

Staðsetningarþjónustur gera forritum á borð við Kort og myndavélina kleift að nota upplýsingar frá farsímakerfum og Wi-Fi® netum ásamt GPS-upplýsingum til að áætla staðsetningu þína. Ef þú ert ekki í hreinni línu við GPS-gervitungl getur tækið ákvarðað staðsetninguna með Wi-Fi® eiginleikanum. Ef þú nærð ekki Wi-Fi® neti getur tækið ákvarðað staðsetninguna með farsímakerfi.

Til þess að láta tækið finna staðsetningu þína þarftu að kveikja á staðsetningarþjónustum.

Gagnatengingargjöld kunna að verða innheimt þegar þú tengir tækið við internetið.

## Kveikt eða slökkt á staðsetningarþjónustu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Staðsetning og pikkaðu á kveikja/slökkvatakkann til að slökkva eða kveikja á staðsetningarþjónustu.
- 3 Ef þú valdir að kveikja á staðsetningarþjónustu í skrefi 2 pikkarðu á Samþykkja til staðfestingar.

## GPS-nákvæmni aukin

Þegar þú notar GPS í fyrsta sinn í tækinu getur það tekið 5 til 10 mínútur að finna staðsetningu þína. Til að auðvelda leitina skaltu gæta þess að vera í beinni augsýn við himininn. Stattu kyrr og ekki hylja GPS-loftnetið (auðmerkt svæði á myndinni). GPS-merki berst í gegnum ský og plast en öðru máli gegnir um flesta fasta hluti á borð við hús og fjöll. Ef staðsetningin finnst ekki eftir nokkrar mínútur skaltu færa þig á annan stað.



# Google Maps<sup>™</sup> og leiðsögn

Notaðu Google Maps<sup>™</sup> til að fylgjast með staðsetningu þinni, fylgjast með umferð í rauntíma og fá ýtarlega leiðsögn að áfangastað þínum.

Forritið Google Maps<sup>™</sup> þarf nettengingu þegar það er notað á netinu. Gagnatengingargjöld kunna að verða innheimt þegar þú tengir tækið við internetið. Nánari upplýsingar um notkun á forritinu fást með því að fara á http://support.google.com og opna tengilinn "Kort fyrir farsíma".

! Hugsanlega er forritið Google Maps™ ekki í boði á öllum mörkuðum, löndum eða svæðum.

## Google Maps™ notað

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Kort

# Notkun gagnaflutnings á ferðalögum

Þegar þú ferðast út fyrir heimasímkerfi þitt gætirðu þurft að nota farsímagagnaflutning til að komast á internetið. Þegar þannig ber undir þarf að kveikja á gagnareiki í tækinu. Mælt er með því að viðeigandi gagnaflutningsgjöld séu athuguð fyrirfram.

## Gagnareiki gert virkt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Meira > Farsímakerfi.
- 3 Veldu SIM-kort.
- 4 Dragðu sleðann við hliðina á Gagnareiki til hægri.
- Pú getur ekki virkjað gagnareiki þegar slökkt er á gagnatengingunni.

# Flugstilling

Í flugstillingu er slökkt á tengingu við símkerfi og útvarp til að hindra truflanir í viðkvæmum tækjum. Hins vegar getur þú spilað leiki, hlustað á tónlist, horft á myndskeið og önnur efni, svo lengi sem öll þessi efni hafa verið vistuð á minniskortið þitt eða innri geymslunni þinni. Einnig er hægt að láta vita með hringingu, ef hún er virkjuð.

Að kveikja á flugstillingu minnkar eyðslu rafhlöðunnar.

## Kveikt á flugstillingu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar**> **Meira**.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Flugstilling til hægri.

# Dagbók og vekjaraklukka

# Dagbók

Notaðu dagbókarforritið til að halda utan um dagskrána hjá þér. Ef þú hefur skráð þig inn og samstillt tækið við einn eða fleiri reikninga á netinu sem eru með dagbækur, t.d. Google™ eða Xperia™ með Facebook-reikningi, birtast dagbókarviðburðir frá þessum reikningum einnig í dagbókarforritinu. Þú getur valið hvaða dagbækur þú vilt taka með í sameiginlegt dagbókaryfirlit

Tækið spilar tilkynningarhljóð til að minna þig á að tími fundar nálgast. 🖬 birtist einnig á stöðustikunni.



- 1 Velja tegund yfirlits og þær dagbækur sem þú vilt skoða
- 2 Fara aftur á daginn í dag
- 3 Opna stillingar og aðra valkosti
- 4 Flettu til vinstri eða hægri til að skoða hraðar
- 5 Veldu dagsetningu
- 6 Dagskrá valins dags
- 7 Bæta dagbókarviðburði við

## Dagbókarviðburður búinn til

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🜐 og svo á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á 😐.
- 3 Ef þú hefur samstillt dagbókina við einn eða fleiri reikning skaltu velja reikninginn sem þú vilt bæta þessum viðburði við. Ef þú vilt bara bæta þessum viðburði við í tækinu þínu skaltu pikka á Dagbók tækis.
- 4 Sláðu inn eða veldu upplýsingar sem óskað er og bættu þátttakendum við viðburðinn.
- 5 Til að vista viðburðinn og senda boðskort pikkarðu á Vista.

## Dagbókaratriði skoðað

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á \cdots og svo á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á viðburðinn sem þú vilt skoða.

## Margar dagbækur skoðaðar

- 1 Á Heimaskjár skaltu pikka á 📾 og finna og pikka á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á  $\equiv$  og merktu svo við gátreiti þeirra dagbóka sem þú vilt skoða.

## Dagbókarskjárinn stækkaður

 Þegar Vika eða Dagur skjárinn er valinn klípurðu saman fingrunum á skjánum til að auka aðdrátt.

#### Almennir frídagar birtir í Dagbók

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 😁 og svo á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á og svo á **Stillingar**.
- 3 Pikkaðu á Lögboðnir frídagar.
- 4 Veldu valkost eða valkosti og pikkaðu á Í lagi.

#### Afmælisdagar birtir í Dagbók

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🙂 og svo á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á og svo Stillingar > Afmæli.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Afmæli til hægri.

#### Veðurspá birt í forritinu Dagbók

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🜐 og svo á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á og svo á Stillingar.
- 3 Pikkaðu á Veðurspá og dragðu svo sleðann við hliðina Veðurspá til hægri.
- 4 Ef slökkt er á staðsetningarþjónustu pikkarðu á Heimastaður og leitar svo að borginni sem þú vilt bæta við.
- Frekari upplýsingar um hvernig kveikt er á staðsetningarþjónustu er að finna í Notkun staðsetningarþjónustu á bls. 115.

#### Stillingum veðurspár í forritinu Dagbók breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á \cdots og svo á Dagbók.
- 2 Pikkaðu á og svo á Stillingar.
- 3 Pikkaðu á Veðurspá.
- 4 Breyttu stillingum eins og þú vilt.

# Vekjari og klukka

Þú getur stillt einn eða fleiri vekjara og notað hvaða hljóð sem er sem vistað er í tækinu sem vekjarahljóð. Vekjarinn hringir ekki ef slökkt er á tækinu.

Hringingasniðið sem birtist er það sama og valið er í almennum tímastillingum, t.d. 12 eða 24 klukkustunda.



- 1 Opna heimaskjá vekjara
- 2 Skoða heimsklukku og breyta stillingum
- 3 Opna skeiðklukku
- 4 Opna niðurteljara

- 5 Skoða valkosti
- 6 Opna dags- og tímastillingar klukkunnar
- 7 Kveikja eða slökkva á vekjara
- 8 Bæta vekjara við

## Ný hringing stillt

- 1 Á heimaskjánum pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Vekjari og klukka.
- 3 Pikkaðu á 🕘
- 4 Pikkaðu á Tími og veldu gildið sem þú vilt.
- 5 Pikkaðu á Í lagi.
- 6 Breyttu öðrum hringingarstillingum, ef þörf krefur.
- 7 Pikkaðu á Vista.

## Hringing stillt á blund þegar hún hringir

• Bankaðu á Blunda.

## Slökkt á hringingu þegar hún hringir

- Dragðu 🕥 til hægri.
- Til að slökkva á frestaðri hringingu getur þú dregið stöðustikuna niður til að opna tilkynningaskjáinn og pikkað svo á <a></a>.

## Fyrirliggjandi vekjara breytt

- 1 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og pikkaðu á vekjarann sem þú vilt breyta.
- 2 Breyttu því sem þarf.
- 3 Pikkaðu á Vista.

#### Slökkt á vekjara

 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og dragðu svo sleðann við hliðina á vekjaranum í stöðuna kveikt eða slökkt.

## Hringingu eytt

- 1 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og haltu inni vekjaranum sem þú vilt eyða.
- 2 Pikkaðu á Eyða vekjara og svo á Já.

## Hljóð valið fyrir vekjara

- 1 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og pikkaðu á vekjarann sem þú vilt breyta.
- 2 Pikkaðu á Áminningahljóð og veldu valkost eða pikkaðu á <sup>1</sup>/<sub>2</sub> og veldu tónlistarskrá.
- 3 Pikkaðu á Lokið og svo á Vista.

## Hljóðstyrkur fyrir vekjara stilltur

- 1 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og pikkaðu á vekjarann sem þú vilt breyta
- 2 Dragðu hljóðstyrkssleðann undir Hljóðstyrkur að æskilegum stað.
- 3 Pikkaðu á Vista.

## Vekjari stilltur á endurtekningu

- 1 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og pikkaðu á vekjarann sem þú vilt breyta
- 2 Pikkaðu á Endurtaka.
- 3 Veldu daga með því að haka í gátreiti viðkomandi daga og pikkaðu svo á Í lagi.
- 4 Pikkaðu á Vista.

## Kveikt á titringsvalkosti fyrir vekjara

- 1 Opnaðu forritið Vekjari og klukka og pikkaðu á vekjarann sem þú vilt breyta
- 2 Merktu við gátreitinn Titringur.
- 3 Pikkaðu á Vista.

## Stilling á virkni hliðartakka

- Opnaður forritið Vekjari og klukka og veldu síðan vekjarann sem þú vilt breyta.
  Pikkaðu á Virkni hliðartakka og veldu síðan æskilega virkni hliðartakkanna þegar ýtt er á þá þegar vekjari hringir.
  Pikkaðu á Vista.

# Aðgengi

# Stækkunarhreyfingar

Stækkunarhreyfingar gera þér kleift að auka aðdrátt að hlutum skjásins með því að pikka á svæði snertiskjásins þrisvar sinnum í röð.

## Hreyfingar skjámögnunar virkjaðar eða afvirkjaðar

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Aðgengi > Hreyfingar til að stækka.
- 3 Pikkaðu á kveikt/slökkt-takkann.

## Svæði stækkað og hliðrað yfir skjáinn

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Hreyfingar til að stækka.
- 2 Pikkaðu á svæði þrisvar sinnum og haltu svo og dragðu fingurinn yfir skjáinn.

## Stór texti

Þú getur virkjað valkostinn fyrir stóran texta til að stækka sjálfgefna stærð textans sem birtist í tæki þínu.

## Stór texti virkjaður eða afvirkjaður

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á **Stillingar** > **Aðgengi**.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Stór texti.

# Litaleiðrétting

Stillingin fyrir litaleiðréttingu stillir hvernig litir birtast á skjánum fyrir notendur sem eru litblindir eða eiga í erfiðleikum með að gera greinarmun á milli lita.

## Litaleiðrétting virkjuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Aðgengi > Litrófsleiðrétting.
- 3 Pikkaðu á kveikt/slökkt-takkann.
- 4 Pikkaðu á Leiðréttingastilling og veldu svo viðeigandi litanæmi.
- Litaleiðrétting er sem stendur tilraunaeiginleiki og getur haft áhrif á afköst tækis.

## Simple Home skjámynd

Skjámyndin Simple Home er annar heimaskjár sem birtist mest notuðu forritin þín og hefur að geyma hraðval svo að hægt er að hringja í skyndi í tiltekna tengiliði. Hún hefur einnig að geyma stærri leturgerð fyrir foruppsett forrit eins og Tengiliði, Skilaboð og Dagbók.

## Simple Home skjámynd virkjuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Heima > Einfaldur heimaskjár.
- 3 Fylgdu leiðbeiningum á skjánum og pikkaðu svo á Í lagi.

## Skipt yfir í staðlaðan heimaskjá

Á Heimaskjár pikkarðu á Stillingar > Fara úr Einföldum heimaskjá > Í lagi.

# Samhæfni við heyrnartæki

Valkosturinn fyrir samhæfni við heyrnartæki tryggir að hljóð úr tækinu virki með stöðluðum heyrnartækjum.

#### Kveikt eða slökkt á samhæfni heyrnartækisins

- 1 Á Heimaskjár, pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal > Almennt.
- 3 Dragðu sleðann til hliðar Hearing aids.

## TalkBack

TalkBack er skjálestrarþjónusta fyrir sjónskerta notendur. TalkBack notast við talmálsendurgjöf til að lýsa öllum atburðum eða aðgerðum sem fram fara í Android tækinu. TalkBack lýsir notandaviðmóti og les upp hugbúnaðarvillur, tilkynningar og skilaboð.

## TalkBack virkjað

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Aðgengi > TalkBack.
- 3 Pikkaðu á kveikt-slökkt rofann og pikkaðu svo á Í lagi.
- I Til að breyta kjörstillingum tals, ábendinga og snertinga, pikkaðu á Stillingar.
- TalkBack ræsir leiðbeiningarforrit um leið og eiginleikinn er virkjaður. Til að fara úr leiðbeiningarforritinu, pikkaðu á Loka hnappinn tvisvar.

#### Slökkt á TalkBack

- 1 Farðu í Heimaskjár og tvípikkaðu á 👜
- 2 Finndu og tvípikkaðu á Stillingar > Aðgengi > TalkBack.
- 3 Tvípikkaðu á kveikt-slökkt rofann og tvípikkaðu svo á Í lagi.

# TTY (búnaður fyrir heyrnarskerta)

TTY á tæki þínu gerir heyrnarlausum, heyrnardaufum og þeim sem eiga við tal- eða tungumálaörðugleika að stríða að hafa samskipti með TTY tæki eða endurvarpsþjónustu.

## Kveikt á TTY stillingu

- 1 Á Heimaskjár, pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal > Almennt> TTY stilling
- 3 Veldu viðeigandi TTY stillingu.

## Hægtal

Hægtalsvirknin hægir á tali hins aðilans þegar þú ert að tala í símann.

## Kveikt eða slökkt á hægtali

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Símtal > Almennt.
- 3 Dragðu sleðann við hliðina á Hægt tal í kveikt eða slökkt stöðuna.

# Notendaþjónusta og viðhald

# Stuðningur fyrir tækið þitt

Notaðu stuðningsforritið í tækinu þínu til að leita í notandahandbók, lesa í upplýsingum um úrræðaleit og finna upplýsingar um uppfærslu hugbúnaðars og aðrar vörutengdar upplýsingar.

## Stuðningsforritið opnað

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á 🚎 og veldu svo viðeigandi atriði.
- Við mælum með því að tengjast netinu þegar stuðningsforritið er notað til að fá sem bestan stuðning.

## Hjálp í valmyndum og forritum

Sum forrit og stillingar hafa hjálp í boði í valkostsvalmyndinni, sem vanalega er sýnd með í tilgreindum forritum.

## Hjálpaðu okkur að bæta hugbúnaðinn okkar

Þú getur kveikt á sendingu notkunarupplýsinga úr tækinu þínu þannig að Sony Mobile geti tekið við nafnlausum villuboðum og tölfræði sem hjálpar okkur að bæta hugbúnaðinn okkar. Engar af þessum upplýsingum innihalda persónuleg gögn.

## Sending notkunarupplýsinga heimiluð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Stillingar notkunarupplýsinga.
- 3 Merktu gátreitinn Senda notkunarupplýs. ef hann er ekki merktur.
- 4 Pikkaðu á Samþykkja.

# Tölvuverkfæri

Ýmis tól eru í boði sem hjálpa þér að tengja tækið við tölvu og hafa umsjón með efni á borð við tengiliði, kvikmyndir, tónlist og myndir.

## Xperia™ Companion

Xperia<sup>™</sup> Companion er tölvuforrit með safn af verkfærum og forritum sem þú getur notað þegar þú tengir tækið þitt við tölvu. Með Xperia<sup>™</sup> Companion getur þú:

- Uppfært eða gert við hugbúnað tækinsins.
- Flutt efni úr tækinu þínu með Xperia™ Transfer.
- Tekið öryggisafrit og endurheimt efni í tölvunni.
- Samstilla margmiðlunarefni myndavélarefni, tónlist og lagalista á milli tækisins og tölvu.
- Skoða skrár í tækinu.

Til að nota Xperia<sup>™</sup> Companion þarftu nettengda tölvu sem keyrir eitthvert af eftirfarandi stýrikerfum:

- Microsoft<sup>®</sup> Windows<sup>®</sup> 7 eða nýrri
- Mac OS<sup>®</sup> X 10.8 eða nýrri

Þú getur líka sótt Xperia™ Companion á http://support.sonymobile.com/global-en/tools/ xperia-companion.

## Media Go<sup>™</sup> fyrir Microsoft<sup>®</sup>Windows<sup>®</sup>

Media Go<sup>™</sup> forritið fyrir Windows<sup>®</sup> tölvur hjálpa þér að flytja myndir, myndskeið og tónlist milli tækisins og tölvunnar þinnar. Hægt er að lesa meira um Media Go<sup>™</sup> forritið á http:// mediago.sony.com/enu/features. Til að nota Media Go<sup>™</sup> forritið þarftu eitt af eftirfarandi stýrikerfum:

- Microsoft<sup>®</sup> Windows<sup>®</sup> 10
- Microsoft<sup>®</sup> Windows<sup>®</sup> 8 / 8.1
- Microsoft<sup>®</sup> Windows<sup>®</sup> 7
- Microsoft<sup>®</sup> Windows Vista<sup>®</sup>

# Tækið uppfært

Þú skalt uppfæra hugbúnað tækisins til að fá nýjustu eiginleikana, viðbætur og lagfæringar og tryggja hámarksafköst. Þegar hugbúnaðaruppfærsla er í boði birtist 🛛 á stöðustikunni. Þú getur einnig athugað hvort það séu nýjar uppfærslur.

Einfaldasta leiðin til að setja upp hugbúnaðaruppfærslu er að gera það þráðlaust úr tækinu. Sumar uppfærslur eru þó ekki í boði til niðurhals um þráðlausa tengingu. Þú þarft þá að nota Xperia<sup>™</sup> Companion forritið í tölvu eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvu til að uppfæra tækið þitt.

Frekari upplýsingar um uppfærslur hugbúnaðar er að finna á *www.sonymobile.com/update*.

Ófullnægjandi geymslurými getur komið í veg uppfærslur. Tryggðu að þú hafa nægilegt geymslurými áður en þú reynir að uppfæra.

## Til að athuga eftir nýjum hugbúnaði

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Hugbúnaðaruppfærsla.
- Ef enginn nýr hugbúnaður er í boði er mögulegt að þú hafir ekki nóg af minni á tækinu þínu. Ef Xperia™ tækið hefur minna en 500 MB af lausu innra minni (minnið í tækinu) í boði, færðu ekki neinar upplýsingar um nýjan hugbúnað. Eftirfarandi tilkynning birtist á tilkynningasvæðinu til að vara við vöntun á geymslurými: Geymslurými er búið. Sumir kerfisvalkostir virka ekki. Ef þú færð þessa tilkynningu verður þú að losa innra minni (minni tækisins) áður en þú getur fengið tilkynningar um nýjan hugbúnað sem eru í boði.

## Til að sækja og setja upp kerfisuppfærslu

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Hugbúnaðaruppfærsla.
- 3 Ef kerfisuppfærslur eru í boði pikkarðu á Sækja til að sækja það í tækið þitt.
- 4 Þegar niðurhali er lokið pikkarðu á Setja upp og fylgdu skjáleiðbeiningunum til að ljúka við uppsetninguna.

## Kerfisuppfærsla sótt og sett upp á tilkynningaskjánum

- 1 Dragðu stöðustikuna niður á við til að opna tilkynningaskjáinn.
- 2 Flettu niður og veldu viðeigandi kerfisuppfærslu, pikkaðu síðan á Sækja.
- 3 Þegar niðurhalinu lýkur opnarðu tilkynningaskjáinn aftur, sé hann lokaður, pikkar á Setja upp og fylgir leiðbeiningunum til að ljúka uppsetningunni.

## Uppfærðu tækið þitt með tölvunni

Hægt er að sækja og setja upp hugbúnaðaruppfærslur á tækið með því að nota tölvu með Internet tengingu. Þú þarft USB-snúru og tölvu eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvu sem keyrir Xperia™ Companion hugbúnað.

 Ef þú ert ekki með Xperia™ Companion hugbúnað setja upp í viðkomandi tölvu, tengdu tækið við tölvu með USB-snúru og fylgdu skjáleiðbeiningunum um uppsetningu.

#### Til að uppfæra tækið með tölvu

- 1 Gakktu úr skugga um að Xperia<sup>™</sup> Companion forritið sé sett upp í tölvunni eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvunni.
- 2 Tengdu tækið við tölvuna með USB-snúrunni.
- 3 Tölva: Keyrðu Xperia™ Companion hugbúnaðinn. Eftir nokkrar mínútur, nemur tölvan tækið þitt og leitar að nýjum hugbúnaði.
- 4 **Tölva**: Ef nýr hugbúnaður fyrir símann finnst birtist sprettigluggi. Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum til að setja inn viðeigandi uppfærslur.
- Pegar þú tengir tækið við tölvuna í gegnum USB-snúru, er beðið um að setja upp hugbúnað, eða hætta, nema þú hefur áður valið Ekki sýna aftur.

# Týnt tæki fundið



Ef þú ert með Google™ reikning getur "Protection by my Xperia" netþjónustan hjálpað þér að finna og tryggja tækið ef þú glatar því. Ef þú hefur kveikt á þessari þjónustu í tækinu geturðu:

- Staðsett tækið þitt á korti.
- Látið áminningartón hljóma jafnvel þó á tækið sé stillt á að trufla ekki.
- Fjarlæst tækinu og birt tengiliðaupplýsingar á skjánum fyrir þann sem finnur tækið.
- Fjareytt öllu úr innri og ytri minnisgeymslu tækisins þegar allt annað hefur verið reynt.
- Protection by my Xperia" þjónustan er e.t.v. ekki í boði í öllum löndum/svæðum.

## Protection by my Xperia þjónustan virkjuð á tækinu þínu

- 1 Gakktu úr skugga um að þú sért með virka gagnatengingu.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggi > Vernd með my Xperia > Virkja.
- 4 Merktu við gátreitinn til að samþykkja ákvæði og skilmála þess að nota Protection by my Xperia þjónustuna og pikkaðu svo á Samþykkja.
- 5 Ef þú ert beðin(n) um það skaltu skrá þig inn á Google™ reikninginn þinn, eða stofna nýjan ef þú átt ekki reikning fyrir.
- 6 Gerðu staðsetningarþjónustur virkar í tækinu ef þær eru það ekki fyrir.
- Til að staðfesta að Protection by my Xperia þjónustan finni tækið eftir að þú virkjar þjónustuna ferðu á myxperia.sonymobile.com og skráir þig inn með sama Google™ reikningi og er uppsettur á tækinu.

## Auðkennisnúmer tækisins fundið

Tækið er með sitt eigið auðkennisnúmer. Númer tækisins nefnist IMEI (International Mobile Equipment Identity). Þú ættir að geyma afrit af þessu númeri. Þú gætir t.d. þurft það þegar þú skráir tækið til að nota Xperia™ Care þjónustuna. Ef tækinu er stolið geta sum símafyrirtæki líka notað IMEI-númerið svo tækið fái ekki aðgang að símkerfinu í heimalandi þínu.

1 tækjum með tvö SIM kort eru tvö IMEI-númer, eitt fyrir hvora SIM kortarauf.

## IMEI-númer skoðað á merkjabakkanum



- 1 Losaðu hlífina yfir minniskortsraufinni.
- 2 ISettu oddinn á bréfaklemmu (eða svipuðum hlut, með löngum, mjóum oddi) í holuna á merkjabakkanum og dragðu bakkann út.IMEI-númerin sést/sjást á bakkanum.
- Til að sjá IMEI-númeringeturðu líka opnað númeravalið í símanum og slegið inn \*#06#.

## IMEI-númer skoðað/uð í gegnum stillingar tækisins

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Staða.
- 3 Veldu SIM-kortið og flettu að IMEI til að skoða IMEI-númerið.

# Minni og geymsla

Tækið er með nokkrar gerðir af minni og geymsluvalkostum.

- Innri geymslan er u.þ.b. 5.1 GB og er notuð til að geyma sótt eða flutt efni ásamt persónulegum stillingum og gögnum. Sem dæmi um gögn í innri geymslu má nefna stillingar vekjara, hljóðstyrks og tungumála, tölvuskeyti, bókamerki, dagbókarviðburði, myndir, myndskeið og tónlist.
- Hægt er að nota fjarlægjanlegt minniskort sem er allt að 32 GB til að fá meira geymslupláss. Hægt er að færa efnisskrár og sum forrit (ásamt gögnunum sem þeim fylgja) í slíka geymslu til að losa um innra geymslupláss. Sum forrit, t.d. myndavélarforritið, geta vistað gögn beint á minniskort.
- Vinnsluminnið (RAM) er u.þ.b. 1 GB og ekki er hægt að nota það til geymslu.
  Vinnsluminni er notað til að meðhöndla forrit sem verið er að keyra, sem og stýrikerfið.
- Hugsanlega þarftu að kaupa minniskort sérstaklega.
- Þú getur lesið meira um minnið í Android-tækjum með því að sækja skjalið um tækið þitt á www.sonymobile.com/support.

## Afköst minnisins bætt

Minni tækisins á það til að fyllast við venjulega notkun. Ef tækið fer að hægja á sér eða forrit lokast skyndilega skaltu hafa eftirfarandi í huga:

- Það þarf alltaf að hafa meira en 100 MB af lausu plássi á innri geymslu og meira en 100 MB af vinnsluminni.
- Lokaðu forritum sem þú ert ekki að nota.
- Hreinsaðu skyndiminni fyrir öll forrit.
- Fjarlægðu sótt forrit sem þú notar ekki.
- Færðu forrit yfir í minniskortið ef innri geymslan er full.
- Flyttu myndir, myndskeið og tónlist úr innra minni yfir á minniskortið.
- Ef tækið getur ekki lesið efni á minniskortinu gætirðu þurft að forsníða kortið. Athugaðu að öllu efninu á minniskortinu verður eytt þegar þú forsníður það.

## Staða minnis skoðuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌚 .
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Geymsla.

## Laust og notað innra minni skoðað

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit > Í keyrslu.

#### Skyndiminni hreinsað fyrir öll forrit

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Geymsla.
- 3 Pikkaðu á Gögn í skyndiminni > Í lagi.
- Pegar skyndiminnið er hreinsað glatast engar mikilvægar upplýsingar eða stillingar.

#### Efnisskrár fluttar á minniskortið

- 1 Gakktu úr skugga um að minniskort sé í tækinu.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Geymsla > Flytja gögn á SD-kort.
- 4 Merktu við skrátegundirnar sem þú vilt flytja yfir á minniskortið.
- 5 Pikkaðu á **Flytja**.

## Forrit færð á minniskortið

- 1 Gakktu úr skugga um að það sé minniskort í tækinu.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🎃
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit .
- 4 Strjúktu yfir að Á SD-korti flipanum. Listi birtist sem sýnir forritin sem hægt er að færa.
- 5 Veldu forritið sem þú vilt flytja og pikkaðu á FÆRA Á SD-KORT. Eftir að forritið hefur verið fært birtist gátreitur sem hakað hefur verið í við hliðina á forritinu.

#### Forrit stöðvuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit > Í keyrslu.
- 3 Veldu forrit eða þjónustu og pikkaðu á STÖÐVA.

## Minniskortið forsniðið

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Geymsla > Eyða SD-korti.
- 3 Til að staðfesta pikkarðu á Eyða SD-korti > Eyða öllu.
- Öllu efninu á minniskortinu verður eytt þegar þú forsníður það. Gættu þess að þú eigir öryggisafrit af öllum gögnum sem þú vilt vista áður en minniskortið er forsniðið. Til að búa til öryggisafrit af efninu getur þú afritað það yfir á tölvu. Frekari upplýsingar má nálgast í Umsjón með skrám með tölvu á bls. 127.

## Umsjón með skrám með tölvu

Notaðu USB-snúrutengingu milli Windows<sup>®</sup> tölvu og tækisins til að flytja og vinna með skrár. Þegar tækin tvö eru tengd geturðu dregið og sleppt efninu milli tækisins og tölvunnar eða milli innri tækjageymslu og SD-kortsins með því að nota skráaskoðun tölvunnar.

Ef þú hefur tölvu eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvu getur þú notað Xperia™ Companion til að fá aðgang að skráakerfi á tækinu þínu.

## USB-tengistillingar

Þú getur valið á milli tveggja USB-stillinga:

Skráarflutningur (MTP)	Notaðu MTP fyrir umsýslu með skrár, uppfærsluhugbúnað og tengingar um WLAN. Þessi USB-stilling er notuð á Microsoft <sup>®</sup> Windows <sup>®</sup> tölvum. MTP er sjálfgefið.
Gagnageymslustilling (MSC)	Notaðu MSC fyrir umsýslu með skrár á MAC OS <sup>®</sup> og Linux tölvum sem ekki styðja við MTP.

## USB-tengiaðferð breytt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > USBtengimöguleikar > USB-tengistilling.
- 3 Pikkaðu á Skráarflutningur (MTP) eða Gagnageymslustilling (MSC).
- 4 Pikkaðu á Í lagi.

# Skrár fluttar með efnisflutningsstillingu um Wi-Fi<sup>®</sup> net

Hægt er að flytja skrár á milli tækisins og annarra MTP-samhæfra tækja, eins og tölvu, með Wi-Fi<sup>®</sup> tengingu. Áður en tengst er þarf að para tækin tvö. Ef flytja á tónlist, myndskeið, myndir eða aðrar efnisskrár milli tækisins og tölvu er best að nota forritið Media Go™ á tölvunni. Media Go™ umritar efnisskrár þannig að þú getur notað þær í tækinu.

Til að hægt sé að nota þennan eiginleika þarf tæki með Wi-Fi<sup>®</sup> virkni sem styður efnisflutning, til dæmis tölvu sem keyrir Microsoft<sup>®</sup> Windows Vista<sup>®</sup> eða Windows<sup>®</sup> 7.

## Tækið búið undir þráðlausa notkun með tölvu

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á efnisflutningi í tækinu. Venjulega er sjálfkrafa kveikt á honum.
- <sup>2</sup> Gakktu úr skugg um að kveikt sé á Wi-Fi<sup>®</sup> eiginleikanum.
- 3 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 4 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > USBtengimöguleikar.
- 5 Pikkaðu á **Para við tölvu** og svo á **Næsta**.
- 6 Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum til að ljúka uppsetningunni.

## Þráðlausri tengingu við parað tæki komið á

- 1 Gakktu úr skugga um að kveikt sé á efnisflutningi í tækinu. Venjulega er sjálfkrafa kveikt á honum.
- <sup>2</sup> Gakktu úr skugga um að kveikt sé á Wi-Fi<sup>®</sup> eiginleikanum.
- 3 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 4 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > USBtengimöguleikar.
- 5 Veldu paraða tækið sem þú vilt tengjast og pikkaðu svo á Tengjast.

## Parað tæki aftengt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > USBtengimöguleikar.
- 3 Veldu paraða tækið sem þú vilt aftengja.
- 4 Pikkaðu á Aftengja.

#### Pörun við annað tæki stöðvuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Xperia™ tengimöguleikar > USBtengimöguleikar.
- 3 Veldu paraða tækið sem þú vilt fjarlægja.
- 4 Pikkaðu á Hætta pörun.

## Búa til öryggisafrit og endurheimta efni

Almennt ættir þú ekki að vista myndir, myndskeið og önnur persónuleg efni aðeins á innra minni tækisins. Ef eitthvað gerist með vélbúnaðinn eða ef tækið þitt týnist eða er stolið eru gögn sem eru vistuð á innra minninu glatað að eilífu. Það er mælt með að nota Xperia<sup>™</sup> Companion forritið til að gera öryggisafrit sem vista gögnin þín á öruggan hátt á tölvunni, það er, ytra tæki. Sérstaklega er mælt með þessari aðferð ef þú uppfærir hugbúnað tækisins í nýrri útgáfu af Android. Að nota forritið öryggisafrit og endurheimta efni, getur þú gert flýti öryggisafrit á netinu af helstu stillingum og gögnum með Google™ reikningnum þínum. Þú getur líka notað þetta forrit til að taka öryggisafrit á staðnum, t.d., á SD-kortið í tækinu eða utanáliggjandi USB-geymslutæki.

Það er mikilvægt að þú leggir lykilorðið á minnið sem þú velur þegar þú tekur öryggisafrit af gögnunum. Ef þú gleymir þessu lykilorði er ekki víst að hægt sé að endurheimta mikilvæg gögn, t.d. tengiliði og skilaboð.

# Öryggisafrit búið til á tölvu

Notaðu Xperia<sup>™</sup> Companion hugbúnaðinn til að taka öryggisafrit af gögnum úr tækinu yfir í tölvu eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvu. Þessi öryggisafritaforrit leyfa þér að búa til öryggisafrit af eftirfarandi tegundum gagna:

- Tengiliðir og hringingar
- Skeyti
- Dagbók
- Stillingar
- Fjölmiðlaskrár eins og tónlist og myndbönd
- Ljósmyndir og myndir

## Öryggisafrit búin til af gögnum með tölvu

- 1 Gakktu úr skugga um að Xperia<sup>™</sup> Companion forritið sé sett upp í tölvunni eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvunni.
- 2 Tengdu tækið við tölvu með USB-snúru.
- 3 Tölva: Opnaðu Xperia™ Companion hugbúnaðinn. Eftir smá stund finnur tölvan tækið þitt.
- 4 Veldu Öryggisafrit á aðalskjánum.
- 5 Fylgdu skjáleiðbeiningunum til að búa til öryggisafrit af gögnum í tækinu þínu.

## Til að endurheimta gögnin þín með tölvu

- 1 Gakktu úr skugga um að Xperia<sup>™</sup> Companion forritið sé sett upp í tölvunni eða Apple<sup>®</sup> Mac<sup>®</sup> tölvunni.
- 2 Tengdu tækið við tölvu með USB-snúru.
- 3 Tölva: Opnaðu Xperia™ Companion hugbúnaðinn.
- 4 Smelltu á Endurheimta.
- 5 Veldu öryggisafritaskrá frá öryggisafritaskrám pikkaðu síðan á Endurheimta og fylgdu skjáleiðbeiningum til að endurheimta gögn á tækið þitt.

# Öryggisafrit af gögnum tekið með öryggisafrita- og endurheimtingarforriti

Með því að nota öryggisafrita- og endurheimtingarforritið geturðu tekið öryggisafrit af gögnum handvirkt eða kveikt á sjálfvirkri öryggisafritun til að vista gögn reglulega.

Mælt er með því að tekið sé öryggisafrit af gögnum með öryggisafrita- og endurheimtingarforritinu áður en tækið er grunnstillt. Með forritinu er hægt að taka öryggisafrit af eftirfarandi tegundum gagna á SD-kort eða á ytra USB-geymslutæki sem tengt er við tækið með snúru:

- Tengiliðir
- Samtöl
- Dagbókargögn
- Símtalaskrá
- Bókamerki

## Öryggisafrit af efni tekið með með öryggisafrita- og endurheimtingarforriti

- 1 Ef þú ert að taka öryggisafrit af efni til að geyma í USB-geymslu þarf að tryggja að geymslan sé tengd við tækið með viðeigandi snúru. Ef þú ert að taka öryggisafrit á SD-kort þarftu að tryggja að SD-kortið sé rétt sett í tækið.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 3 Finndu og pikkaðu á Öryggisafrit og endurheimt.
- 4 Pikkaðu á Afrita og veldu svo áfangastað og tegund gagna sem þú vilt taka öryggisafrit af.
- 5 Pikkaðu á Gera öryggisafrit núna.
- 6 Sláðu inn lykilorðið fyrir afritið og pikkaðu síðan á Í lagi.

Efni endurheimt með öryggisafrita- og endurheimtingarforriti

- 1 Ef þú ert að endurheimta efni úr USB-geymslu þarf að tryggja að geymslan sé tengd við tækið með viðeigandi snúru. Ef þú ert að endurheimta efni af SD-korti þarftu að tryggja að SD-kortið sé rétt sett í tækið.
- 2 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 3 Finndu og pikkaðu á Öryggisafrit og endurheimt.
- 4 Pikkaðu á Endurheimta
- 5 Veldu skrána sem þú vilt endurheimta og pikkaðu svo á Endurheimta núna.
- 6 Sláðu inn lykilorðið fyrir afritaskrána og pikkaðu svo á Í lagi.
- Mundu að öllum breytingum sem þú gerir á gögnum og stillingum eftir að þú býrð til öryggisafrit verðura eytt meðan á endurheimtingarferlinu stendur.

# Greiningarpróf keyrð í tækinu

Forritið Xperia<sup>™</sup> Diagnostics getur prófað tilteknar aðgerðir eða gert alhliða greiningarpróf til að gá hvort Xperia<sup>™</sup> tækið virkar sem skyldi.

Xperia<sup>™</sup> Diagnostics getur:

- Metið hugsanleg vél- eða hugbúnaðarvandamál í Xperia™ tækinu.
- Greint frammistöðu forrita í tækinu.
- Tekið saman fjölda slitinna símtala síðustu 10 daga.
- Borið kennsl á uppsettan hugbúnað og veitt gagnlegar upplýsingar um tækið.
- Forritið Xperia™ Diagnostics fylgir flestum Android™ tækjum frá Sony. Ef valkosturinn Diagnostics býðst ekki í Stillingar > Um símann er hægt að sækja létta útgáfu með Play Store™ forritinu.

## Sérstakt greiningarpróf keyrt

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 📾.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Greiningar > Prófa .
- 3 Veldu próf af listanum.
- 4 Fylgdu leiðbeiningunum og pikkaðu á Já eða Nei til að staðfesta að eiginleikinn virki.

## Öll greiningarpróf keyrð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Greiningar > Prófa > Keyra allt.
- 3 Fylgdu leiðbeiningunum og pikkaðu á Já eða Nei til að staðfesta að eiginleikinn virki.

## Upplýsingar um tækið skoðaðar

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Um símann > Greiningar > Staðreyndir.

# Endurstilling forrita

Þú getur endurstillt forrit eða hreinsað gögn þess ef forrit hættir að virka eða er að valda tækinu vandamálum.

## Kjörstillingar forrits endurstilltar

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🌐
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit.
- 3 Pikkaðu á og svo á Endurstilla stillingar forrits.
- Endurstilling kjörstillinga forrits eyðir ekki neinum gögnum forrits úr tæki þínu.

#### Gögn forrits hreinsuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 🕮
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit og strjúktu svo yfir á Öll flipann.
- 3 Veldu forrit eða þjónustu og pikkaðu á HREINSA GÖGN.
- Pegar þú hreinsar gögn forrits er gögnum fyrir valið forrit eytt úr tækinu til frambúðar.
- Valkosturinn að hreinsa gögn forrits er ekki tiltækur fyrir öll forrit eða þjónustu.

#### Skyndiminni forrits hreinsað

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit og strjúktu svo yfir á Öll flipann.
- 3 Veldu forrit eða þjónustu og pikkaðu á TÆMA SKYNDIMINNI.
- Valkosturinn að hreinsa skyndiminni forrits er ekki tiltækur fyrir öll forrit eða þjónustu.

## Sjálfgefin stilling forrits hreinsuð

- 1 Á Heimaskjár pikkarðu á 👜.
- 2 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Forrit og strjúktu svo yfir á Öll flipann.
- 3 Veldu forrit eða þjónustu og pikkaðu á HREINSA SJÁLFGEFIÐ.
- Valkosturinn að hreinsa sjálfgefna stillingu forrits er ekki tiltækur fyrir öll forrit eða þjónustu.

## Endurræsing og endurstilling tækisins

Hægt er að þvinga tækið til að endurræsast eða slökkva á sér ef það verður óvirkt eða endurræsist ekki eðlilega. Engar stillingar eða persónuleg gögn munu eyðast.

Þú getur endurstillt tækið þitt í upprunalegar stillingar. Þessi aðgerð er stundum nauðsynleg ef tækið hættir að virka eðlilega, en athugaðu að ef þú vilt halda einhverjum mikilvægum gögnum verðurðu fyrst að taka öryggisafrit af þeim á minniskort eða annars konar ytra minni. Nánari upplýsingar *Búa til öryggisafrit og endurheimta efni* á bls. 128.

Ef ekki tekst að ræsa tækið eða þú vilt núllstilla hugbúnað tækisins getur þú notað Xperia™ Companion til að gera við tækið. Frekari upplýsingar um hvernig eigi að nota Xperia™ Companion eru á *Tölvuverkfæri*.

Verið getur að tækið geti ekki endurræst ef hleðsla rafhlöðunnar er lítil. Tengdu tækið við hleðslutæki og reyndu aftur að endurræsa.

#### Tækið þvingað til að endurræsa sig

- 1 Ýttu á og haltu inni rofanum ().
- 2 Í valmyndinni sem opnast pikkarðu á **Endurræsing**. Tækið endurræsist sjálfkrafa.

## Tækið þvingað til slökkva á sér



- 1 Fjarlægðu lokið fyrir SIM- og minniskort.
- 2 Ýttu á og haltu niðri OFF-takkanum með því að nota pennaodd eða álíka hlut þar til tækið slekkur á sér.
- Ekki nota of hvassa hluti sem gætu skemmt OFF-takkann.

## Skipta í sjálfgefnar stillingar

- Til að komast hjá varanlegu tjóni á tækinu skaltu ekki endurræsa það á meðan núllstilling stendur yfir.
- 1 Áður en þú byrjar skaltu taka afrit af öllum mikilvægum gögnum sem vistuð eru í innra minni tækisins á minniskort eða annars konar ytra minni.
- 2 Í Heimaskjár, pikkarðu á 🌐.
- 3 Finndu og pikkaðu á Stillingar > Öryggisafrit og núllstilling > Núllstilla símann.
- 4 Til að eyða upplýsingum, eins og myndum og tónlist úr innri geymslu merkirðu við Eyða innri geymslu gátreitinn.
- 5 Pikkaðu á Núllstilla síma.
- 6 Teiknaðu opnunarmynstur skjásins, eða sláðu inn opnunarlykilorð skjásins eða PIN ef þörf krefur til að halda áfram.
- 7 Til að staðfesta pikkarðu á Eyða öllu.
- Tækið þitt skiptir ekki í nýrri hugbúnað Android™ þegar þú skiptir í sjálfgefnar stillingar.
- Ef þú gleymir lykilorði, PIN eða mynstri til að opna skjáinn, geturðu notað viðgerðareiginleika tækisins í Xperia<sup>™</sup> Companion forritinu til að eyða út þessu öryggislagi. Þú þarft að gefa innskráningu í Google reikninginn til að framkvæma þessa aðgerð. Með því að velja viðgerðareiginleikann enduruppseturðu hugbúnað fyrir tækið og gætir tapað persónulegum gögnum um leið.

## Til að gera við hugbúnað tækisins með Xperia™ Companion

- Í Áður en hugbúnaðarviðgerð er framkvæmd þarftu að ganga úr skugga um að þú veist Google™ skilrýkin. Það fer eftir öryggisstillingum hvort þú þurfir að slá þá inn í því skyni að ræsa tækið upp eftir hugbúnaðarviðgerðina.
- <sup>1</sup> Tryggðu að Xperia Companion er settur upp á tölvunni eða Mac<sup>®</sup>.
- 2 Opnaðu Xperia™ Companion hugbúnaðinn í tölvunni og ýttu á Software repair á aðal skjánum.
- 3 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast á skjánum til að setja upp hugbúnaðinn og ljúktu við viðgerðina.

# Endurnýtin tækisins

Hefurðu gamalt tæki liggjandi heima? Af hverju að endurnýta það? Með því að gera það hjálpar þú okkur með að endurnýta efni þess og hluti og þú munt vernda umhverfið líka! Frekari upplýsingar um endurnýtingarvalkosti á þínu svæði er að finna á *www.sonymobile.com/recycle.* 

## Takmarkanir á þjónustum og eiginleikum

Sumar þjónustur og eiginleikar sem lýst er í þessari Notandahandbók eru ekki studdir í öllum löndum eða af öllum símkerfum og/eða þjónustuveitum á öllum svæðum. Án þess að um neinar takmarkanir sé að ræða, gildir þetta einnig um alþjóðlega GSMneyðarnúmerið 112. Vinsamlegast hafðu samband við símafyrirtækið þitt eða þjónustuveituna til að fá upplýsingar um hvort tiltekin þjónusta eða aðgerð er í boði og hvort henni fylgi aukin aðgangs- eða notkunargjöld.

Sum forrit og eiginleikar sem lýst er í þessari handbók gætu verið háð nettengingu. Gagnateningargjöld kunna að verða innheimt þegar þú tengir tækið við internetið. Þjónustuveitan veitir frekari upplýsingar.

## Lagalegar upplýsingar

## Sony D2502

Þessi notendahandbók er gefin út af Sony Mobile Communications Inc. eða dótturfyrirtæki þess, án nokkurrar ábyrgðar. Sony Mobile Communications Inc. er heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að gera endurbætur og bergtingar á handbókinni sem nauðsynlegar kunna að vera vegna prentivilina, ónákvæmi núverandi upplýsinga eða endurbóta á forritum og/eða búnaði. Slikar breytingar verða þá gerðar á seinni útgáfum handbókarinnar. Myndir hafa það hlutverk að gefa notendum hugmynd um vöruna og ekki er vist að þær lýsi tækinu nákvæmlega. Öll vöru- og fyrirtækjaheiti sem nefnd eru hér eru vörumerki eða skráð vörumerki viðkomandi eiganda. Óll önnur vörumerki er eign viðkomandi eigenda. Allur réttur sem ekki er veittur skylaust í handbók þessari er áskilinn. Nánari upplýsingar er að finna á *www.sonymobile.com/us/legal/*.

bessi notendahandbók kann að vísa til þjónustu eða forrita sem þriðju aðilar veita. Notkun á slikum forritum eða þjónustu kann að krefjast sérstakrar skráningar hjá þriðja aðila og kann að vera háð sérstökum notkunarskilmálum. Vinsamlegast lestu fyrst notkunarskilmála og viðeigandi persónuverndarstefnu þeirra forrita sem eru fengin á eða í gegnum vefsiðu þriðja aðila. Sony ábyrgist ekki nákvæmni, samkvæmni eða gæði efnis eða þjónustu frá vefsvæði briðja aðila.

. Með tækinu er hægt að hlaða niður, vista og framsenda viðbótarefni, t.d. hringitóna. Notkun slíks efnis kann að vera Med tækinu ér nægt að navar vista og framsenda viobotareini, t.d. hringtindina. Notkun sinks eins kann að vera takmörkuð eða bönnuð með rétihndum þriðja aðila, þ.m.t. en ekki eingöngu vegna takmarkana samkvæmt ákvæðum höfundarréttar. Þú, en ekki Sony, berð alla ábyrgð á utanaðkomandi efni sem þú sækir eða framsendir úr fartækinu þinu. Áður en þú notar viðbótarefni skaltu ganga úr skugga um að ætluð not séu í samræmi við leyfisskilmala eða heimiluð með öðrum hætti. Sony ábyrgist ekki nákvæmni, samkvæmni eða gæði utanaðkomandi efnis eða annars efnis frá þriðja aðila. Undir engum kringumstæðum er Sony ábyrgt á nokkurn hátt vegna misnotkunar þinnar á utanaðkomandi efni eða efni frá þriðja aðila.

Nánari upplýsingar er að finna á www.sonymobile.com

Þessi vara er varin af tilteknum hugverkarétti Microsoft. Notkun eða dreifing á slíkri tækni utan vörunnar er óheimil án leyfis Microsoft.

Eigendur efnis nota WMDRM-tækni (Windows Media stafræna réttindatækni) til að verja hugverkarétt sinn, þ.m.t. höfundarrétt. Þetta tæki notar WMDRM-hugbúnað til að fá aðgang að WMDRM-vörðu efni. Ef WMDRMhugbúnaður getur ekki varið efni kunna eigendur þess að fara fram á að Microsoft afturkilli getu hugbúnaðarins til að nota WMDRM til að spila eða afrita varið efni. Afturköllun hefur ekki áhrif á óvarið efni. Þegar þú hleður niður leyfum fyrir varið efni samþykkir þú að Microsoft geti sent afturköllunarlista með leyfunum. Eigendur efnis kunna að bíðja um að WMDRM verði uppfært svo hægt sé að opna efni þeirra. Ef uppfærslu er hafnað getur verið að ekki sé hægt að opna efnið sem bíður um uppfærsluna.

hægt að opna etnið sem blóur um uppfærsluna. Þessi vara er skráð með MPEG-4 og AVC leyfum til einkanota, ekki í viðskiptalegum tilgangi, notanda til að (i) kóða myndefni í samræmi við MPEG-4-staðalinn ("MPEG-4 myndefni") eða AVC-staðalinn ("AVC-myndefni") og/eða (ii) afkóða MPEG-4 eða AVC myndefni sem hefur verið kóðað af notanda til einkanota, en ekki í viðskiptalegum tilgangi, og/eða fékkst hjá aðila með leyfi frá MPEG LA til að dreifa MPEG-4 og AVC myndefni. Ekkert leyfi er veitt eða undirskillö til neinnar annarrar notkunar. Viðbótarupplýsingar, þ.m.t. sem tengjast auglýsingum, notkun innanhúss og notkun í viðskiptaskyni og leyfisveitingu, er hægt að fá frá MPEG LA, L.L.C. Sjá *www.mpegla.com.* MPEG Layer-3 hljóðafkóðunartækni með leyfi frá Fraunhofer IIS and Thomson. SONY MOBILE ÁBYRGIST EKKERT TAP, EYÐINGU OG/EÐA YFIRRITUN Á PERSÓNULEGUM GÓGNUM EÐA

SKRÁM SEM GEYMD ERU Í SÍMANUM ÞÍNUM (ÞAR MEÐ TALIÐ EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ TENGILIÐI, TÓNLIST OG MYNDIR) VEGNA UPPFÆRSLNA Á TÆKINU ÞÍNU MEÐ AÐFERÐUM SEM LÝST ER Í ÞESSARI

NOTANDAHANDBÖK EÐA SKJALL UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM SKAL HEILDARBÖTAÁBVRGÐ SONY MOBILE EÐA SÖLUAÐILA ÞESS GAGNVART ÞÉR FYRIR HVERS KYNS TJÓN, TAP OG MÁLSÁSTÆÐUR (HVORT SEM ER Í SAMNINGI EÐA VANEFNDUM, ÞAR Á MEÐAL, EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, VANRÆKSLU EÐA ANNARS KONAR) VERÐA HÆRRI EN SÚ UPPHÆÐ SEM ÞÚ GREIDDIR FYRIR TÆKIÐ. © 2015 Sony Mobile Communications Inc

Allur réttur áskilinn.